

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason segir vinnuveitendur hafa storkað launþegum. 25



**MENNING** Borgarleikhúsið frumsýnir annað kvöld leikrit eftir Birgi Sigurðsson. 36



**LÍFIÐ** Birnir Jón Sigurðsson og Elmar Þórarinsson sigruðu á kvikmyndahátíð á Tahítí. 42



**SPORT** Allir vilja hrifsa Íslandsmeistarabikarinn af KR-ingum. 50

Til hvers að flækja hlutina?
SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!
365
365.is
Sími 1817

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur
19. mars 2015
66. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl–júní 2014

## FRÉTTIR



**Vill undanþágur burt** Framkvæmdastjóri Eykons Energy telur að hægt sé að afnema hér undanþágur frá gjaldeyrishöftum, ef allir sitja við sama borð. Leynd yfir undanþágum sé gagnrýniverð. 22

**Ber ekki saman** Sérstakur saksóknari segir að héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur misminni um samskipti þeirra og varðandi mögulegt vanhæfi annars dómara. 2

**Vindmyllustefna mörkuð** Útsendarar sex sveitarfélaga á Suðurlandi fara utan til að skoða vindmyllur. 4

**Íslensk lög banna framsal** Alfreð Clausen verður ekki framseldur til Bandaríkjanna. 8




24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | SA | 6 |
| Akureyri | 3° | SA | 9 |
| Egilsstaðir | 2° | SA | 11 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | A | 6 |
| Reykjavík | 5° | SSV | 5 |

**Hlýjast syðst** Í dag má búast við 10-15 m/s norðaustan til, annars hægari vindi. Væta í flestum landshlutum en léttir heldur til S- og V-til síðdegis. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Hellisheiðarvirkjun dalar í takt við spár

Spár um að afköst Hellisheiðarvirkjunar myndu falla um 5 til 6 megavött á ári hafa ræst. Heildarframleiðslu meðal annars er haldið uppi með því að fresta viðhaldi.

**ORKUMÁL** Framleiðslugeta orkuvinnslusvæðis Hellisheiðarvirkjunar fellur nákvæmlega á þeim hraða sem vísindamenn Orkuveitu Reykjavíkur gerðu ráð fyrir um mitt ár 2013.

Þetta staðfestir Páll Erland, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar (ON), dótturfyrirtækis OR sem virkjanir fyrirtækisins falla undir.

Undanfarnar vikur hefur virkjunin skilað 269 megavöttum (MW), en framleiðslugeta hennar er 303 MW að öllu eðlilegu. Í skriflegu svari ON til Fréttablaðsins kemur fram að heildarframleiðsla á Hellisheiði var árið 2012, fyrsta heila árið sem allar sjö aflvélar virkjunarinnar voru í notkun, rúmlega 2,49 milljónir megavattstunda (MWst). Sambærilegar tölur ársins 2013 og 2014 eru reyndar litlu lægri, eða 2,39 milljónir MWst. Þessar framleiðslutölur eru hærri en geta orkuvinnslusvæðis virkjunarinnar gefur tilefni til, en tæknilegar aðgerðir hafa spornað gegn framleiðsluminnkun, en t.d. hefur framleiðslu verið haldið uppi með því að fresta eða breyta viðhaldsáætlunum.

Sumpart var þetta gert til að svara kalli Landsnets sem fyrir vorleysingar í fyrra fór fram á að raforkuframleiðendur leituðust við að halda uppi sem mestri framleiðslu til þess að mæta viðvarandi vatnsskorti sem Landsvirkjun bjó þá við.

Þegar ljóst var sumarið 2013 að vinnslusvæðið stæði ekki undir væntingum fæddist sú hugmynd að tengja Hellisheiðarvirkjun með gufulögn við háhitasvæðið í Hverahlíð, þar sem OR áætlaði að byggja næstu stóru jarðhitavirkjun sína. Þetta verkefni er nú komið af stað og er stærsta einstaka verkefnið í fimm ára fjárfestingaáætlun ON. Mestur þungi framkvæmda er nú í ár; frágangi lagnarinnar mun ljúka 2016.

**269** megavöttum skilar Hellisheiðarvirkjun í dag, en uppsett afl er 303 megavött.

- shá / sjá síðu 10



**BLYSIN** Vera á Þjóðhátíð er sögð stórkostleg upplifun. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Eyjamenn hefji æfingar:

## Fyrstu sveitir Þjóðhátíðar

**SKEMMTUN** AmabAdamA og FM Belfast eru fyrstu sveitirnar sem upplýst er að komi fram á Þjóðhátíð í Eyjum í sumar.

„Þetta hefur legið aðeins í loftinu,“ segir Steinunn Jónsdóttir, söngkona AmabAdamA.

„Við ætlum ekkert að draga úr okkar boðskap. Það væri ákjósanlegast ef Eyjamenn æfðu sig að vera á FM Belfast-tónleikum fram að hátíðinni,“ segir Árni Vilhjálmsson úr FM Belfast.

- jóe / sjá síðu 54



**NÝTT KIRKJUSTÆÐI FYRIR KAPELLUNA** Álfakapellan Ófeigskirkja var flutt í tveimur hlutum sem vógu 50 og 37 tonn. Ragnhildur Jónsdóttir, sem rekur álfagarðinn í Hellisgerði, var viðstödd til að tryggja friðsöm samskipti álfa og manna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Grjót flutt úr vegstæðinu:

## Kapellan flutt í sátt við álfana

**UMHVERFISMÁL** Vegagerðin stóð í gríðarlegum framkvæmdum í gær við að flytja grjót, sem margir telja vera álfakapellu, úr vegstæðinu í Gálgahrauni þar sem nýr Álftanesvegur mun liggja.



**G. PÉTUR MATTHÍASSON**

„Þessi steinn var mjög áberandi í veglínunni og margir sem þekkja þarna til telja þetta vera álfakapellu sem er kölluð Ófeigskirkja,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar. „Á svæðinu eru svipaðir hraundrangar þannig að það var ákveðið að flytja kapelluna til að mynda eina heild í hrauninu,“ segir hann. Að sögn G. Péturs gengu flutningarnir vel og fagmannlega fyrir sig.

- srs




Eyðsla ferðamanna hér er í fyrsta sinn yfir eyðslu Íslendinga í útlöndum:

# Óttast áhrif verkfalla á ferðafólk

**EFNAHAGSMÁL** Yfirvofandi verkföll hér á landi geta þegar stuðlað að afbókunum ferða hingað til lands, að mati Helgu Árnadóttur, framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Fyrri reynsla sýnir að afbókanir hrannast inn hjá ferðaþjónustufyrirtækjum áður en til verkfalla kemur.

„Ferðamenn eru fljótir að afbóka ferðir þegar óvissuástand skapast,“ segir hún.

Þá hefur SAF áhyggjur af áhrifum á ferðaþjónustufyrirtæki gangi eftir launakröfur sem haldið er uppi, svo sem af Starfsgreinasambandinu. „Nú þegar þykir landið frekar dýrt ferðaþjónustuland og því myndi slík hækkun launa veikja verulega samkeppnishæfi þess.“

**8,1 milljarður** króna var kortavelta erlendra ferðamanna í febrúarmánuði.

Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambandsins, bendir á að starfsfólk í ferðaþjónustu sé yfirleitt á lægstu launum.

Í nýrri umfjöllun Greiningar Íslandsbanka kemur fram að kortavelta útlendinga hér á landi hafi í síðasta mánuði í fyrsta sinn svo langt aftur sem tölur Seðlabankans ná farið fram úr eyðslu Íslendinga utan landsteinanna.

Kortavelta útlendinga í febrúar nam alls 8,1 milljarði króna samanborið við 6,0 milljarða á sama tíma í fyrra.

- sa, ngy / sjá síðu 6



**Í HVALFIRÐI** Á þriðjudagskvöld er slegið á að milli 4 og 5 þúsund ferðamenn hafi farið í norðurljósaferð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## SPURNING DAGSINS



Hörður, finnið þið fyrir meðbyr?

**Já, vindurinn er greinilega að sækja í sig veðrið.**

Hörður Guðmundsson, forstjóri Landsvirkjunar, er ánægður með vindmyllur Landsvirkjunar á Hafinu svokallaða fyrir ofan Búrfell sem skila nýtingu sem er langt yfir heimsmeðaltali.

Fyrrverandi ráðuneytisstjóri segir fólk vera svo vant fjórfrelsinu að það gleymi hagsmunagæslunni:

# Agaleysi teflir EES-samningnum í tvísýnu

**STJÓRNMÁL** Starfsmannaleysi, fjársvelti og agaleysi gerir EES-samninginn munaðarlausan að mati Sverris Hauks Gunnlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu.

Þetta kom fram á málfundi í Háskóla Íslands um stöðu EES-samningsins í ljósi þess að stjórnvöld leggi mikla áherslu á að draga til baka aðildarviðræður að Evrópusambandinu og efla hagsmunagæslu gagnvart EES.

„Menn eru svo vanir fjórfrelsinu á Íslandi, það að geta keypt vörur, keypt þjónustu og geta farið til útlanda í vinnu, að þeir halda að þetta sé allt bara til staðar. Að það þurfi ekki að halda utan um hlutina," segir Sverrir í samtali við fréttastofu. „Það þarf að halda utan um hlutina því að við verðum að verja ákveðinn trúverðugleika okkar gagnvart bæði EFTA-ríkjunum tveimur en ekki síður gagnvart þessum 28 ríkjum ESB," segir hann.



SVERRIR H. GUNNLAUGSSON



BJARNI BENEDIKTSSON

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að búið sé að greina innleiðingarhallann og hann felist í því magni reglugerða sem þarf að gefa út. „Ráðuneytin ráða ekki við það flóð af reglugerðum sem til þeirra streyma og gefa út reglugerðir til að uppfæra stöðu okkar innan EES-samningsins," segir Bjarni. „Staða EES-samningsins að öðru leyti er ágæt. Það breytir því ekki að hann er skýr og allir aðilar sem að honum standa hafa framfylgt honum,"

Íslendingum hefur verið stefnt tuttugu og tvisvar sinnum fyrir samningsbrot frá árinu 2012 sem er met. - þká, srs



**ÓEIRÐIR** Lögreglubifreið brennur og lögregluþjónar bíða átekta í Frankfurt í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Fjöldamótmæli við opnun höfuðstöðva Seðlabanka ESB:

## Hundruð manna handtekin

**ÞÝSKALAND Hundruð manna voru handtekin í gær í Frankfurt fyrir utan nýjar höfuðstöðvar Seðlabanka Evrópusambandsins. Efnt var til mótmæla gegn aðhaldsaðgerðum og niðurskurði.**

**Tugir manna særðust í átökum við lögregluna. Kveikt var í bifreiðum og grjóti kastað. Lögreglan notaði meðal annars vatnsþrýstislöngur til að dreifa mannfjöldanum.**

**Dregist hefur árum saman að opna nýju höfuðstöðvarnar, en byggingþeirra er talin kosta um 1,3 milljarða evra eða ríflega 191 milljarð króna.** - gb

Stórt skref í sögu skólans:

## Útskrifa nema á þremur árum

**MENNTAMÁL** Verslunarskóli Íslands mun stíga stórt skref í 110 ára sögu sinni en skólinn mun byrja að útskrifa nemendur á þremur árum á nýju skólaári.

Skólinn hefur tekið upp nýja námskrá sem býður upp á brautskráningu á þremur árum en boðið verður upp á fjórar námsbrautir til stúdentsprófs; alþjóðabraut, lista- og nýsköpunarbraut, náttúrufræðibraut og viðskiptabraut.

Skólinn verður opinn tíundubekkingum og forráðamönnum til kynningar á náminu frá klukkan fimm til sjö síðdegis í dag. - srs

Þingmaður Framsóknar spyr:

## Vill vita hvar sónartæki eru

**ALÞINGI** Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknar í Suðurkjördæmi, hefur sent heilbrigðisráðherra fyrirspurn um hvar á landinu ómskoðunartæki séu til staðar og hvar þau séu í notkun.

Þá vill hún vita hvort ómskoðunartæki liggi einhvers staðar ónotuð og þá af hverju.

Fréttablaðið hefur greint frá því að verðandi foreldrum á Vestfjörðum verði ekki boðið upp á sónarskoðun á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða það sem eftir lifir ársins. Þar er tækjabúnaður til reiðu en þekking til að nota hann ekki. - sa

# Segir vegið gróflega að starfsheiðri sínum

Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari segir sérstakan saksóknara hafa vitað um ættartengsl Sverris Ólafssonar, meðdómara í Aurum-málinu, og Ólafs Ólafssonar, kennds við Samskip. Sérstakur saksóknari neitar því og segir Guðjón misminna.

**DÓMSMÁL** Guðjón St. Marteinsson, héraðsdómara og dómsformann, og Ólaf Þór Hauksson, sérstakan saksóknara, greinir á um það hvort sá síðarnefndi hafi vitað um ættartengsl eins meðdómara í Aurum-málinu svokallaða. Þetta kemur fram í gögnum sem lögð voru fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.





Guðjón segir rangt að sérstakur saksóknari hafi ekki vitað um ættartengsl meðdómarans, en haft var eftir Ólafi Þór í fjölmiðlum eftir að sýknudómur var kveðinn upp í Aurum-málinu, að hann hefði ekki haft upplýsingar um að Sverrir Ólafsson meðdómari og Ólafur Ólafsson fjárfestir, oft kenndur við Samskip, væru bræður.

Í viðtalinu sagði Ólafur Þór að hefði hann haft þær upplýsingar undir höndum, hefði hann gert athugasemdir við skipan Sverris í dóminn. Sérstakur saksóknari hefur áfrýjað sýknudómi í Aurum-málinu til Hæstaréttar og krefðst ómerkingar vegna vanhæfis meðdómarans.

Í grein sem Guðjón skrifaði kemur fram að þann 12. mars í þinghaldi hafi hann tilkynnt hverjir tækju sæti sem meðdómarar í málinu við aðalmeðferð málsins. Daginn eftir hafi sérstakur saksóknari hringt í sig og greint frá tengslum Sverris og Ólafs Ólafssonar. Símtalinu lauk með því að sérstakur saksóknari kvað ákæruvaldið ekki ætla að gera athugasemd við hæfi meðdómarans og var það ekki gert. Guðjón bætir við að með yfirlýsingu sérstaks saksóknara í fjölmiðlum hafi hann vegið gróflega að starfsheiðri sínum og það sem verra væri, að heiðri og heilindum Sverris sem tók sæti í dóminum.



GUÐJÓN MARTEINSSON

„Ég hef nú þegar gert ríkissaksóknara grein fyrir því að þetta sé rangminni dómarans," segir Ólafur Þór. Hann segir nú, að í símtali þeirra Ólafs og Guðjóns, þar sem Guðjón segir Ólaf hafa greint sér frá ættartengslunum, hafi hann verið að benda á allt önnur tengsl. „Ég talaði ekki um nein bræðratengsl, heldur benti ég á að meðdómarinn hefði unnið fyrir skilanefnd Glitnis og Glitnir var kærandi í þessu máli. Einnig var skilanefnd Glitnis með bótakröfu sem tengdist sama máli," segir Ólafur Þór og bætir við að þessi atriði muni liggja fyrir í Hæstarétti á næstunni.



ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

Ómerkingarkrafa ríkissaksóknara verður tekin fyrir í Hæstarétti þann 13. apríl næstkomandi og ferHelgi Magnús Gunnarsson ríkissaksóknari með málið.

nadine@frettabladid.is

### Dómur í Aurum-málinu

Dómur féll í Aurum-málinu síðasta sumar og voru sakborningarnir Lárus Welding, Jón Ásgeir Jóhannesson, Magnús Arnar Arngrímsson og Bjarni Jóhannesson sýknaðir. Þeir voru ákærðir fyrir umboðssvik vegna sex milljarða króna láns sem Glitnir veitti félaginu FS38 ehf. sem var í eigu Pálma Haraldssonar, vegna kaupa á félaginu Aurum Holdings Ltd.





Sautján erlendir ferðamenn og tveir heimamenn myrtir á safni í Túnis:

# Lögregla felldi árásarmennina

**TÚNIS** Vopnaðir menn réðust í gær inn á fornminjasafn í Túnis, tóku þar gísla og myrtu nítján manns, þar af sautján erlenda ferðamenn. Árásarmennirnir féllu fyrir byssuskotum frá lögreglu.

Líklegt þótti að árásarmennirnir væru herskáir íslamistar, hugsanlega liðsmenn Íslamska ríkisins sem hefur hótað árásum í Túnis. Að minnsta kosti þrjú þúsund Túnisbúar hafa haldið til Sýrlands og Íraks að berjast þar með vígasveitum Íslamska ríkisins.

Ferðamennirnir sem létust voru meðal annars frá Spáni, Ítalíu, Þýskalandi og Frakklandi. Einn hinna myrtu var lögreglumaður.

Þetta er alvarlegasta árás af þessu tagi í Túnis frá árinu 2002 þegar liðsmaður Al Kaída gerði sjálfsvígsárás á bænahús gyðinga á ferðamannaeyjunni Djerba og myrti þar um 20 manns.

Bardo-safnið er við hliðina á þinghúsinu í Túnis. Þar á safninu getur að líta fjölda ómetanlegra forngripa frá Grikklandi og Rómaveldi.

Arabíska vorið svonefnda hófst í Túnis í desember árið 2010 eftir að fátækur götusali kveikti í sér vegna ofríkis lögreglunnar. - gb



**UMSÁTUR** Lögregluþjónar utan við Bardo-safnið í Túnis, þar sem vopnaðir menn höfðu hreiðrað um sig og myrt fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

## SVONA ERUM VIÐ



**11%** **starfandi fólks í landinu, rúmlega,** **eru opinberir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga.**

Rauði krossinn berst gegn fordómum gagnvart fólki á Íslandi sem er af erlendum uppruna:

# Reyna á að ráðast gegn vanþekkingu

**SAMFÉLAG** „Átakið hvetur landsmenn til að koma fram hver við annan af virðingu sama hvaðan þeir koma,“ segir Þórunn Lárusdóttir, verkefnastýra átaksverkefnis Rauða krossins.

Rauði krossinn ákvað á aðalfundi sínum í desember að fjármagna tveggja ára átaksverkefni, Vertu næs, til að berjast gegn fordómum gagnvart fólki á Íslandi sem er af erlendum uppruna.

Með átakinu er leitast við að hvetja fólk til að líta í eigin barm, skoða hvernig það kemur fram við fólk sem hefur annan bakgrunn, annað litaraft eða aðra trú en það sjálft og athuga hvort það geti gert betur.

„Þetta gerum við af því að það hefur borið við á undanförnum árum að fordómar í garð þeirra sem eru af erlendum uppruna hafa aukist, en það kom fram í skýrslu Rauða krossins, Hvar þrengir að?“

Rauði krossinn á Íslandi hvetur landsmenn til þess að bera virðingu fyrir náunganum sama hvaðan hann er upprunninn. „Fordómar byggjast oft á vanþekkingu og ætlar Rauði krossinn að taka á því með því að upplýsa fólk.“ - ngy



**VERKEFNASTÝRA „VERTU NÆS“** Verkefnið hefur það að markmiði að vekja íslenskt samfélag til umræðu um stöðu fólks af erlendum uppruna hér á landi og upplýsa þjóðina um afleiðingar fordóma í þeirra garð.



**BRÚNALAUG** Eins og sjá má er tjónið mikið. Eldsupptök eru ókunn en lögreglan á Akureyri rannsakar málið. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Mikið tjón í eldsvoða í gróðrarstöð í Eyjafirði í fyrrinótt:

# Eldur kom upp í tengibyggingu

**ELDSVOÐI Mikið tjón varð þegar eldur kviknaði í tengibyggingu á milli tveggja stórra gróðurhúsa á garðyrkjubýlinu Brúnalaug í Eyjafjarðarsveit í fyrrinótt.**

**Þegar slökkviliðið á Akureyri kom á vettvang hafði eldurinn náð að teygja sig eitthvað inn í gróðurhúsin en slökkvistarf gekk vel. Miklar skemmdir urðu á húsunum en ekki er vitað hvort uppskeran, paprikurækt sem komin var á lokastig, hafi eyðilagst í eldinum.**

**Eldsupptök eru enn ókunn en lögreglan á Akureyri rannsakar málið.** - sa

Nýung prófuð á nemendum:

# Raða í bekki eftir þroska

**DANMÖRK** Sjö sveitarfélög í Danmörku hafa fengið leyfi til að raða nemendum í bekki eftir áhuga þeirra og þroska en ekki eftir aldri. Um er að ræða tilraunaverkefni á vegum danska menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra Danmerkur, Christine Antorini, bendir á að þetta þýði þó ekki að eingöngu verði raðað í bekki eftir hæfileikum nemenda.

Óðinsvé er eitt sveitarfélaganna sem þátt taka í verkefninu næstu þrjú ár. - ibs

Með ferju til Svíþjóðar:

# Áfengi mælt í ökumönnum

**SVÍÞJÓÐ** Sænsk þingnefnd leggur til að ríkisstjórnin kanni skjótt möguleikana á áfengismælingu við hafnir til að koma í veg fyrir að ökumenn, sem koma með ferjum til Svíþjóðar, aki undir áhrifum áfengis inn í landið.

Tilraun með slíka mælingu hefur á undanförnum árum verið gerð í Gautaborg og Stokkhólmi. Niðurstaðan er sú að umferð hafi ekki tafist vegna þess. Allir flokkar styðja tillöguna um að áfengismæling verði til frambúðar. - ibs

# Stefna um vindmyllur mörkuð í uppsveitum

Útsendarar sex sveitarfélaga á Suðurlandi fara til Noregs eða Skotlands að skoða vindmyllur til að marka stefnu um þær. Tvær stórar myllur, sem hafnað var í Vorsabæ vegna skorts á umgjörð þar, voru í staðinn reistar í næsta sveitarfélagi.

**ORKUMÁL** Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi í uppsveitum Árnessýslu, segir nauðsynlegt að vinna að sameiginlegri stefnu sveitarfélaga vegna vaxandi áhuga á orkuvinnslu úr vindafli.

„Í nágrannalöndum Íslands hefur verið að byggjast upp töluverð reynsla í þessum málaflokki og hefur vindmyllum, bæði stökum og vindmyllugörðum, fjölgað mikið á undanförnum árum. Fyrsta skref í vinnu við stefnumörkun gæti því verið að kynna sér hvernig staðið er að þessum málum í löndum sem eru „sambærileg“ Íslandi,“ skrifar Pétur til sveitarfélaganna sex á Suðurlandi sem hafa hann sem sameiginlegan skipulagsfulltrúa.

Að sögn Péturs er nú, í gegnum Skipulagsstofnun, verið að kanna möguleika á heimsóknum fulltrúa sveitarfélaganna til Noregs eða Skotlands, eða jafnvel til beggja landanna.

„Í kjölfar ferðarinnar yrði sett í gang vinna við stefnumörkun um vindmyllur á svæðinu,“ segir í bréfi Péturs þar sem hann rekur að á undanförnum mánuðum hafi komið upp tvö mál sem tengjast mögulegri vinnslu vindorku. Fyrra málið varði vindmyllur sem Landsvirkjun hafi sett upp vestan við Bjarnalón ofan Búrfellsvirkjunar og hið síðara snerti beiðni um uppsetningu tveggja stórra vindmylla í landi Vorsabæjar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafi hafnað beiðninni í Vorsabæ þar sem stefnumörkun um myllur af þeirri stærðargráðu lægi ekki fyrir.

„Þegar þetta lá fyrir leituðu umsækjendur til nágrannasveitarfélags og hafa tvær vindmyllur nú verið reistar í Þykkvabæ,“ bendir Pétur á.

Til viðbótar sé Landsvirkjun að marka stefnu um frekari uppbyggingu vindmylla í Búrfellslundi norðan Búrfells. Óskað hafi verið eftir að setja upp stóra vindmyllu í landi Bergsstaða í Bláskógabyggð. „Þá hafa borist nokkrar óformlegar fyrirspurnir um möguleikann á uppbyggingu á öðrum svæðum, til dæmis í Flóahreppi, án þess að formleg erindi hafi verið send inn,“ segir skipulagsfulltrúinn.

**gar@frettabladid.is**



**FORDÆMI** Víða í Evrópu virkja lönd vindorkuna til þess að spara í orkumálum. Hér má sjá vindmyllur sem settar hafa verið upp í Grikklandi. NORDICPHOTOS/AFP

> **Þegar þetta lá fyrir leituðu umsækjendur til nágrannasveitarfélags og hafa tvær vindmyllur nú verið reistar í Þykkvabæ.**
>
> *Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi í uppsveitum Árnissýslu.*



**VIÐ BÚRFELL** Landsvirkjun hefur þegar sett upp vindmyllur ofan Búrfellsvirkjunar og er með fleiri myllur á öðrum stöðum á teikniborðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HELDUR HLÝNANDI** Í dag má búast við 10-15 m/s NA-til en hægari vindi annars staðar. Rigning eða skúrir S- og V-til en él annars staðar. Léttir til í kvöld og á morgun verður fínasta veður fram eftir degi. Þá hvessir af suðaustri, fyrst SV-til.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Friedrichshafen | 14° | New York | 5° |
| Aþena | 13° | Gautaborg | 8° | Orlando | 29° |
| Basel | 15° | Kaupmannahöfn | 8° | Ósló | 8° |
| Berlín | 11° | Las Palmas | 19° | París | 11° |
| Billund | 11° | London | 9° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 15° | Mallorca | 19° | Stokkhólmur | 9° |




**Á MORGUN** Hvessir S- og V-til síðdegis með vaxandi úrkomu.




**LAUGARDAGUR** SA-átt, víða 8-13 m/s.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Markhönnun ehf

# nettó

Kræsingar & kostakjör



VERÐSPRENGJA

-23%

LAMBABÓGUR
KS - FROSIÐ
790
AÐUR 1.026 KR/KG



FRÁBÆRT VERÐ!

KJÚKLINGABRINGUR
BESTA FÁANLEGA VERÐ!
1.798 KR/KG



FRÁBÆRT VERÐ!

-40%

BAYONNESKINKA
959
ÁÐUR 1.598 KR/KG



PÁSKAEGG 250G
ÓDÝRT NR 4
799 KR/STK



LAMBAFILLE M/FITU
KJÖTBORÐ
3.195
ÁÐUR 4.044 KR/KG




ÍSBLÓM 4STK
M/JARÐARB.+ DAIM
399
ÁÐUR 469 KR/PK



LAMBAHRYGGUR
LÉTTREYKTUR - KJÖTSEL
1.591
ÁÐUR 2.375 KR/KG



JARÐARBER
FROSIN - GREAT TASTE
399 KR/PK



SISTEMA HRISTIBRÚSI FYLGIR
1KG. SW PRÓTEINPOKUM

SUNWARRIOR
PRÓTEIN 1 KG
6 TEG
6.499

**Tilboðin gilda 19. – 22. mars 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í hversu mörgum löndum er Eimskip með starfsstöðvar?
**2.** Hver var kjörinn besti þjálfarinn í seinni hluta Dominos-deildarinnar í körfubolta?
**3.** Hvaðan er tónlistarmaðurinn Ben Frost sem býr hér á landi?

**SVÖR:**
**1.** Í nítján löndum. **2.** Israel Martin. **3.** Melbourne í Ástralíu.

Norðurljós og sólmyrkvi laða ferðafólk hingað:

# Þúsundir sáu ljósin

**SAMFÉLAG** „Ég giska á að það hafi verið um fjögur til fimm þúsund ferðamenn í norðurljósaferðum á þriðjudaginn,“ segir Kári Jónasson leiðsögumaður. Tvö hundruð erlendir ferðamenn og vísindamenn eru nú á Íslandi á vegum bandarískrar ferðaskrifstofu sem Kári vinnur fyrir. Ferðamennirnir komu hingað til lands vegna sólmyrkvans á föstudag.

„Á þriðjudag fórum við í norðurljósaferð í Hafnarfjarðarhraun og sáum mögnuð norðurljós enda mikil virkni,“ segir Kári. Ferðamennirnir á vegum bandarísku ferðaskrifstofunnar ætla að fylgjast með sólmyrkvanum úr flugvél en Icelandair mun leigja út þrjár stórar þotur til þeirra. „Ferðamennirnir komu hingað í þeim tilgangi að sjá sólmyrkva og hafa margir hverjir séð marga áður. Það er til dæmis einn Ástrali í hópnum sem er búinn að elta tuttugu sólmyrkva.“

Þá eru nokkur skemmtiferðaskip væntanleg til Íslands vegna sólmyrkvans. **- ngy**



**NORÐURLJÓS** Á þriðjudagskvöld og aðfaranótt miðvikudags skörtuðu norðurljós sínu fegursta víða um land. Hér myndar maður dýrðina í Hvalfirði.. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FÁNAR** Bæjarstjórn segir ekki hægt að segja til um ávinning af ESB-aðild fyrr en niðurstöður viðræðna liggi fyrir.

Áskorun um þjóðaratkvæði:

## Vilja að staðið sé við loforð

**EVRÓPUMÁL** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum í gær áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis um að standa við gefin fyrirheit og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald ESB-viðræðna. Tillagan var samþykkt með sex atkvæðum bæjarfulltrúa Samfylkingar, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hvorki studdu áskorunina né tóku þátt í umræðum.

Í greinargerð segir um svo stórt hagsmunamál að ræða að eðlilegt sé að þjóðin fái aðkomu að ákvörðun um framhald þess. **- ngy**

Vilja millilandaflug nyrðra:

## Biðja um 300 krónur á íbúa

**SAMGÖNGUR** Markaðsstofa Norðurlands, sem hefur umsjón með starfi Flugklasans Air 66N á Norðurlandi, biður nú sveitarfélög í landshlutanum að styrkja vinnu að því að koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið, um 300 krónur á hvern íbúa.

Óskað er eftir framlaginu næstu þrjú ár. Akureyrarbær hyggst greiða 500 krónur á íbúa. „Hagræn áhrif yrðu mikil á Norður- og Austurlandi, ekki aðeins fyrir ferðaþjónustuaðila heldur einnig aðra þjónustu og starfsemi sem hagnast á auknum umsvifum,“ segir í erindi Air 66N. **- gar**

# Ferðafólk hættir við að koma vofi verkföll yfir

Yfirvofandi verkfall SGS hefur mikil áhrif á ferðaþjónustu. Fyrri reynsla af verkföllum sýni að ferðamenn afbóki áður en til verkfalls kemur. „Verkfall er algjörlega á ábyrgð SA,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður SGS.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Boðaðar verkfallsaðgerðir Starfsgreinasambandsins (SGS) munu hafa mikil áhrif á ferðaþjónustuna. Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), hefur áhyggjur af launakröfum sambandsins en vonar að samningsaðilar nái samningum áður en til verkfalla kemur.

„Farið er fram á 50 til 70 prósenta hækkun launa allra félagsmanna og þá er gert ráð fyrir að hækkun þeirra hæst launuðu sé hlutfallslega mest. Ef gengið yrði að þessum kröfum myndi það hafa mikil og alvarleg áhrif á ferðaþjónustuna og ekki síst á minni fyrirtæki á landsbyggðinni sem hafa verið að byggja upp starfsemi sína með tilheyrandi fjárfestingum. Hlutfall launa í ferðaþjónustu er almennt hátt og því ljóst að áhrifin yrðu gríðarleg,“ segir Helga. „Íslensk ferðaþjónusta er í mikilli samkeppni við aðra áfangastaði. Nú þegar þykir landið frekar dýrt ferðaþjónustuland og því myndi slík hækkun launa veikja verulega samkeppnishæfni þess.“

Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir það á ábyrgð SA ef til verkfalls kemur. „Það er alveg ljóst að ef til verkfallsaðgerða kemur mun það hafa gríðarleg áhrif á ferðaþjónustuna úti á landi. Við megum ekki gleyma því að við erum að fara í verkfall vegna þess að Samtök atvinnulífsins vilja ekki ræða við okkur. Það er því á þeirra ábyrgð ef til verkfalla kemur. Einnig megum við ekki gleyma því að starfsfólk í ferðaþjónustu er yfirleitt á lægstu laununum,“ segir Björn.



> **Það er alveg ljóst að ef til verkfallsaðgerða kemur mun það hafa gríðarleg áhrif á ferðaþjónustuna úti á landi**
> *Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambandsins.*

SGS, sem fer með samningsumboð fyrir ríflega tíu þúsund manns, hefur boðað verkfallsaðgerðir frá og með tíunda apríl næstkomandi. Krafa þeirra er að grunnlaun hækki á næstu þremur árum upp í þrjú hundruð þúsund krónur á mánuði. Frá 10. apríl til 26. maí verða tímabundin verkföll á hinum ýmsu stöðum á landinu. Ef ekki verður samið fyrir þann tíma skellur á ótímabundið allsherjarverkfall þeirra 16 aðildarfélaga sem veitt hafa SGS umboð sitt.

Yfirvofandi verkfall getur farið að hafa áhrif strax á afbókanir erlendra ferðamanna að mati Helgu. Fyrri reynsla sýni að afbókanir byrji að hrannast inn hjá ferðaþjónustuaðilum áður en til verkfalls kemur. „Við sáum það í verkfallsaðgerðum flugstéttanna síðastliðið vor. Þá urðum við strax vör við töluvert margar afbókanir með tilheyrandi tekjutapi. Ferðamenn eru fljótir að afbóka ferðir þegar óvissuástand skapast. Orðspor og ímynd íslenskrar ferðaþjónustu skiptir okkur öllu máli en óróleiki sem þessi er fljótur að spyrjast út,“ segir Helga.

sveinn@frettabladid.is





**AFBÓKANIR** Fyrri reynsla ferðaþjónustunnar sýnir að mögulegt verkfall hefur fljótt áhrif á afbókanir í greininni og veldur íslensku efnahagslífi miklum búsifjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



> **Farið er fram á 50 til 70 prósenta hækkun launa allra félagsmanna og þá er gert ráð fyrir að hækkun þeirra hæst launuðu sé hlutfallslega mest. Ef gengið yrði að þessum kröfum myndi það hafa mikil og alvarleg áhrif á ferðaþjónustuna.**
> *Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF.*




# CLINIQUE

## dagar í Hagkaup verslunum

dagana 19. - 24. mars




## Glæsilegur kaupauki ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 6.900 eða meira.*

KAUPAUKINN INNIHELDUR:

- 7 Day Scrub Cream Rinse – OFF, kornakrem – 30ml
- Moisture Surge Extended Thirst Relief, rakamaska – 15ml
- All About Eyes,  augnkrem– 7 ml
- High Impact Maskara
- High Impact varalit
- Snyrtibuddu.

*Meðan birgðir endast.



**Sonic System**
**Purifying Brush**
Góð byrjun á frísklegri húð og lykill að fallegri förðun.

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




**ENA Micro 9 One Touch frá Jura**

Fékk hæstu einkun hjá þýsku neytendasamtökunum en 14 vélar voru prófaðar. Hægt að velja um kaffi, espresso, latte macchiato, cappuccino eða heitt vatn í te með því að þrýsta á einn hnapp.

*Líttu við hjá Eirvík og við bjóðum þér í kaffi.*

**Tilboð kr. 125.424**

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**


# Lög banna framsal íslenskra ríkisborgara

Alfreð Clausen verður ekki framseldur til Bandaríkjanna. Hann segir sig saklausan og telur kosningabaráttu saksóknara ytra taka mið af því að hátt sé reitt til höggs.

**SAKAMÁL** Alfreð Clausen, sem ákærður hefur verið í Bandaríkjunum fyrir fjársvik að upphæð sem nemur um sex milljörðum króna, verður ekki framseldur til Bandaríkjanna. Íslensk lög banna framsal íslenskra ríkisborgara.

Í lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum segir í annarri grein að ekki megi framselja íslenska ríkisborgara. Í gildi er tvíhliða framsalssamningur milli Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1902. Það sé ekki skilyrði samkvæmt íslenskum lögum að til staðar sé framsalssamningur milli ríkja til þess að framsal geti farið fram en slíkt fer einnig eftir reglum þess lands sem framsalsbeiðni kemur frá.



**VILHJÁLMUR H. VILHJÁLMSSON**

Lögmaður Alfreðs, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna málsins. Í yfirlýsingunni lýsir Alfreð sig saklausan af þeim sökum sem á hann eru bornar og lítur svo á að hann sé hugsanlega vitni í málinu en ekki sakborningur. Sá skilningur kemur ekki fram í ákæru, sem gefin var út þann 5. mars. Þar kemur fram að Alfreð er ákærður í 74 liðum. Er Alfreð, ásamt tveimur viðskiptafélögum hans, ákærður fyrir fjársvik, þjófnað og peningaþvætti.

Vilhjálmur segir umbjóðanda sinn telja að óeðlilega hart sé tekið á þessu máli. „Umbjóðandi minn telur að allt of hátt sé reitt til höggs í ákærunni og bendir í því sambandi á að saksóknari San Bernardino-sýslu sé í miðri kosningabaráttu og sækist eftir því að verða dómsmálaráðherra í Kaliforníufylki. Það kunni að skýra þetta offors ákæruvaldsins í málinu að hann sé kominn í kosningabaráttu," segir Vilhjálmur.



**ALFREÐ CLAUSEN** Lögreglan í San Bernardino hefur handtekið viðskiptafélaga Alfreðs. MYND/SAKSÓKNARI Í SAN BERNADINO

Alfreð mun ekki fara til Bandaríkjanna að sinni en segist ekki vera í felum. Hann sé íslenskur ríkisborgari og hafi verið búsettur hér síðan síðasta haust og hafi aldrei verið boðaður í skýrslutöku hjá lögregluyfirvöldum ytra. Samkvæmt yfirlýsingu er Alfreð boðinn og búinn að ræða við íslensk lögregluyfirvöld sem og bandarísk hér á landi.

Samkvæmt fjölmiðlafulltrúa saksóknaraembættisins í San Bernardino-sýslu getur saksóknari ekki veitt frekari upplýsingar um málið að svo stöddu. Gríðarlegur fjöldi fyrirspurna hefur borist embættinu frá Íslandi vegna málsins.

Viðskiptafélagar Alfreðs, þeir Joshua Cobb og Stephen Siringoringo, voru handteknir vegna málsins þann 5. mars síðastliðinn.

sveinn@frettabladid.is


www.renault.is




**NÝJAR LAUSNIR OG NÝIR MÖGULEIKAR**

Í nýjum Trafic er meðal annars: Uppfellanlegt framsæti - nýr gírkassi og sparneytnari dísilvél - innrétting með glæsilegum nýjungum - nýr 13 cm lengri undirvagn og betri fjöðrun - handfrjáls símabúnaður og tengimöguleikar stöðugleikastýring (ESP) - íslenskur leiðsögubúnaður og bakkmyndavél. VELDU ÖRUGGAN VINNUSTAÐ.

**ÞÚTANKAR SJALDNAR Á RENAULT**

**RENAULT TRAFIC, DÍSIL**

Verð frá: **3.379.032** kr. án vsk.
4.190.000 kr. m. vsk.

**Eyðsla 5,9 l/100 km***

RENAULT

B|L **BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar, Reykjanesbæ, www.bilahusid.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080










ENNEMM / SÍA / NM67836 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Spár um orkutapið hafa allar ræst

Afköst Hellisheiðarvirkjunar minnka nákvæmlega í samræmi við spár vísindamanna Orkuveitu Reykjavíkur árið 2013. Virkjunin skilar nú 269 metavöttum, en gæti framleitt 303 metavött ef orkan væri næg. Gufulögn frá Hverahlíð verður lögð í ár að stærstum hluta.



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Framleiðslugeta orkuvinnslusvæðis Hellisheiðarvirkjunar fellur nákvæmlega á þeim hraða sem vísindamenn Orkuveitu Reykjavíkur gerðu ráð fyrir um mitt ár 2013. Uppsett afl virkjunarinnar er 303 megavött (MW) en orkuvinnslusvæðið stendur undir innan við 270 MW í dag.

### Fallið 6 megavött á ári

Fréttablaðið greindi frá því fyrst miðla í júní 2013 að rannsóknir á jarðhitasvæðum í Henglinum leiddu í ljós að núverandi vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar standa ekki undir fullri framleiðslu til frambúðar, og á þeim tímapunkti hafði verulega verið dregið úr rafmagnsframleiðslu. Vinnslusvæðið reyndist minna og ekki eins orkuríkt og talið hafði verið við uppbyggingu virkjunarinnar, sem í því ljósi var of hröð.

Þegar fréttin var skrifuð hafði virkjunin framleitt á fullum afköstum til ársloka 2012 en gat um sumarið mest framleitt 276 megavött. Sérfræðingar töldu raunhæft að afköst hennar myndu falla um sem nemur 5-6 megavöttum á ári sem hefur gengið eftir.

### 269 MW

Þetta staðfestir Páll Erland, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar (ON), dótturfyrirtækis OR sem virkjanir fyrirtækisins falla undir, í viðtali við Fréttablaðið. Þær upplýsingar fengust til viðbótar frá ON að undanfarnar vikur var virkjunin að skila 269 MW. Í skriflegu svari ON til Fréttablaðsins kemur fram að heildarframleiðsla Hellisheiðarvirkjunar var árið 2012, fyrsta heila árið sem allar sjö aflvélar virkjunarinnar voru í notkun, rúmlega 2,49 milljónir megavattstunda (MWst). Sambærilegar tölur ársins 2013 og 2014 eru reyndar litlu lægri, eða 2,39 milljónir MWst. Þessar framleiðslutölur eru hins vegar hærri en geta orkuvinnslusvæðis virkjunarinnar gefur tilefni til, en fyrir því eru nokkrar ástæður.

### Tæknilausnir skila miklu

Aðgerðir hvortveggja í gufuveitu Hellisheiðarvirkjunar og í niðurrennslisveitunni hafa spornað gegn framleiðsluminnkun. Tæknifólk ON hafa undanfarna mánuði haldið framleiðslunni uppi með því t.d. að taka inn á gufuveitu virkjunarinnar blautari holur (hærra hlutfall vökva á móti gufu) en æskilegt er í eðlilegu árferði. Gripið hefur verið til aðgerða til að auðvelda að losna við það aukna vatnsmagn í vinnslurásinni sem þessu fylgir. Tæknilegar lausnir hafa einnig gert það kleift að halda uppi framleiðslu með því að fresta eða breyta viðhaldsáætlunum.

### Vatnsskortur

Margt spilar hér inn í. Landsnet fór fram á það fyrir vorleysingar í fyrra að raforkuframleiðendur leituðust við að halda uppi sem mestri framleiðslu til að mæta viðvarandi vatnsskorti sem Landsvirkjun bjó þá við – en lónstaða virkjana Landsvirkjunar var töluvert í fréttum á þeim tíma og skerðingar á orku til stórra viðskiptavina fyrirtækisins. Þessu kalli svaraði ON með því að fresta upptekt á aflvélum sem aftur skiluðu svipaðri heildarframleiðslu Hellisheiðarvirkjunar árin 2014 og 2013 í heildina.

Því hefur framleiðsla í Hellisheiðarvirkjun verið allmiklu meiri en hún væri ef rekstur virkjunarinnar væri samkvæmt því sem best er með tilliti til álags og fleiri þátta. Aftur á móti má ætla að tekjutap ON sé ekki eins mikið og gert var ráð fyrir árið 2013.

Tekjutap ON vegna sex megavatta minni afkastagetu Hellisheiðarvirkjunar hefði verið tæplega fjórtán milljónir króna á mánuði ef ekki væri gripið til aðgerða. Það eru um 160 milljónir á ársgrundvelli en sú upphæð tvöfaldast á hverju ári án aðgerða. Þessi kostnaður kemur til vegna nauðsynlegra kaupa OR á orku frá Landsvirkjun til að vega upp framleiðslutapið og uppfylla samninga um orkuafhendingu.

### Hverahlíð

Þegar ljóst var sumarið 2013 að vinnslusvæðið stæði ekki undir væntingum og gæti því ekki keyrt allar sjö aflvélar Hellisheiðarvirkjunar fæddist sú hugmynd að tengja Hellisheiðarvirkjun við háhitasvæðið í Hverahlíð, þar sem OR áætlaði að byggja næstu stóru jarðhitavirkjun sína. Þetta verkefni er nú komið af stað.



> **Niðurdráttur á svæðinu hefur þróast nákvæmlega eins og búist var við.**
>
> *Páll Erland*

Páll Erland kynnti fjárfestingaáætlun ON á útboðsþingi á dögunum, en hún hljóðar upp á þrettán milljarða króna á næstu fimm árum. Stærsta einstaka verkefnið er lagning Hverahlíðarlagnar frá borholum við Hverahlíð á Hellisheiði að Hellisheiðarvirkjun. Mestur þungi framkvæmda er nú í ár; frágangi lagnarinnar mun ljúka 2016. Um 2,5 milljarðar renna til þess verkefnis á árinu en fjárfestingin alls er áætluð tæpir fjórir milljarðar króna.

### Jafnvægislist

Markmið ON er að jafnvægi náist í rafmagnsframleiðslu Hellisheiðarvirkjunar með fullum afköstum, en ljóst er að það næst ekki án Hverahlíðarlagnar og gufunnar sem færð er á milli virkjunarsvæðanna. Hvert þetta jafnvægi er, er ekki vitað nákvæmlega en vonir standa til að gufan frá Hverahlíð dugi til þess að koma því á.

Í fjárfestingaáætlun ON skýra umhverfismál að stærstum hluta fjárfestingar árin 2017 til 2019 – gangi áætlunin eftir. Verkefnin snúa að því að draga úr hveralykt og mengun frá Hellisheiðarvirkjun og því að skila vinnsluvatni aftur niður í jarðhitageyminn. Að sögn Páls Erland standa vonir til að þurfa ekki að leggja í allan þennan kostnað, heldur þvert á móti. Áætlunin sé varfærin leið til að eiga handbæra peninga ef þarf að fara út í miklar aðgerðir, segir Páll og staðfestir að engin ný virkjanauppbygging sé inni í áætluninni til 2019 heldur snúist hún um að hlúa að núverandi virkjanasvæðum; á Hellisheiði, á Nesjavöllum og Andakílsvirkjun.

### Fjórir milljarðar

Skiljuvatnslögn frá Hellisheiðarvirkjun til sjávar, sem yrði 23,5 kílómetra löng, er innan þessara áforma. Um er að ræða lögn meðfram Þrengslavegi og áfram með Þorlákshafnarvegi til sjávar við Þorlákshöfn, eins og kemur fram í drögum að aðalskipulagi Ölfuss. Óvissa um niðurdælingu skiljuvatnsins skýrir hugmyndir um lögnina. Hún er hins vegar háð ýmsum leyfum og verkefnið stutt á veg komið. Fyrsta kostnaðarmat gerir ráð fyrir að lögnin kosti fjóra milljarða króna. Beri aðgerðir sem nú er unnið að á virkjanasvæðinu árangur verður ekki í hana ráðist.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Framleiðslugetan er 303 MW en vinnslusvæðið stendur ekki undir uppsettu afli verksmiðjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vandi Hellisheiðarvirkjunar

Eftir að Hellisheiðarvirkjun var keyrð með fullum afköstum fylgdust sérfræðingar Orkuveitunnar náið með viðbrögðum jarðhitasvæðisins. Þá kom í ljós allnokkur lækkun á þrýstingi [niðurdráttur] í jarðhitageyminum. Ástæðan er að það svæði sem talið var að gæfi mikla orku, eða Skarðsmýrarfjall, gefur mjög lítið.

Til greina kom að leita nýrra svæða og rannsaka hvort aðrir hlutar af núverandi vinnslusvæði virkjunarinnar gætu gefið meira. Miðað við fjárhagsstöðu Orkuveitunnar árið 2013 vildu forsvarsmenn forðast það, enda kostar ein háhitahola fullkláruð og tengd virkjun á bilinu 400 til 500 milljónir króna.

## LEYND YFIR FRAMLEIÐSLUTÖLUM GAGNRÝND

Stjórn Orku náttúrunnar krafðist þess í sumar sem leið að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur virti trúnað um yfirlit sem var gert um framleiðslutölur Hellisheiðarvirkjunar frá maí 2013 til sama mánaðar 2014. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn og í stjórn OR gagnrýndu þessa kröfu ON með þeim formerkjum að upplýsingarnar ættu að vera uppi á borðum – almenningi til upplýsingar.

Á fundi stjórnar OR frá því 26. janúar sl. ítrekuðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins þær óskir sínar að leynd yrði aflétt af framleiðslutölum virkjana ON.

Borgarráð beindi því jafnframt til stjórnar OR, í samráði við stjórn ON, að tryggt væri að uppskipting OR leiddi ekki til minna gagnsæis og upplýsingagjafar til almennings.

Rök ON eru hins vegar að um samtímaupplýsingar var að ræða sem samkeppnisaðilar gætu nýtt sér, og birting framleiðslutalna hefði ekkert breyst frá því sem var áður en rekstrarformi OR var breytt.

www.volkswagen.is
Vinsælasti atvinnubíll á Íslandi síðastliðin ár!









Caddy með nýju sniði

Caddy City er enn einfaldari og hagkvæmari útfærsla af Volkswagen Caddy, sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélaga til að létta sér lífið við dagleg störf. City er viðbót í sendibílalínu Volkswagen Caddy.

Volkswagen Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu City er enn auðveldara að bætast í hóp hæstánægðra Volkswagen eigenda.

Caddy City kostar aðeins frá
2.630.000 kr.
(2.120.968 kr. án vsk)

Atvinnubílar

Söluaðilar: HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



DEBENHAMS
Vorsprengja
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA 20% AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM*
GILDIR ÚT MÁNUDAG
OFURTILBOÐ
BARA Í DAG
FIMMTUDAGINN 19. MARS**
40% AF
OPIÐ TIL 23:00 Í KVÖLD
THE COLLECTION
redherring
40% afsláttur af öllum dömupeysum frá The Collection og Red Herring
redherring
JASPER CONRAN
40% afsláttur af dömu-sokkabuxum frá Red Herring og Jasper Conran
sloggi
40% afsláttur af Maxi, 3 í pakka.
40% afsláttur af úrvali af brjóstahöldurum.
2 í pakka - Stærðir 32AA-40F
40% afsláttur af öllu skarti
40% afsláttur af völdum barnanáttfötum
redherring
MAINE
40% afsláttur af öllum herra gallabuxum frá Maine og Red Herring
40% afsláttur af öllum sloppum fyrir herra og dömur
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Á meðan birgðir endast.
Finndu okkur á facebook
NÝTT KORTATÍMABIL
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

**STAÐA ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA VEGNA GENGISLÁNA**

70 dómar í Hæstarétti – er enn verið að bíða dómafordæma?

**Morgunverðarfundur föstudaginn 20. mars kl. 8.30**

Sjö ár eru nú liðin frá efnahagshruninu en við það gjörbreyttist rekstrargrundvöllur fjölda fyrirtækja þegar lán þeirra tvöfölduðust. Dæmt hefur verið í 70 málum vegna gengislána fyrir Hæstarétti þar sem hundruð milljarða eru undir en fjöldi fyrirtækja bíður enn afgreiðslu sinna mála. Hópur sérfræðinga hefur unnið að því að taka saman helstu stærðir og staðreyndir varðandi stöðu íslenskra fyrirtækja og niðurstöðu dóma vegna gengislána. Niðurstöður þeirrar vinnu verða kynntar á fundinum.

**Dagskrá opins félagsfundar FA:**

**Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda**
- Bera allir sömu byrðar?
- Umfang gengislánanna og þróun dóma um þau

**Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innness**
- Biðin langa – Reynslusaga fyrirtækis með gengislán



Fundurinn verður haldinn í fundarsal Félags atvinnurekenda á 9. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, og hefst kl. 8:30.
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Léttur morgunverður í boði.

**Skráning á vef FA, atvinnurekendur.is**

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# Öruggur meirihluti virðist í sjónmáli

Benjamín Netanjahú vann óvæntan sigur í þingkosningum á þriðjudag. Rétt fyrir kosningarnar sagðist hann ekki lengur styðja tveggja ríkja lausnina. Nýr sendiherra Ísraels gagnvart Íslandi segir þó óþarft að taka þá yfirlýsingu of alvarlega.

**ÍSRAEL** Rétt fyrir þingkosningarnar gaf Benjamín Netanjahú forsætisráðherra út yfirlýsingu um að tveggja ríkja lausnin væri ekki lengur raunhæf. Með því að viðurkenna sjálfstæði Palestínu væri einungis verið að gefa herskáum íslamistum land sem notað yrði til árása á Ísrael.

„Vinstrimenn hafa grafið hausinn í sandinn hvað eftir annað og horfa fram hjá þessu, en við erum raunsæ og skiljum þetta,“ sagði hann í viðtali daginn fyrir kosningarnar.

Raphael Schutz, nýr sendiherra Ísraels gagnvart Íslandi, ráðleggur mönnum þó að bíða aðeins átekta og sjá hver stefna nýrrar ríkisstjórnar verður eftir nokkrar vikur.



**RAPHAEL SCHUTZ**

„Ef ég skil það rétt sem hann sagði síðustu daga þá var það að einmitt nú, við núverandi kringumstæður, myndi það leiða til meira ofbeldis og árása gegn Ísrael ef landsvæði yrði látið öðrum í té,“ segir Schutz. „Þessar kringumstæður gætu sem sagt breyst. En í öðru lagi – þótt ég mæli ekki beinlínis með því að menn taki ekki orð forsætisráðherra míns alvarlega, þá myndi ég mæla með því að fólk bíði aðeins og leyfi því ryki sem þyrlast hefur upp í kosningabaráttunni að setjast aðeins, og sjá svo til hvaða afstöðu ný ríkisstjórn tekur gagnvart Palestínumálinu.“

Fyrirfram höfðu skoðanakannanir ekki bent til þess að Netanjahú ætti sigur vísan, en þegar talið var upp úr kjörkössunum hafði honum tekist að styrkja stöðu sína töluvert frá síðustu kosningum.



**BENJAMÍN NETANJAHÚ** Flokkur Benjamíns Netanjahús vann óvæntan sigur í þingkosningunum á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## NIÐURSTÖÐUR KOSNINGANNA




Heimild: Yfirkjörstjórn Ísraels © GRAPHIC NEWS

Likudflokkur Netanjahús hlaut 30 þingsæti á 120 manna þjóðþingi Ísraels. Með því að fá þrjá aðra hægri flokka til liðs við sig væri ný ríkisstjórn með 54 þingsæti, og þyrfti þá stuðning frá flokkum strangtrúargyðinga til þess að hún yrði starfhæf.

Schutz segist telja að þetta verði tiltölulega auðvelt fyrir Netanjahú. „Hann á ekki að lenda í erfiðleikum með að mynda stjórn með öruggum 67 manna þingmeirihluta,“ segir Schutz sendiherra.

gudsteinn@frettabladid.is

## Moshe Kahlon



Í nóvember stofnaði **Moshe Kahlon** nýjan stjórnmálaflokk. Kulanu, eða „Við öll“, heitir sá og náði tíu mönnum á þing í kosningunum í gær, aðeins fimm mánuðum eftir stofnun.

Kahlon er fyrrverandi ráðherra í ríkisstjórn Netanjahús, fór þar með ráðuneyti velferðarmála og samskipta, en sagði sig úr Likudflokknum vegna ágreinings um efnahagsmál.

Nú er hann kominn í þá stöðu að hafa það í höndum sér hvort Netanjahú verður áfram forsætisráðherra. Stuttu fyrir kosningarnar hafði Netanjahú boðið honum ráðherrastól efnahagsmála, þannig að Kahlon verður nú í lykilstöðu við mótun efnahagsstefnu nýrrar ríkisstjórnar.

Hann hefur þar lagt megináherslu á að koma til móts við almenning og hefur fyrir vikið stundum verið kallaður lýðskrumspólitíkus í fjölmiðlum.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is






„Fagmennska og gæði“

Þrif í matvælafyrirtækjum kalla á fagmennsku og öguð vinnubrögð.

Sérþekking starfsfólks ISS tryggir að þrif í matvælaiðnaði standist þær ströngu gæðakröfur sem til þeirra eru gerðar.

Við hugsum í lausnum.
Fáðu upplýsingar um þjónustuna.
580 0600 | sala@iss.is

Heildarlausnir í fasteignaþjónustu.
Enginn viðskiptavinur hefur sömu þarfir.
Við sérsníðum lausnir sem henta hverjum og einum.

A WORLD OF SERVICE ISS

FASTEIGNAUMSJÓN | RÆSTING | MATVÆLAÞRIF | SÉRVERKEFNI | VEITINGAR | ISS.IS

Lukkulíf á Tenerife
24. mars í 1 eða 2 vikur



Verð frá 59.900 kr.
og 12.500 Vildarpunktar
Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð án fæðis í 1 viku
Verð án Vildarpunkta 69.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 89.900 / 99.900 kr.

Flogið með Icelandair
Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444
VITA er lífið

Samningar náðust um launakjör starfsmanna Norðuráls á Grundartanga sem gilda til ársins 2019:

# Tímamótasamningur að tengja við vísitölu

**VINNUMARKAÐUR** Starfsmenn Norðuráls fá 300 þúsund króna eingreiðslu og laun þeirra verða tengd launavísitölu í nýjum samningum sem náðust milli Norðuráls og starfsmanna. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir um tímamótasamning að ræða fyrir íslenskt verkafólk.

„Þetta hefur að mínu viti aldrei verið gert áður hjá verkafólki að vísitölutryggja laun. Nú er tryggt að okkar fólk situr ekki eftir í launaskriðinu,“ segir Vilhjálmur.

Samið var um 300.000 króna eingreiðslu í samningnum sem gildir til 1. janúar 2019 og að kjör launamanna hjá Norðuráli verði tengd launavísitölu. „Sem dæmi hefur launavísitala frá aldamótum hækkað um 165,5 prósent á meðan launabreytingar verkafólks hafa hækkað um 68,6 prósent.“

Vilhjálmur segir samninginn geta verið fyrirmynd í viðræðum SA og SGS. Verði ekki samið skellur á verkfall 10. apríl. „Heildarlaun starfsmanna hjá Norðuráli eru um



**VILHJÁLMUR BIRGISSON**

580 þúsund krónur. Vandamálið á almennum vinnumarkaði er að launin þar eru töluvert lægri en þetta. Hins vegar getur þessi samningur verið ákveðin fyrirmynd og með því tryggt að launafólk verði ekki skilið út undan þegar laun hækka í landinu.“ **- sa**



**SAMNINGAR TÓKUST** Verkafólk Norðuráls er að meðaltali með um 580 þúsund krónur í mánaðarlaun.



**Í VERKSMIÐJUNNI Í ÖLFUSI** Icelandic Glacial er selt á 20 mörkuðum víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Icelandic Glacial styrkir sig:

## Bæta dreifingu sína í Kanada

**VIÐSKIPTI** Icelandic Water Holdings hf., sem flytur út vatn undir merkinu Icelandic Glacial, og dreifingarfyrirtækið Unique Foods Inc. frá Montreal í Kanada hafa gert með sér samning um dreifingu á Icelandic Glacial.

Jón Ólafsson, stjórnarformaður og stofnandi Icelandic Water Holdings hf., telur samstarfið styrkja vörumerkið í Kanada auk þess sem það mun leiða til markvissari dreifingar á Icelandic Glacial á landsvísu.

Stór hluthafi er bandaríski drykkjarvöruframleiðandinn Anheuser Busch. **- shá**

Hælisleitendur í Danmörku:

## Fleiri vilja taka kristna trú

**DANMÖRK** Kirkjumálaráðuneytið í Danmörku hefur veitt 1,3 milljónir danskra króna til verkefnis sem aðstoða á presta vegna aukins áhuga hælisleitenda á kristinni trú.

Á vef danska ríkisútvarpsins er greint frá því að þeim hælisleitendum sem vilja taka kristna trú fjölgi. Grunur er sagður leika á að sumir hælisleitenda vilji snúast til kristni í hagsmunaskyni þótt það kunni að hafa hættu í för með sér. **- ibs**



**Í DÓMKIRKJUNNI** Fundurinn hófst með bænastund. MYND/ÞJÓÐKIRKJAN

Biskupar skoðuðu Alþingi:

## Höfuðbiskupar hittust í borginni

**TRÚMÁL** Höfuðbiskupar lúthersku þjóðkirknanna á Norðurlöndum áttu tveggja daga fund í Reykjavík í byrjun vikunnar. Síðast hittust þeir hér á landi verið 2009.

Fundinn sátu Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, Antje Jackelén, erkibiskup sænsku kirkjunnar, Helga Haugland Byfuglien, höfuðbiskup norsku kirkjunnar, Kari Mäkinen, erkibiskup finnsku kirkjunnar, og Peter Skov-Jakobsen, biskup í Kaupmannahöfn.

Eftir bænastund í Dómkirkjunni í upphafi fundar á mánudag fengu biskuparnir skoðunarferð um Alþingishúsið við Austurvöll. **- vh**

Þegar þér leitið mín af öllu hjarta læt ég yður finna mig, segir Drottinn.
www.versdagsins.is

BOSCH

# Veldu örugga, hraðvirka og hljóðláta Bosch þvottavél

### Glæsileg vél frá Bosch, nú á tilboði.



## Bosch, þvottavél

WAP28498SN

Tekur mest 8 kg.
Hámarksvinduhraði 1400 sn./mín.
Sérkerfi: Dúnkerfi, dökkur þvottur, skyrtur, íþróttafatnaður, mjög stutt kerfi (15 mín.), húðvernd, blandaður þvottur, viðkvæmur þvottur/silki og ull.

10 ára ábyrgð á mótornum

Endingargóð og hljóðlát með kolalausum mótor. Með tímanum slitna venjulegir mótorar vegna kolanna, en kolalausi mótorinn heldur áfram að ganga eins og á fyrsta degi. 10 ára ábyrgð er á kolalausum mótorum frá Bosch.



WaveDrum-tromla: Með droplaga mynstri sem fer betur með þvottinn.

## Tilboðsverð: 129.900 kr.

**Fullt verð: 157.900 kr.**



AntiVibration: Hönnun á hliðum vélarinnar tryggir stöðugleika og minna hljóð.

Tilboð gildir til 28.03 eða á meðan birgðir endast.

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090




# Konu kvöld

SMÁRALINDAR OG K100

## FRÁBÆR TILBOÐ OG SKEMMTIATRIÐI

| | |
|---|---|
| **20.00** | Svali og Svavar |
| **20.05** | September |
| **20.30** | Ragnheiður Gröndal |
| **21.00** | Eyþór Ingi |
| **21.30** | Sam Sam |
| **22.00** | Friðrik Dór |

Ásamt fleiri uppákomum
og kynningum á göngugötu
og í verslunum.

**OPIÐ TIL 23**

ALLAR UPPLÝSINGAR BIRTAR MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

# VEGLEG TILBOÐ OG AFSLÆTTIR!

## TILBOÐIN GILDA Í ALLAN DAG

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **ESPRIT**

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **DÝRABÆR**

**50% afsláttur** af völdum vörum. — **vodafone**

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **MODUS Hársnyrtistofa Smáralind**

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **Kaupfélagið skór.is**

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **ecco Steinar Waage skóverslun**

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **AIR**

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **CINTAMANI** www.cintamani.is

**3 fyrir 2** af öllum vörum. — **MAKE UP STORE**

**20% afsláttur** af öllum gjafaöskjum. — **Sostrene Grene**

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **Ice in a bucket**

**20-40% afsláttur** af öllum vörum. — **smárar**

**20-60% afsláttur** af öllum vörum. — **BOYS**

**20% vildarafsláttur** af öllum vörum nema Vitra. — **Eymundsson**

**20-70% afsláttur** — **PANDÓRA** Ögleymanleg augnablik

**20% afsláttur** af öllum úrum. — **meba | rhodium**

**10-40% afsláttur** af öllum vörum. — **UNITED COLORS OF BENETTON.**

**10-40% afsláttur** af öllum vörum. — **Levi's**

**25% afsláttur** af öllu föndri og hannyrðum ásamt fleiri tilboðum. — **A4**

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **Optical Studio**

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **Drangey**

Valin salöt og réttir á aðeins **1.790 kr.** Hvítvínsglas með, aðeins 800 kr. — **CAFÉ ADESSO**

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **TOPSHOP**

**20% afsláttur** af öllum vörum. — **DOROTHY PERKINS**

**SMÁRALIND**
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19   FIMMTUDAGA 11-21   LAUGARDAGA 11-18   SUNNUDAGA 13-18   WWW.SMARALIND.IS   FACEBOOK   INSTAGRAM

**Tax free** af snyrtivörum. Tilboð á sokkabuxum.
HAGKAUP – Ein ferð betra verð

**20% afsláttur** af öllum vörum.
KAREN MILLEN

**20% afsláttur** af öllum skartgripum. **50% afsláttur** af völdum skartgripum.
Jens

**15% afsláttur** af öllum skóm.
BOSSANOVA

**20% afsláttur** af öllum glösum og skálum.
Líf&List – SMÁRALIND

**50% afsláttur** af öllum boxer nærbuxum.
XL Dressmann

**20% afsláttur** af öllum vörum.
skórnir þínir

**20% afsláttur** af öllum vörum.
KASUAL

**20% afsláttur** af sól- og gleraugnaumgjörðum.
PLUSMINUS OPTIC

**20% afsláttur** af öllum vörum. **30% afsláttur** af völdum ilmvötnum.
THE BODY SHOP

**20% afsláttur** af öllum vörum. **40% afsláttur** af völdum vörum.
MOA

**20% afsláttur** af jökkum og yfirhöfnum.
galleri sautján

**20% afsláttur** af kjúklingasalati í rauðu karrí. Kaffi og konfekt fyrir matargesti.
energia – RESTAURANT - KAFFI -BAR

**20% afsláttur** af öllum vörum.
coolcos – No perfume · No parabens

**20% afsláttur** af völdum vörum.
DÚKA

Allt að **70% afsláttur.**
comma,

**25% afsláttur** af öllum snyrtivörum og ilmum. **20% afsláttur** af bætiefnum.
LYFJA

**20% afsláttur** af öllum vörum.
KARAKTER KONUR

**20% afsláttur** af Bullboxer og Sixty Seven ásamt fleiri tilboðum.
gs skór

**20% afsláttur** af Converse og öllum hælaskóm ásamt fleiri tilboðum.
focus

**25% afsláttur** af öllum vörum (gildir ekki með öðrum tilboðum).
prooptik

**20% afsláttur** af öllum vörum.
CORNER

**20% afsláttur** af leðurarmböndum og Danish Design úrum.
JÓN & ÓSKAR

**25% afsláttur** af öllum vörum nema 20% afsláttur af snyrtivörum. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
DEBENHAMS

**3 fyrir 2** af öllum vörum.
SIX

**20% afsláttur** af allri sportvöru.
ÚTILÍF

**15% afsláttur** af öllum vörum.
VERO MODA

**15% afsláttur** af öllum vörum.
VILA CLOTHES

**20% afsláttur** af öllum vörum.
name it

**20% afsláttur** af öllum vörum.
SELECTED FEMME

**15% afsláttur** af öllum vörum.
JACK & JONES

**20% afsláttur** af öllum vörum.
evans.

**50% afsláttur** af öllum boxer nærbuxum.
Dressmann




opið til 23

**NÝTT**
KORTATÍMABIL

**VEGLEGT HAPPDRÆTTI!**

Ferðavinningur
frá **Úrval Útsýn**

Árskort frá **Hreyfingu**

Lúxus hármeðferð
frá **Modus** hárstofu

**Ásamt fleiri flottum vinningum**

Boðið verður upp á fatahengi
á tveimur stöðum í húsinu.

SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM



**UNGBARN** Börn á aldrinum tveggja til fjögurra mánaða geta ekki snúið andlitinu frá dýnunni, að sögn norsks læknis.

Ráð norsks læknis bjargaði lífi fjölda barna:

# Ungbörn eiga ekki að sofa á maganum

Norski barnalæknirinn Trond Markestad varaði árið 1989 foreldra og fagfólk við því að láta ungbörn sofa á maganum. Ári seinna hafði tilfellum vöggudauða fækkað um helming en þau höfðu verið 144. Læknirinn fékk á dögunum virt verðlaun fyrir vísindastörf sín, þar á meðal rannsóknir á skyndidauða ungbarna.

Miðað við fólksfjölda var Noregur meðal þeirra landa þar sem tilfellin voru flest á níunda áratug síðustu aldar. Á vef norska ríkisútvarpsins er haft eftir Markestad að rannsóknir á dauðsföllum tuttugu barna hefðu leitt í ljós að öll nema eitt hefðu legið á maganum með andlitið ofan í dýnuna eða kodda. Frekari rannsóknir leiddu í ljós að vöggudauði hafði aukist til muna á þeim svæðum þar sem hætt var að láta börnin liggja á hliðinni og þau lögð á magann í staðinn. Læknirinn segir að mönnum hafi brugðið við að komast að því hversu hjálparvana ungbörn á aldrinum tveggja til fjögurra mánaða eru þegar þau liggja á maganum. Þau geti ekki snúið andlitinu frá dýnunni.

Haft er eftir Torleiv Rognum, prófessor í réttarlæknisfræði, að auk legu á maganum auki of hátt hitastig og reykingar hættuna á vöggudauða. Hann hefur stýrt hópi vísindamanna sem rannsakað hafa vöggudauða frá níunda áratug síðustu aldar. Að sögn Rognum hefur orsökin í sumum tilfellum verið truflanir á efnaskiptum eða hjartslætti. Leitinni að áhættu vegna erfðaþátta er haldið áfram. Nú eru tilfelli vöggudauða í Noregi um fimmtán á ári. - ibs

# Nær fjórða hvert barn þarf sérfræðiaðstoð

**Deildarstjóri skólaþjónustu leik- og grunnskóla í Breiðholti segir mörgum börnum líða illa. Bið eftir frumgreiningu hjá sálfræðingi er yfir tvö ár. Fjármagn vantar.**

Um 250 níundubekkingum í grunnskólunum í Breiðholti hefur verið boðið að koma á námskeið vegna depurðar eða kvíða frá árinu 2008. Foreldrum barnanna hefur einnig verið boðin ráðgjöf. Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri skólaþjónustu leik- og grunnskóla í Breiðholti, segir skimanir sýna að mörgum börnum líði illa.



HÁKON SIGURSTEINSSON

„Við höfum skimað eftir kvíða og depurð hjá yfir 1.200 krökkum í níunda bekk. Skimist þeir yfir ákveðnum mörkum hringjum við í foreldra þeirra og bjóðum upp á viðtal, námskeið og önnur úrræði þjónustumiðstöðvarinnar.“

Að sögn Hákonar sýndu tölur frá því í júní í fyrra að 23 prósent barna í grunnskólunum fimm í Breiðholti þyrftu á einhvers konar sérfræðiaðstoð að halda og 17 prósent leikskólabarna. Hann kveðst ekki vita hvernig staðan sé í öðrum hverfum en viðmiðið sé að venjulega þurfi tíu til þrettán prósent grunnskólabarna sérfræðiaðstoð.

Ástæðurnar fyrir þessari miklu þörf geta verið margar, bæði félagslegar og menningarlegar. „Þegar erindi berst til okkar frá skólunum setjum við málið í ákveðinn farveg. Við byrjum á því að vinna úr gögnum sem fylgja tilvísun frá skólanum og skoðum hvað þar hafi þegar verið gert. Síðan er tekin sameiginleg ákvörðun með skóla og foreldrum um hver næstu skref verði út frá því sem fyrir liggur. Hér starfa kennsluráðgjafar, talmeinafræðingur og hegðunarráðgjafi. Stundum er niðurstaðan sú að barn þurfi á svokallaðri frumgreiningu að halda hjá sálfræðingi en hún er nauðsynleg áður en vísað er á aðrar stofnanir,“ segir Hákon.

Bið eftir slíkri greiningu hjá skólaþjónustunni í Breiðholti er nú talsvert á þriðja ár en reynt er að forgangsraða þegar grunur vaknar um alvarlega röskun eða fötlun, að því er Hákon greinir frá.

Sveitarfélög hafa borið ábyrgð á skólaþjónustu frá 1996. Reglugerðin var endurskoðuð 2010. „Hún gerði þá miklu meiri kröfur til þjónustunnar sem ekki var fylgt eftir með fjármagni. Við óskuðum eftir viðbótarfjármagni í fyrra til að grynnka á biðlistanum en fengum ekki. Borgin þarf að koma með peninga eða við höfum hér innanhúss sem við höfum reyndar gert. Ástandið er ekki gott.“ ibs@frettabladid.is



**KVÍÐI** Árangur af námskeiðum fyrir börn sem þjást af kvíða og depurð hefur verið góður. NORDICPHOTOS/GETTY


KIA | Ábyrgð fylgir!
Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*




Kia Rio LX
Árgerð 5/2013, ekinn 76 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 4,1 l/100 km.
1.990.000 kr.

Bílafjármögnun Landsbankans
Afborgun aðeins 29.987 kr. á mánuði m.v. 399.000 kr. útborgun og 80% bílalán frá Landsbankanum í 72 mánuði. 9,0% vextir, 11,33% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 72 mánaða.




Kia Sportage EX
Árgerð 7/2013, ekinn 38 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 6,0 l/100 km.
4.890.000 kr.




Kia Carens
Árgerð 9/2013, ekinn 32 þús. km, dísil, 1.685 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,1 l/100 km.
4.290.000 kr.




Kia cee'd EX
Árgerð 6/2014, ekinn 7 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,5 l/100 km.
3.690.000 kr.




Kia Sorento EX Luxury
Árgerð 6/2012, ekinn 88 þús. km, dísil, 2.199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.
5.190.000 kr.

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16


Ekki sofa
yfir ykkur
Í fyrramálið, á milli kl. 8:38 og 10:39, verður deildarmyrkvi á sólu.
Sýnið fyrirhyggju og stillið vekjaraklukkur með góðum fyrirvara.
Við vitum hvað það er gott að sofa fram eftir í rúmi frá Dorma.
Brandenburg
Holtagarðar | Akureyri | dorma.is | 512 6800
DORMA



PINGSJÁ



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is
Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

AF ÞINGPÖLLUNUM
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ

# Flókið mál flækt enn frekar með bréfi utanríkisráðherra

Hafi Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra ætlað sér að gefa skýr skilaboð sem ekki mættu misskiljast, með bréfi sínu til forsvarsmanna Evrópusambandsins (ESB) í síðustu viku, hlýtur að vera óhætt að fullyrða að markmið hans hafi ekki náðst að fullu. Í raun má segja að málið hafi orðið enn flóknara og var það þó flókið fyrir.

Þar kemur ýmislegt til. Fyrst ber að nefna orðalag bréfsins. Ef ætlunin var að slíta aðildarviðræðum hefði verið skýrara að segja það hreint út; að með bréfinu væri aðildarviðræðum slitið. Orðalagið býður hins vegar upp á mismunandi túlkanir, sem er bagalegt.

Og þær túlkanir hafa ekki látið á sér standa. Látum vera að stjórnarandstöðu og stjórnarliða greini á um innihaldið, það er bara hluti af pólitíkinni að takast á um slíkt. Þingumræður þessa vikuna hafa hins vegar leitt í ljós að stjórnarliða greinir á sín á milli um hvað bréfið þýði.

Þá kemur að því sem hefur litað störf þingsins þessa vikuna, stöðu þings gagnvart framkvæmdarvaldi. Að öllum gífuryrðunum um landráð, vanvirðingu við þingræðið og fleira í þeim dúr slepptum, verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að forseti Alþingis, Einar K. Guðfinnsson, sá sig knúinn til að setja á sérstaka umræðu um stöðu þingsins. „Yfirlýsing forseta. Staða Alþingis, yfirlýsing forseta og umræða um hana, skv. 61. gr. þingskapa," er liður sem maður sér ekki oft á dagskrá þingsins.

Það þarf enginn að velkjast í vafa um að til slíkrar umræðu er ekki boðað nema tilefni sé til. Það snertir í raun ekki efnisatriði málsins, afstöðu gagnvart aðildarviðræðunum, heldur lýtur það að stjórnskipuninni.

Sá þáttur málsins, að minnsta kosti, fellur því trauðla að lýsingu utanríkisráðherra á málinu þegar hann sagði: „Hér er nefnilega um tiltölulega einfalt mál að ræða."



➜ **Utanríkisráðherra**
Efnt var til sérstakrar umræðu um stöðu Alþingis í kjölfar bréfs Gunnars Braga Sveinssonar til ESB.

## GJALLARHORNIÐ



**Ásmundur Friðriksson**
**um Isavia**

Það er sárt að horfa á fullfríska menn bogna vegna harkalegra aðgerða yfirmanna […] Á sama tíma líðst yfirmönnum fyrirtækisins að ganga hart fram í starfsmannamálum og brjóta eigin reglur um siðferði og meðferð fjármuna fyrirtækisins og misnota aðstöðu sína meðan vammlausum starfsmönnum er sagt upp störfum án þess að hafa nokkuð til saka unnið.



**Vigdís Hauksdóttir**
**um kostnað við fjölmiðlaráðgjöf ráðuneyta**

[…] stjórnmálaflokkarnir voru endurnýjaðir, eins og til dæmis Framsóknarflokkurinn sem endurnýjaði allt sitt þinglið. Þá erum við víst orðin svo reynslulaus að nú þarf að fara að ráða sérstaka aðila inn í ráðuneytin til að hjálpa viðkomandi ráðherrum til að takast á við starfið og það er vel. Ég get tekið undir það með umboðsmanni Alþingis.

# Nefndin vill fimm kosti úr biðflokki í nýtingarflokk

Atvinnuveganefnd leggur til að fimm virkjanakostir, sem nú eru í biðflokki rammaáætlunar, verði nýttir. Stjórnarandstaðan segir lögbrot á ferð þar sem kostirnir hafi ekki fengið lögformlega meðhöndlun. Hiti er í þingmönnum.

Atvinnuveganefnd Alþingis skilaði á þriðjudaginn úr nefnd umfjöllun um tillögu Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, þess efnis að Hvammsvirkjun yrði færð úr biðflokki í nýtingarflokk. Nefndin leggur til að fallist verði á virkjunina og bætti um betur með því að leggja til að fjórir aðrir virkjanakostir færu sömu leið og yrðu nýttir.

Til marks um hve málið er stórt má nefna að það var eina málið sem rætt var í þingsal fyrstu tvo daga þessarar viku sem ekki laut að Evrópusambandinu og margumtöluðu bréfi utanríkisráðherra um stöðu Íslands gagnvart því. Og ekki spöruðu þingmenn stjórnarandstöðunnar stóru orðin, enda drógu þeir í efa að tillagan væri þingtæk, þar sem hún færi gegn lögum um rammaáætlun.

„Samkvæmt tillögunni er lagt til að fjórum kostum verði bætt við þá tillögu sem hæstvirtur umhverfisráðherra gerði tillögu um til þingsins í haust, en ráðherra gerði tillögu í samræmi við lög um rammaáætlun sem kveða á um tiltekið ferli," sagði Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna. „En nú liggur fyrir að þetta ferli er ekki virt og með tillögunni um að setja Hagavatn í nýtingarflokk er án vafa verið að ganga á svig við lög um rammaáætlun."

Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, taldi einnig að um lögbrot væri að ræða.

„Mönnum er algjörlega sama um þá umgjörð sem við höfum sett okkur um það hvernig við vinnum hlutina, vegna þess að ef menn eru búnir að ákveða að þeir vilji hafa einhverja hluti öðruvísi þá skipta lög engu máli."

Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, sagði alveg skýrt að þessi gjörningur færi beinlínis í bága við lög um rammaáætlun og umsögn verkefnisstjórnar um rammaáætlun taki af vafa um það.

„Ætla menn þá bara að láta sem ekkert sé þegar þeim er sagt af þar til bærum aðilum að þeir séu beinlínis að brjóta lögin og halda sínu fram?"

kolbeinn@frettabladid.is

**…er án vafa verið að ganga á svig við lög um rammaáætlun.**
*Svandís Svavarsdóttir*

## Virkjanakostir sem nefndin vill að verði settir í nýtingarflokk



### HAGAVATN
**Við Sprengisand**

UPPSETT AFL 20 MW | ORKUGETA 120 GWh/ár

Faghópar hafa ekki metið virkjunaráformin.



### SKROKKALDA
**Við Sprengisand**

UPPSETT AFL 45 MW | ORKUGETA 345 GWh/ár

Faghópar hafa ekki metið virkjunaráformin.



### HOLTAVIRKJUN
**Við Sprengisand**

UPPSETT AFL 57 MW | ORKUGETA 450 GWh/ár

Verkefnisstjórn telur kostinn ekki fullrannsakaðan.



### HVAMMSVIRKJUN
**Í neðri hluta Þjórsár**

UPPSETT AFL 93 MW | ORKUGETA 720 GWh/ár

Verkefnisstjórn telur kostinn ekki fullrannsakaðan.



### URRIÐAFOSSVIRKJUN
**Í neðri hluta Þjórsár**

UPPSETT AFL 140 MW | ORKUGETA 1.037 GWh/ár

Verkefnisstjórn telur kostinn ekki fullrannsakaðan.



KVARNIR Kvarnir/Brimrás/Pallar ehf | Akralind 8 | 201 Kópavogur | sími 564 6070
Fax 564 6071 | kvarnir@kvarnir.is | www.kvarnir.is | www.pallar.is

Fjórtán mál eru í umsagnarferli hjá þingnefndum Alþingis:

# Allir geta sent inn umsögn

Það vita það kannski ekki allir, en almenningur getur, jafnt á við hagsmunaaðila, sent inn umsagnir um þau þingmál sem nefndir leita eftir umsögnum um. Líkt og farið hefur verið yfir áður hér í Þingsjá er ferli mála þannig að eftir fyrstu umræðu er þeim vísað til nefndar. Nefndin kallar síðan eftir umsögnum og kallar sérfræðinga á sinn fund eftir þörfum.

Á vef Alþingis má finna lista yfir þau mál sem eru í umsagnarferli og hvenær frestur rennur út. Þar kemur fram að meginreglan sé sú að aðgangur að erindum til nefnda sé öllum heimill.

Með öðrum orðum getur hver sem er komið athugasemdum sínum á framfæri í umsögnum til þingnefnda og reynt þannig að hafa áhrif á lagasetningu. Eins og sjá má hér til hliðar eru 14 mál í umsagnarferli nú um stundir. - kóp

### ➜ Mál í umsagnarferli og frestur til skila

**Frestur til 18.3**
- Aukinn stuðningur vegna tæknifrjóvgana
- Efling virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur
- Seinkun klukkunnar og bjartari morgnar

**Frestur til 20.3.**
- Landmælingar og grunnkortagerð
- Upplýsinga- og sannleiksskylda ráðherra

**Frestur til 23.3.**
- Þingsköp Alþingis

**Frestur til 24.3.**
- Fjármálafyrirtæki
- Kosningar til Alþingis
- Vextir og verðtrygging o.fl.

**Frestur til 26.3.**
- Skattaafsláttur vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu
- Virðisaukaskattur

**Frestur til 30.03.**
- Athugun á hagkvæmni lestarsamgangna
- Plastpokanotkun

**Frestur til 7.4.**
- Fordæming pyndinga leyniþjónustu Bandaríkjanna







**BOSTON TUNGUSÓFI**
Stærð: 298x97x232 cm.
Áður 299.900,-
**NÚ 239.920,-**

**HAAG TUNGUSÓFI**
Stærð: 325x143x210 cm.
Áður 199.900,- **NÚ 159.920,-**

A WORLD OF INSPIRATION • the PIER • FOR YOUR HOME

ANTON&BERGUR

# 20% AFSLÁTTUR

## AF HÆGINDASTÓLUM

Afsláttur gildir 19.–25. mars



**MARINDA**
Stærð: 62x71xH90 cm.
Áður 39.900,-
**NÚ 31.920,-**



**PICCADILLY**
Stærð: 72x71xH81 cm.
Áður 59.900,- **NÚ 47.920,-**



**FIFTIES**
Stærð: 82x70xH100 cm.
Áður 99.000,- **NÚ 79.920,-**



**ER FERMING FRAMUNDAN?**

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Erum á Facebook • www.pier.is

Telja að nýbirtar hagtölur bendi til þess að Hagstofan hafi vanmetið hagvöxt á fyrstu þremur fjórðungum síðasta árs:

# Þróun vaxta ræðst af komandi kjarasamningum

Tilkynnt var í gær að Seðlabanki Íslands myndi halda vöxtum óbreyttum. Meginvextir bankans verða því áfram 4,5 prósent. Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri gerðu grein fyrir ákvörðun Peningastefnunefndar á fundi í gær.

Þar er vísað í nýbirta þjóðhagsreikninga þar sem fram kemur að hagvöxtur var á síðasta ári 1,9%, sem er í takt við það sem Seðlabankinn áætlaði í febrúar. „Nýju gögnin staðfesta það mat nefndarinnar, sem fram kom í síðustu yfirlýsingu, að fyrri áætlanir um hagvöxt á fyrstu þremur fjórðungum ársins hafi falið í sér vanmat og breyta því ekki í meginatriðum mati nefndarinnar á nýlegum hagvexti og efnahagshorfum,“ segir í greinargerð Peningastefnunefndar.

Þá segir að verðbólga hafi mælst 0,8% undanfarna mánuði og lítils háttar lækkun verðlags mælist sé horft fram hjá áhrifum húsnæðiskostnaðar.

„Lítil alþjóðleg verðbólga og stöðugt gengi krónu halda aftur af verðbólgu og vega á móti áhrifum töluverðra launahækkana innanlands,“ segir í greinargerðinni. Vísbendingar séu um að verðbólguvæntingar hafi hækkað undanfarnar vikur sem mögulega endurspegli væntingar um að niðurstaða komandi kjarasamninga muni ekki samrýmast verðbólgumarkmiðinu.

Þá ítrekar Seðlabankinn að haldist verðbólga undir markmiði og launahækkanir verði í komandi kjarasamningum í samræmi við verðbólgumarkmiðið gætu skapast forsendur fyrir frekari lækkun nafnvaxta. Miklar launahækkanir og vöxtur eftirspurnar gætu hins vegar valdið því að hækka þurfi vexti á ný. - jhh

> **Lítil alþjóðleg verðbólga og stöðugt gengi krónu halda aftur af verðbólgu.**



**SEÐLABANKI** Már Guðmundsson og Arnór Sighvatsson hittu blaðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**RÁÐHERRA** Nefnd um heildarendurskoðun laga hefur skilað tillögum. Þær hafa hvorki verið kynntar þingi né almenningi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný lög um Seðlabankann:

## Ekki búið að kynna tillögur

Enn hefur ekki verið ákveðið hvenær tillögur nefndar um heildarendurskoðun á lögum um Seðlabankann verða birtar almenningi. Nefndin starfaði undir forystu Þráins Eggertssonar hagfræðings, en auk hans sátu Friðrik Már Baldursson hagfræðingur og Ólöf Nordal, núverandi innanríkisráðherra, í nefndinni.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu hafa tillögurnar ekki verið kynnt þingmönnum stjórnarflokkanna. Ráðherra hefur frest til mánaðamóta til þess að leggja frumvarpið fram, vilji hann gera það á þessu þingi. - jhh

Áfengissala gaf vel af sér:

## Hagnaður HOB jókst verulega

HOB-vín ehf. skilaði 42,2 milljóna króna hagnaði á síðasta ári, samkvæmt samandregnum ársreikningi sem nýlega var birtur í ársreikningaskrá. Það er mun betri niðurstaða en árið áður þegar hagnaðurinn nam 17 milljónum króna.

Eigið fé félagsins er tæpar 108 milljónir. Eignir félagsins námu 201 milljón króna við síðustu áramót og höfðu aukist um 50 milljónir á milli ára. Þar af er eigið fé 107,8 milljónir. - jhh

# Undanþágur verði afnumdar

Framkvæmdastjóri Eykons telur hægt að afnema undanþágur frá gjaldeyrishöftum, ef allir sitja við sama borð. Hann gagnrýnir leynd sem ríkir um undanþágurnar og að fólk þurfi að byggja upplýsingar á sögusögnum.

Gunnlaugur Jónsson, framkvæmdastjóri Eykons Energy, segir að miðað við sínar upplýsingar ætti að vera hægt að afnema þær undanþágur sem veittar eru frá gjaldeyrishöftum og setja almennar reglur á grundvelli þeirra. Nema að það sé verið að mismuna umsækjendum verulega um undanþágur.

Hann gagnrýnir þá leynd sem hefur verið um þær undanþágur sem hafa verið veittar. „Það er grundvallarregla í réttarsamfélagi að rétturinn sé þekktur fyrirfram. Til dæmis er gerð sú krafa að lög gilda ekki fyrr en þau hafa verið birt, reglugerðir gilda ekki fyrr en þær hafa verið birtar. En undanþágur sem augljóslega eiga að hafa fordæmisgildi ef allir eiga að vera meðhöndlaðir á sama hátt, þær eru ekki birtar,“ segir hann.

Gunnlaugur bætir því við að fólk hafi ekki hugmynd um hvernig undanþágu það á að sækja um. „Kannski skiptir þá máli að þekkja einhvern í Seðlabankanum sem veit þá hvernig undanþágu maður á að sækja um,“ segir Gunnlaugur.

Hann segir að fólk standi frammi fyrir tvenns konar vandamálum. Í fyrsta lagi að það viti ekki um hvers konar undanþágur það á að sækja. Í öðru lagi að það sé ekkert aðhald. „Maður getur ekki sótt neitt mál, maður getur ekki beitt neinum rökum um jafnræði vegna þess að maður veit ekki hvað hefur verið gert annars staðar,“ segir Gunnlaugur.

Gunnlaugur segir að Eykon hafi sótt um undanþágu sem var hafnað í sinni ýtrustu mynd en síðar fengið vægari undanþágu. Eykon fékk þá undanþágu frá formreglu, en undanþágan hafði ekki áhrif á gjaldeyrisflæði frá Íslandi.

Gunnlaugur segist enga ástæðu hafa til þess að telja að Seðlabankinn misbeiti valdi sínu. Hann skilji niðurstöðuna varðandi umsókn Eykons, ef ekki eru einhverjar aðrar undanþágur sem ganga í berhögg við þau vinnubrögð sem Seðlabankinn viðhafði þá. „En það sem mér finnst er til vill gagnrýnivert og ég veit ekki hvort ég get gagnrýnt eða rökrætt er hvort einhverjir aðrir hafi fengið betri fyrirgreiðslu. Ég hef heyrt um nokkur slík dæmi,“ segir Gunnlaugur. Hann hafi hins vegar engar áreiðanlegar heimildir um það þar sem upplýsingar um undanþágurnar eru ekki opinberar.

„Það hlýtur að vera eðlilegt að stjórnvald eins og Seðlabankinn gefi nægar upplýsingar til þess að orðrómur sem þessi skipti engu máli. Ég er sem sagt ekki að setja orðróminn fram vegna þess að ég trúi á hann, heldur sem rök fyrir því að þetta eigi að opna til að taka af öll tvímæli,“ segir hann.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem undanþágurnar frá gjaldeyrishöftum hafa sætt gagnrýni. Bæði Viðskiptaráð og Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands, hafa gagnrýnt ógagnsæið.

jonhakon@frettabladid.is

> **Það er grundvallarregla í réttarsamfélagi að rétturinn sé þekktur fyrirfram.**
> *Gunnlaugur Jónsson.*



**VILL UPPLÝSINGAR** Gunnlaugur Jónsson segir ómögulegt að þurfa að byggja heimildir sínar á sögusögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Töluverður einskiptiskostnaður varð vegna sameiningar Virðingar og Auðar:

# Hagnaðurinn 60 milljónir króna

Virðing hf. skilaði 60 milljóna króna hagnaði á síðasta ári. Þetta var fyrsta árið sem Auður Capital og Virðing störfuðu saman undir nafni hins síðarnefnda.

Heildartekjur á árinu námu 921 milljón og eigið fé var 697 milljónir. Töluverður einskiptiskostnaður féll til vegna sameiningarinnar og var hann að fullu gjaldfærður á árinu, að því er fram kemur í tilkynningu.

Stjórnendur búast við að hagræðingaraðgerðir sem ráðist hefur verið í síðustu mánuði skili sér að fullu á árinu 2015.

„Sameining Auðar Capital og Virðingar hefur reynst vera mikið gæfuspor. Félagið nýtur mikils trausts á markaðnum sem sést einna best á breidd viðskiptavinahóps félagsins. Sameinað félag er með alla helstu lífeyrissjóði landsins í viðskiptum auk annarra stórra fagfjárfesta og efnameiri einstaklinga. Árangurinn í ávöxtun verðbréfasjóða og í eignastýringu á síðasta ári talar sínu máli og er til vitnis um hæfni og reynslu þess öfluga fólks sem hér starfar,“ segir Hannes Frímann Hrólfsson forstjóri í tilkynningu. - jhh



**FORSTJÓRI** Hannes Frímann segir að Virðing sé með alla helstu lífeyrissjóði landsins í viðskiptum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# HOLI

fimm rétta hátíðarmatseðill

*5.990 kr. mán.-mið.*
*6.990 kr. fim.-sun.*

### *FORRÉTTUR*

**Kottayam Tiger Prawn**
*Snöggeldaðar risarækjur í kóríander, chillí, karrýlaufum og sinnepsfræjum*

### *AÐALRÉTTIR*

**Boti Kebab**
*Lambafillet maríneruð í kúmíni, engiferi og garam masala - grillað í Tandoori ofninum*

*og*

**Lasooni Murgh**
*Grillaðar kjúklingalundir, maríneraðar í hvítlauk, kúmíni og grænum chillí*

*og*

**Shahi Kurma**
*Blandað grænmeti, eldað í ríkulegri sósu með kanil, kardimommum og negul*

### *MEÐLÆTI*

*Hvítlauks Naan-brauð*
*Raitha jógúrtsósa*
*Basmati-hrísgrjón*

### *EFTIRRÉTTUR*

*Kulfi - heimalagaður indverskur pistasíuís með saffran*







# HOLI-hátíð hjá Austur-Indíafjelaginu

## Gleði, litir og dásamlegur matur

Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku HOLI-hátíð. Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi fram í apríl með ríkulegum fimm rétta HOLI-hátíðarmatseðli á frábæru verði: **5.990 kr.** mán.-mið. og **6.990 kr.** fim.-sun.

Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.
**Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.**

# AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

**Borðapantanir: 552-1630** Hverfisgata 56 Opið: sun.-fim. 17:30 - 22:00 og fös.-lau. 17:30 - 23:00

Fram undan virðist vera málefnarýr landsfundur:

# Samfylkingin er í tilvistarkreppu

Landsfundur Samfylkingarinnar verður settur í fyrramálið. Engum dylst að Samfylkingin á bágt. Flokkurinn var stofnaður til að vera annar af tveimur turnum íslenskra stjórnmála. Í fyrstu blés ágætlega í segl Samfylkingarinnar. Flokkurinn fékk síðan einstakt tækifæri þegar hann var leiddur til forystu. Formaður flokksins varð forsætisráðherra. Síðan hefur hallað undan fæti.



**Sigurjón Magnús Egilsson**
sme@frettabladid.is

Staða flokksins er fjarri settum markmiðum. Þjóðin fyrirgaf honum að hafa verið helmingur hrunstjórnarinnar. Í kosningum eftir hrunið jók flokkurinn fylgi sitt og bætti við sig tveimur þingmönnum, fór úr átján í tuttugu. Nú eru þeir aðeins níu. Og allir eiga þeir sameiginlegt að hafa í kosningunum 2013 tapað þingmönnum, samherjum, í sínum kjördæmum. Allir þingmenn Samfylkingarinnar fóru halloka í kosningunum. Hinn stjórnarflokkurinn, Vinstri græn, fór einnig illa í þeim kosningum, en hefur ratað aftur á sinn fyrri bás.

Landsfundur Samfylkingarinnar er fram undan og nokkuð víst er að umboð æðstu forystu flokksins verði endurnýjað, eins og ekkert sé sjálfsagðara. Það getur ekki verið sjálfsagt. Nærri tvö ár eru frá kosningunum afdrifaríku og fylgi flokksins er enn svo langt frá öllum markmiðum að erfitt er að trúa að félagar í flokknum geti sæst á stöðuna.

Í nýlegri skoðanakönnun Fréttablaðsins mældist Samfylkingin með rétt rúm sextán prósent sem er einu prósentustigi minna en flokkurinn fékk í síðasta Þjóðarpúlsi Gallup.

Hvað ætli valdi að í slíku árferði séu ekki átök um forystuna? Og málefnin? Hvað ætlar flokkurinn að ræða á fundinum? Samkvæmt dagskránni verða málstofur um sveitarstjórnarmál, hvort Ísland sé best í heimi og þriðja æviskeiðið, það er sextíu ára og eldri, húsnæðismál, kvennahreyfingu og græna netið.

Hvað með Evrópusambandið, peningamálin, fjármagnshöftin, krónuna, sjávarútveginn, stjórnarskrána, menntamálin, samgöngurnar, virkjanir og ekki virkjanir, atvinnustefnuna, mannréttindi, byggðastefnu, náttúruna, menninguna? Og svo mætti áfram telja. Samfylkingin virðist kunna vel við sig á áhorfendabekkjunum.

Eigi að verða minnsta von til að draumar stofnenda Samfylkingarinnar rætist er ljóst að gera verður betur. Það hlýtur að teljast hart að flokkur sem frá stofnun og fram að síðustu kosningum hafði sautján til tuttugu þingmenn skuli ekki hafa afl til að takast á við stöðuna. Meðan hér situr óvinsæl ríkisstjórn þarf Samfylkingarfólk að horfa á fylgið, sem nú tínist af Framsóknarflokki, fara fram hjá. Samfylkingin er ekki að gera það gott þessa dagana.

Þegar illa áraði hjá Alþýðuflokknum, einum af forverum Samfylkingarinnar, steig Jón Baldvin Hannibalsson fram og bauð sig fram gegn sitjandi formanni, Kjartani Jóhannssyni, með þeim rökum að þegar kallinn í brúnni fiskaði ekki, yrði að skipta um formann. Og hafði betur. Í dag gilda greinilega önnur lögmál. Eða er staðan sú að enginn fæst til að fara gegn formanninum? Vill enginn leiða flokkinn í þeim dal sem hann virðist fastur í? Hvað sem því líður skuldar Samfylkingin þjóðinni að koma fram með lausnir, málefni og skarpa framtíðarsýn.

Samfylkingin gengst undir stöðupróf um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

300
ÞÚSUND KRÓNA
LÁGMARKSLAUN
Já
Starfsgreinasamband Íslands
www.sgs.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þingmaðurinn skilur ekki

Eina bestu ræðuna, um stöðuna í ESB-málinu, flutti Björt Ólafsdóttir. Björt játaði að henni væri um megn að skilja málið. „Er það til of mikils mælst að fólk tali bara hreina íslensku? Erum við að biðja um of mikið? Ég skil ekki helminginn af því sem hér fer fram, ég verð bara að viðurkenna það, út af því að hér er talað tvist og bast, algjörlega. En það kannski lýsir því hvernig málið er allt saman, það er algjörlega í uppnámi og ég næ illa utan um þessar skýringar út af því að þær eru úti um allt.“



### Ræðum svikin loforð

Björt Ólafsdóttir sagði meira eftirtektarvert í ræðu sinni. „Sífellt er verið að lýsa störfum fyrri ríkisstjórnar í þessu máli öllu saman. Ég verð að segja að mér er bara nákvæmlega sama um það hvernig Steingrímur J. Sigfússon eða Össur Skarphéðinsson töluðu á fyrra kjörtímabili eða hvað þeir sögðu. Við erum að ræða hvað þessi ríkisstjórn er að gera, við erum að ræða sviknu loforðin hennar og við skulum halda okkur við það. Það er lúalegt og það er dapurlegur vitnisburður um innrætingu viðkomandi ráðherra og þingmanna að það réttlæti eigin gjörðir að einhverjir aðrir hafi hagað sér kjánalega.“



### Meira en úldin spilling

Jónas Kristjánsson fjallar um ívilnunarsamning Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Jónas segir hana stela frá skattgreiðendum og afhenda frænda Bjarna Benediktssonar. Hann bendir á að aðrir í bleikjueldi hafi ekki fengið ámóta fyrirgreiðslu. Það er afsláttur af sköttum og gjöldum, helmings afsláttur af tryggingagjaldi og fasteignagjaldi, undanþágu frá aðflutningsgjöldum og þjálfunarstyrk upp á hundruð milljóna. „Þetta er ekki bara úldin spilling, heldur hreinn þjófnaður. Vonandi verður glæpakvendið sjálft látið endurgreiða þetta, þegar hún hefur verið hrakin frá völdum. Óbeit sjálfstæðismanna á frjálsri samkeppni keyrir meira um þverbak en nokkru sinni.“

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Framtíðarsýn í skipulagsmálum

SKIPULAG



**Sigrún Magnúsdóttir**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Landsskipulagsstefna er nýtt og spennandi skipulagsverkfæri sem er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun, skilvirkri áætlanagerð og vera sveitarstjórnum leiðarljós við skipulagsgerð, en felur ekki í sér fyrirmæli um nákvæma útfærslu. Meðal annars er lögð áhersla á samspil ólíkrar landnotkunar og nýtingar lands einkum fyrir landbúnað, ferðaþjónustu og skógrækt.

Þingsályktunartillaga um landskipulagsstefnu 2015-2026 verður lögð fram nú á vorþingi. Umhverfis- og auðlindaráðherra fól Skipulagsstofnun í október 2013 að hefja vinnu við stefnuna og kynnti viðfangsefni og áherslur. Í vinnu sinni hefur Skipulagsstofnun nýtt vel þann tímaramma sem var til umráða og átt náið samráð við almenning, sveitarstjórnir, opinberar stofnanir og félagasamtök víða um land.

Ferlið hefur tekist sérlega vel. Reglulega var leitað eftir ábendingum og hugmyndum og segja má að almennt hafi þátttaka verið góð á fundum. Auk þess hefur sérstök nefnd verið Skipulagsstofnun og ráðherra til ráðgjafar.

**Landið teiknað**

Frá byrjun hefur almenningi gefist kostur á að koma að verkefninu og útfæra hugmyndir sínar myndrænt. Meðal annars var þátttakendum á opnum fundum boðið til vinnusmiðju þar sem einn eða nokkrir saman í hóp teiknuðu upp sína hugmynd að landsskipulagi á Íslandskort í mismunandi litum, allt eftir viðfangsefnum svo úr urðu um 180 kort sem nýttust í vinnunni.

Í framhaldinu var nokkrum valkostum stillt upp og þeir ræddir ítarlega á opnum fundum þar sem skipst var á skoðunum og samtímis boðið upp á að koma að skriflegum athugasemdum sem nýttar voru við endanlega tillögu að landsskipulagsstefnu. Loks sendi Skipulagsstofnun bréf á um 180 aðila með beiðni um umsögn og bárust 73 umsagnarbréf. Farið var yfir allar innsendar athugasemdir áður en gengið var frá formlegri tillögu að landsskipulagsstefnu sem skilað hefur verið til umhverfis- og auðlindaráðherra.

Ég hvet eindregið til þess að sem flestir kynni sér ferlið og tillöguna á landsskipulag.is. Þegar vel tekst til getur skipulagsvinna dregið fram ímynd staða eða svæða og mætt þörf okkar á hverjum tíma, eins og fyrir aukna ferðaþjónustu. Aukin ásókn í takmarkaðar auðlindir getur leitt til aukins álags á umhverfið og óvissu og mun landskipulagsstefna því þurfa að vera í virkri þróun til framtíðar.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Óveður í aðsigi

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Á fyrri tíð gerðist það með allreglulegu millibili, að kjarasamningar á vinnumarkaði fóru úr böndum. Verklýðsforingjar báru jafnan mestan hluta ábyrgðarinnar á þessu ástandi í þeim skilningi, að þeir gerðu stundum kaupkröfur langt umfram greiðslugetu vinnuveitenda í þeirri von og vissu, að ríkisstjórnin myndi leysa vinnuveitendur úr snörunni með ríkishallarekstri, peningaprentun og gengisfellingum. Það gekk jafnan eftir.

**Verðbólgubælið Ísland**

Vinnuveitendur báru einnig ábyrgð í þeim skilningi, að þeir töldu sig yfirleitt ekki þurfa að hafa miklar áhyggjur af niðurstöðu kjarasamninga, þar eð ríkið myndi bjarga þeim eftir á. Kunnir eru sólstöðusamningarnir 1977. Þar var samið um 25% kauphækkun eða þar um bil, og verðbólgan rauk á nokkrum árum upp í hæstu hæðir og varð 83% 1983 í krafti víxlgengis verðlags og launa. Ábyrgðarleysi vinnuveitenda lýsti sér einnig í því, að þeir undu markaðsfirringu efnahagslífsins og meðfylgjandi spillingu mætavel. Allt efnahagslífið var svo njörvað niður, að við lá, að enginn gæti hrært legg eða lið nema með leyfi stjórnmálaflokkanna. Vinnuveitendur hegðuðu sér eins og framlengdur armur Sjálfstæðisflokksins: þeir boðuðu markaðsbúskap í orði, en börðust gegn honum á borði. Þeir sýndu aðild að ESB ekki áhuga fyrr en eftir dúk og disk, einir í hópi evrópskra atvinnurekenda. Verklýðshreyfingin var einnig flokkspólitísk, en þó þannig að þar komu allir flokkar við sögu. Ríkið bar einnig mikla ábyrgð á verðbólgunni með lausatökum í efnahagsmálum, sem rýrðu kaupmátt og ýttu þannig undir kaupkröfur í kjarasamningum.

**„Þjóðarsáttin“**

Þessum langa darraðardansi lauk 1990, þegar nokkrir verklýðsforingjar og forustumenn vinnuveitenda ákváðu að hætta gömlu vitleysunni og semja heldur um hóflega kauphækkun í þeirri von, að verðbólgan hægði þá á sér. Verðtrygging fjárskuldbindinga var þá nýkomin til skjalanna og dró úr aðdráttarafli áframhaldandi verðbólgu. Það lýsti hugmynd samningsaðila um eigin mátt og megin, að þeir kenndu samkomulagið sín í milli við „þjóðarsátt“. Hugsunin á bak við „sáttina“ var þessi: Kaupmáttur launa getur aukizt meira með hóflegri kauphækkun en með gamla laginu. Þetta reyndist rétt eins og vita mátti, enda ber reynslan órækt vitni víðs vegar að. Mikil verðbólga hefur alls staðar og ævinlega óhagkvæmni í för með sér og kemur iðulega verst við þá, sem minnst mega sín. Tilraunin tókst. Verðbólga hefur mælzt í eins stafs tölum hér heima síðan 1991 nema eftir hrun, þegar hún rauk upp fyrir 10% 2008 og 2009. Nú er hún næstum engin aldrei slíku vant, ekki sízt vegna lækkandi verðs á innfluttri olíu.

**Ófriðlegar horfur**

Nú bendir ýmislegt til afturhvarfs til fyrri hátta í kjarasamningum, enda hefur lagaumgerð vinnumarkaðarins haldizt óbreytt í grundvallaratriðum frá 1938. Að þessu sinni bera vinnuveitendur ásamt stjórnvöldum höfuðábyrgð á ófriðlegum horfum á vinnumarkaði. Vinnuveitendur hafa storkað launafólki með hroka („Viðskiptaráð leggur til að Ísland hætti að bera sig saman við Norðurlöndin enda stöndum við þeim framar á flestum sviðum“) og hirðuleysi, sem lýsir sér m.a. í ofurháum forstjóralaunum og rausnarlegum starfslokasamningum. Þetta er ný staða. Það hefur ekki gerzt áður, að vinnuveitendur hafi beinlínis storkað launþegum til að leggja fram miklar kaupkröfur í næstu samningalotu.

Ríkisstjórnin gerði illt verra með því t.d. að láta það vera eitt sitt fyrsta verk í fyrra að afturkalla áður ákveðna hækkun veiðigjalda útvegsfyrirtækja. Þetta skiptir máli í ljósi aðkomu ríkisins að kjarasamningum á fyrri tíð, ýmist fyrir fram eða eftir á, og einnig vegna þess, að ríkið er stærsti vinnuveitandinn. Með því að skáka læknum í verkfall tefldi ríkisstjórnin endanlega frá sér getunni til að hafa hemil á launaþróuninni. Stórir hópar launþega munu því að miklum líkindum gera kröfur um svipaðar kjarabætur og læknar fengu (og flugmenn). Spurt verður, hvers vegna ríkið og fyrirtækin séu ekki borgunarmenn fyrir mannsæmandi launum. Spurningin er réttmæt eftir allt, sem á undan er gengið.

Launþegar mættu einnig líta í eigin barm. Ríkisstjórnin situr í umboði þeirra sem kjósenda.

> Það hefur ekki gerzt áður, að vinnuveitendur hafi beinlínis storkað launþegum til að leggja fram miklar kaupkröfur í næstu samningalotu.

## AF NETINU

### Stéttvísi forstjóraveldisins



Þetta er það sem stjórnarseta í fyrirtækjum gengur alltof oft út á – að skammta nógu andskoti há laun.

Það má nota gamalt hugtak yfir þetta og kalla það „stéttvísi“. Því miður virðist forstjóravaldið núorðið hafa meiri stéttvísi en allur almenningur.

Hún felst í því að forstjóra/stjórnarmanni eru skömmtuð ofurlaun – í þeirri vissu að þegar kemur að honum að skammta öðrum forstjóra/stjórnarmanni ofurlaun þá gerir hann það og þykir ekkert tiltökumál.

Og svo koll af kolli.

Þetta festir svo í sessi ójöfnuðinn sem er að verða eitt helsta bölið í vestrænum hagkerfum – og hefur ekki verið meiri síðan fyrir heimsstyrjöldina.

http://eyjan.pressan.is

*Egill Helgason*

### Hræðsluáróðurinn stenst ekki



Allt frá lýðveldisstofnun fyrir tæpu 71 ári hafa íslenskir valdamenn ávallt heykst á því að halda þjóðaratkvæðagreiðslur um pólitísk málefni á þeim forsendum sem nú er haldið á lofti eina ferðina enn: „Þjóðaratkvæðagreiðsla myndi ógilda alþingiskosningar.“

Reynslan hér hefur þó sýnt allt annað, því í þau þrjú skipti sem forsetinn hefur vísað málum til þjóðarinnar, fjölmiðlafrumvarpinu og tveimur Icesave-málum, sátu báðar ríkisstjórnirnar, sem í hlut áttu, áfram, og næstu alþingiskosningar fóru síðan fram eins og ekkert hefði í skorist.

http://omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*




20.-21. MARS

LANDSFUNDUR SAMFYLKINGARINNAR 2015

HÓTEL SÖGU REYKJAVÍK

VELKOMIN Á LANDSFUND!

FÖSTUDAGUR 20. MARS

11:00-13:30 Setning landsfundar
Tillögur kynntar, fyrri umræða

14.00-16:00 OPNAR MÁLSTOFUR á föstudegi, allir velkomnir!
- Kl. 13:30 Landsþing 60+ Þriðja æviskeiðið – ný tækifæri
- Sveitarstjórnaráð Hinn mannlegi þáttur stjórnmálanna
- Ungir jafnaðarmenn Ísland – best í heimi?

16.00-16:30 Feðginin Sigurður Flosason og Anna Gréta Sigurðardóttir leika djass

16:30-17:30 SETNINGARHÁTÍÐ í Súlnasal Hótel Sögu
- Setningarræða formanns, Árna Páls Árnasonar og ávarp Evin Incir, framkvæmdastýru IUSY
- Sigríður Thorlacius syngur og fjallkonan minnist 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna með áhættuatriði!

18:00-22:00 Málefnanefndir að störfum

LAUGARDAGUR 21. MARS

09:30-11:30 Landsfundi fram haldið
Tillögur málefndanefnda, síðari umræða og afgreiðsla

11:30-12:30 OPNAR MÁLSTOFUR á laugardegi, allir velkomnir!
- Húsnæðismálin! Að geta hvorki keypt né leigt
- Kvennahreyfingin Sókn gegn heimilisofbeldi
- Græna netið Látum Drekann sofa en samviskuna vaka

13:30-17:00 Umræður, afgreiðsla tillagna og önnur mál

17:00-17:30 Lokaathöfn og afhending Hvatningarverðlauna Samfylkingarinnar

20:00 Hátíðarkvöldverður og skemmtun í Iðusölum

SAMFYLKINGIN – AÐ STÖRFUM FYRIR ALMENNING
#xslandsfundur www.xs.is

# Fermingar





## MacBook Pro Retina13”
128GB Vöru nr: Z0R9

**Fermingartilboð***

**249.990.-**

Fullt verð: 264.990.-



**FREYJU PÁSKAEGG NR 6**
Fylgir með fyrstu 125 fermingartilboðum*

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
Fermingartilboð gilda til 26. mars 2015, eða meðan birgðir endast.



### Knomo Troon 13”

Troon frá Knomo er vönduð hliðartaska með sérvarið hólf fyrir allt að 13" fartölvu. Þægileg ól sem hægt er að lengja og stytta.

Verð 14.890.-



### Knomo Par 13-15”

Par taskan frá Knomo er vönduð hliðartaska með sérvarið hólf fyrir 13-15" fartölvu. Þægileg ól sem hægt er að lengja og stytta.

Verð frá 14.990.-



### Leather Slim Sleeve 13”

Hulstur fyrir Macbook Pro/Air/Retina 13". Vandað hulstur úr leðri.

Verð 13.980.-



## iPhone 6

**Verð frá: 119.990.-**

**1.000 kr.** notkun eða **500 MB** á mánuði í **12** mánuði fylgir iPhone 6 og 6 Plus! **Frá NOVA**


**KONUKVÖLD**
Smáralindar er í kvöld



# tilboð




**FREYJU PÁSKAEGG NR 6**
Fylgir með fyrstu 125 fermingartilboðum*

## MacBook Air 13"
128GB Vöru nr: Z0NZ

**Fermingartilboð***
**189.990.-**
Fullt verð: 199.990.-

Allar fartölvur frá Epli koma með
íslensku
baklýstu lyklaborði














**beatspill** þráðlaus hátalari

Beats Pill hátalarinn er nógu léttur til að hægt sé að lauma honum með hvert sem er. Gríptu hann með þér og hafðu gott hljóð hvar sem er.
Verð 29.990.-

**beatssolo**

Solo2 heyrnartólin eru kraftmikil, tær og færa þig nær þeim gæðum sem tónlistarmaðurinn vill að þú upplifir.
Verð 29.990.-

**Tracks**

Sol Republic Tracks eru hörkufín heyrnartól á hóflegu verði. Þú færð þægindi, gott hljóð og vandaða tækni, sem gefa mun dýrari heyrnartólum lítið eftir.
Verð 14.990.-

**PUNK – þráðlaus hátalari**

Sol Republic.
Tengist með Bluetooth.
Flottur hljómur í litlum hátalara.
Verð 11.990.-

**olloclip 4 in 1**

olloclip 4-in-1 linsan er snilldarlega sérhönnuð fyrir iPhone 6 og 6 Plus.
Verð 11.990.-

**Apple TV**

Varpaðu myndefni og tónlist þráðlaust í sjónvarpið.
Verð 18.990.-

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

# Gjaldmiðill í hjólastól

EFNAHAGSMÁL



**Þröstur Ólafsson**
hagfræðingur

Það er samdóma álit flestra þeirra sem fjalla um efnahagsmál af skynsamlegu viti að samkeppni sé helsti drifkraftur öflugs viðskiptalífs og velmegunar í markaðstengdum hagkerfum. Færa má rök fyrir því, að samkeppni í viðskiptum í ESB/EES-ríkjum sé hvergi minni en á Íslandi. Því valda m.a. stór auðlindageiri, íslenska krónan og smæð hagkerfisins. Auðlindaatvinnuvegirnir, þ.e. landbúnaður, sjávarútvegur og stóriðja, bjóða ekki upp á mikla samkeppni og þar sem hægt væri að koma henni við, er það ekki leyft, svo sem með því að bjóða upp hluta kvótans, sem væri samkeppni í reynd. Þá þjóna bönn á erlendu eignarhaldi í sjávarútvegi og innflutningi á landbúnaðarvörum sama tilgangi.

Samkeppni á fjármálamarkaði er einnig í skötulíki og verður það í enn ríkara mæli, eftir því sem lengist í fjármálahöftunum eða meðan krónan er enn gjaldmiðill þjóðarinnar. Á meðan fitna bankarnir og vextirnir haldast háir. Landlægir háir vextir og verðtrygging samninga og lána eru fylgifiskar íslensku krónunnar. Sá sem borgar brúsann er síðasti neytandi vörunnar, hvort sem það eru matvörur, ferðalög eða húsnæði. Ekkert verndar innlenda starfsemi og dregur úr samkeppni hérlendis eins og veikleikar krónunnar. Því má spyrja, hvort það sé ekki bara gott mál? Nei, því skortur á samkeppni er ávísun á stöðnun og síðan afturför. Verndun er einnig ávísun á hátt innlent verðlag og lélegri lífskjör. Með því að viðhalda krónunni er viðskiptaumhverfi landsins sett í sóttkví og ýtt til baka til áranna fyrir 1985.

### Forsenda velmegunar

Ríkisstjórn sem vill auka velmegun og vernda velferð í landinu verður sífellt að hafa auga á samkeppnishæfni landsins. Ef okkur tekst ekki að bæta samkeppnishæfnina umtalsvert munum við ekki geta fjármagnað það sem þó er enn eftir af velferðarkerfinu, hvað þá að borga þau laun, sem halda ungu fólki hér heima. Íslenska krónan er stærsta hindrunin á þessari vegferð. Hún virkar eins og hár, sveigjanlegur verndartollur til að gera innflutning dýrari. Þótt aldrei megi missa sjónar á því, að íslenskt hagkerfi er örsmátt og þar þrífast ekki margir öflugir leikendur á mörkuðum, þá höfum við verið iðin við að fækka þeim eftir megni. Hér er sú afstaða útbreidd að líta á samkeppni sem ógnun. Sérstaklega höfum við haft horn í síðu útlendinga sem hafa viljað fást við heilbrigð viðskipti hér. Það er ég ekki að tala um viðskipti sem eru af pólitískum toga og til þess stunduð að koma heimalandi viðkomandi til áhrifa í landinu. Það hefur ekkert með heilbrigð viðskipti að gera, heldur nýja, mjúka yfirráðastefnu.

**➜ Sterkur gjaldmiðill er pískur til meiri hagkvæmni og vörn gegn hagsveiflum.**

### Sterkur gjaldmiðill vernd gegn ásælni

Sterkur og stöðugur gjaldmiðill er lykillinn að samkeppnishæfu hagkerfi. Það er engin tilviljun að þær þjóðir sem búið hafa við sterkustu gjaldmiðlana hafa jafnframt verið árangursríkastar í heimsviðskiptum. Sterkur gjaldmiðill er pískur til meiri hagkvæmni og vörn gegn hagsveiflum. Þá má ekki gleyma þeim mikla vaxtamun sem er að jafnaði á milli sterkra gjaldmiðla og veikra. Hér er hann 5–10% m.v. evrulöndin. Sterkur gjaldmiðill er jafnframt hlíf gegn ásælni og yfirráðum fjársterkra einstaklinga eða ágengra ríkja.

Lítill veikburða gjaldmiðill er auðveld bráð þeim sem vilja koma róti á efnahag lands og valda pólitískum óróa. Í litlum vanmáttugum gjaldmiðli liggur mikil pólitísk áhætta. Ein meginástæða þess að Eystrasaltsríkin flýttu sér að taka upp evruna var að útiloka þann leik Rússa að valda usla í efnahag þeirra með því að veikja litlu þjóðlegu gjaldmiðlana þeirra. Þetta átti að verða okkur Íslendingum sérstakt umhugsunarefni. Og það þarf hvorki Rússa né Kínverja til. Það dugar einn stór íslenskur banki. Þó ekki væri nema af þessum sökum mun íslenska krónan aldrei getað þjónað þjóðinni sem frjáls gjaldmiðill. Hún verður bundin í hjólastól, gengi hennar „handstýrt" og hún mun ekki verða gjaldgeng erlendis. Íslenskum bönkum verður ekki leyft að setja niður útibú erlendis. Sömu sögu er að segja um útibú erlendra banka hérlendis, nema Kínverjar vilji hasla sér völl hér, til að hliðra fyrir áhrifum stjórnar sinnar á stjórnmál og efnahag landsins.

Ef þessi litla þjóð á að geta dafnað á erlendum mörkuðum og bægt frá sér erlendri ásælni, þarf hún alþjóðlegan gjaldmiðil. Gjaldmiðill í hjólastól mun hins vegar verða íslenskum efnahag fjötur um fót. Það er því dýrkeypt blekking að halda að það beri vott um þjóðlega reisn og sjálfstæði að halda dauðahaldi í krónuna. Þessu er því miður öfugt farið. Hún er ógn við fullveldi þjóðarinnar.




# Hvernig er rennslið í rörinu?

HEILBRIGÐISMÁL



**Lára Sigurðardóttir**
læknir og fræðslustjóri Krabbameinsfélagsins

Maður þarf ekki að líta í margar innkaupakörfur til að átta sig á því að hvatvísi sér ansi oft um að velja í matinn. Flestir vita hvaða mat þeir ættu að velja en þegar áreitið í umhverfinu er mikið eða þreyta byrgir sýn getur verið erfitt fyrir rökhugsunina að ráða för. „Ruslfæði" endar einhvern veginn allt of oft í meltingarveginum.

### Rörið flytur eldsneyti og byggingarefni

Miðað við óhollustuna sem fólk lætur ofan í sig ímyndar maður sér að meltingarvegurinn sé einhvers konar flutningsrör fyrir fæðuna, sem hann að hluta til er. Auk þess að flytja fæðuna er aðalstarf meltingarvegarins að brjóta niður matinn í smæstu einingar næringarefna fyrir líkamann, sem þarf eldsneyti og byggingarefni til endurnýjunar og viðhalds. Ef líkaminn fær ekki nauðsynleg næringarefni (vatn, kolvetni, fitu, prótein, vítamín og steinefni) getur hann haft verra af.

### Meðfædd leti?

Eitt frægasta dæmi sögunnar um næringarskort er frá rannsóknum skoska læknisins James Lind (1716-1794) sem er oft nefndur frumkvöðull næringarfræðinnar. Hann gerði tilraunir á sjómönnum sem fengu skyrbjúg á langferðum sínum. Einkenni skyrbjúgs eru almenn þreyta (sumir læknar töldu sjómennina þjást af meðfæddri leti), öndunarfærasýkingar, stoðkerfisverkir, þunglyndi, blæðingar frá húð og bólgur í gómum. Tennur geta losnað og sjúklingarnir fá krampa og deyja að lokum ef þeir fá ekki meðferð. James tók fljótt eftir því að skyrbjúgssjúklingar sem fengu sítrónur og appelsínur sýndu undraverð batamerki og uppgötvaði þar með C-vítamínskort sem orsök skyrbjúgs. Eftir það voru alltaf til C-vítamínríkir ávextir í skipunum.

### Eitt er að vita

Kannanir sýna að meirihluti fólks er meðvitaður um að það ætti að borða að minnsta kosti fimm ávexti og grænmeti á dag – um það bil 500 grömm, jafnt af hvoru og sem fjölbreyttast litaval – en mjög fáir fara eftir því. Sömuleiðis eru sífellt fleiri rannsóknir sem sýna að fæði hefur áhrif á fjölda sjúkdóma, eins og krabbamein. Sem dæmi eru sterkar vísbendingar um að trefjaríkt fæði, ávextir, grænmeti og baunir sé verndandi fyrir ristilkrabbamein en rautt kjöt og unnar kjötvörur auki áhættuna. Í því samhengi er miðað við að borða ekki meira en sem nemur 500 grömmum af rauðu kjöti á viku og sem minnst af kjötáleggi. Síðan er áfengi og tóbak áhættuþáttur fyrir ristilkrabbamein, eins og margir vita.

Við borðum oft af gömlum vana og án þess að hugsa almennilega hvaða afleiðingar það getur haft. Bragðlaukarnir eiga líka sinn þátt. Skemmdur matur er beiskur og býr til minni um að forðast hann en sætur matur lætur okkur líða vel og við munum því fyrst eftir honum þegar við erum svöng eða döpur.

**➜ Við borðum oft af gömlum vana og án þess að hugsa almennilega hvaða afleiðingar það getur haft. Bragðlaukarnir eiga líka sinn þátt.**

Það kostar undirbúning að ýta hvatvísinni frá og hleypa rökhugsuninni að. Rökhugsunin er ekki ólík vöðva að því leyti að hún þreytist eftir mikla notkun og til að hvatvísin nái ekki stjórninni þurfum við að gera áætlun. Skrifa innkaupalista og ákveða að kaupa ekkert umfram það sem er á listanum. Einnig er gagnlegt að velja skráargatsmerktar vörur en þær segja þér að þú ert að velja hollustu vöruna í hverjum flokki. Til dæmis ef þú kaupir skráargatsmerkt brauð þá geturðu verið viss um að fá mikið af trefjum.

Það tekur örfáar mínútur að undirbúa innkaupin en þær eru dýrmæt fjárfesting í nytsamlegu eldsneyti og sterkum byggingarefnum sem borga til baka með bættri líðan og heilbrigðara lífi ævilangt.

***Kynntu þér heilbrigt líf á mottumars.is.***

# Þróun áhættuþátta langvinnra sjúkdóma í framhaldsskólum framtíðar?

HEILBRIGÐISMÁL



**Dr. Janus Guðlaugsson**
lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og fyrrverandi námsstjóri í íþróttum við menntamálaráðuneytið

**Opið bréf til ráðherra mennta- og menningarmála, ráðherra velferðar og landlæknis**

Börn og unglingar sem hreyfa sig lítið, hafa lítið þrek og of hátt hlutfall fitu í líkama eru líklegri en aðrir til að þróa með sér áhættuþætti tengda hjarta- og æðasjúkdómum. Með daglegri hreyfingu og réttri næringu er hægt að koma í veg fyrir þessa þróun.[1] Langvinnir lífsstílstengdir sjúkdómar eru helsta dánarorsök í heiminum. Þeir verða fleira fólki að aldurtila en allar aðrar ástæður samanlagt.[2] Í ljósi framangreindra staðreynda leyfir mennta- og menningarmálaráðuneyti sér að leggja fram tillögu sem felur í sér verulega skerðingu á heilsuræktarkennslu í framhaldsskólum.

Ráðuneytið leggur til að takmarka umfang heilsuræktar innan framhaldsskóla úr átta gömlum einingum í tvær. Þetta er gert á sama tíma og alþjóðlegar heilbrigðisstofnanir ítreka mikilvægi daglegrar hreyfingar fyrir ungmenni. Tillögurnar ýta undir lífsstílstengda sjúkdóma meðal framhaldsskólanema í landinu. Á sama tíma er velferðarráðuneyti að móta verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli í samvinnu við Embætti landlæknis og framhaldsskóla. Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis er því í hrópandi andstöðu við þessar hugmyndir.

Með vel útfærðri heilsuræktarkennslu í grunn- og framhaldsskólum væri hægt að koma í veg fyrir stóran hluta ofangreindra dánarorsaka síðar á lífsleiðinni.[3] Stjórnendur framhaldsskóla, ráðherra mennta- og menningarmála og velferðarráðuneytis ásamt landlækni ættu miklu frekar að finna leiðir í skólakerfinu sem hindra þróun áhættuþátta langvinnra sjúkdóma.

Á ráðstefnunni Lýðheilsa 2015 ræddi heilbrigðis- og velferðarráðherra, Kristján Þór Júlíusson, um mikilvægi forvarna í komandi framtíð. Inga Dóra Sigfúsdóttir prófessor, sem fer fyrir ráðherraskipaðri nefnd um lýðheilsu, fór yfir stefnumörkun næstu ára þar sem meðal annars daglegar hreyfistundir í grunnskólum landsins yrðu að veruleika á skólaárinu 2016–2017. Slík stefnumótun gæti orðið til lítils ef heilsuræktarkennsla verður lögð af í framhaldsskólum. Nú er komið að mennta- og menningarmálaráðherra, Illuga Gunnarssyni, að taka þátt í leiknum.

### Hornsteinn að góðri lýðheilsu

Á tíu árum skólaskyldunnar þarf að leggja hornstein að góðri heilsu út lífið. Á framhaldsskólaárum þarf að festa í sessi stefnu sem mörkuð hefur verið og gera einstaklinginn hæfan og sjálfbæran til heilsuræktar. Í gildandi Aðalnámskrá segir á bls. 21: „Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla".[4] Hvaða þýðingu hefur þetta orðalag löggjafans?

### Lokaorð

Ráðherra mennta- og menningarmála í samvinnu við ráðherra velferðarráðuneytis og landlækni þurfa að blása lífi í hugsjón og hugmyndafræði alls skólakerfis. Ekki kippa undan því helstu stoðinni – heilsunni sjálfri. Ábyrgð skólastjórnenda á lýðheilsu þjóðar er gífurleg. Tækifærin eru óþrjótandi í ljósi breyttra tíma og nýrrar tækni. Skólakerfi landsins á að hlúa að lýðheilsu Íslendinga með umgjörð sem eflir heilsu einstaklingsins í samfélagi við aðra. Það þarf að opna augun fyrir fjölþættum möguleikum heilsuuppeldis. Það þarf að auka til muna líkamlega virkni og sjálfbærni nemenda í framhaldsskólum og gera kennsluna aflvaka nýrra leiða í heilsurækt og forvörnum. Rannsóknir sýna að aukin samþætting líkamlegrar virkni og almenns náms í skólum ýtir undir einbeitingu og áhuga nemenda á öllu námi.[5]

**➜ Ráðuneytið leggur til að takmarka umfang heilsuræktar innan framhaldsskóla úr átta gömlum einingum í tvær.**

*Heimildir*

1. Peluso, M. J., Encandela, J., Hafler, J. P. og Margolis, C. Z. (2012). Guiding principles for the development of global health education curricula in undergraduate medical education. Medical Teacher, 34(8), 653–658.
2. Karl Andersen og Vilmundur Guðnason. Langvinnir sjúkdómar: heimsfaraldur 21. aldar. Læknablaðið. Nóvember 2012; 98 (11): 591-595.
3. Alwan, A. (2011). Global status report on noncommunicable diseases 2010. Genf: World Health Organization.
4. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012a). Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti. Reykjavík: Höfundur.
5. Kibbe, D. L., Hackett, J., Hurley, M., McFarland, A., Schubert, K. G., Schultz, A. o.fl. (2011). Integrating physical activity with academic concepts in elementary school classrooms. Preventive Medicine, 52 (Supplement), S43– S50.

visir.is
Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## TÍSKULÖGGUR HÆTTA

**Mikill styr hefur staðið um þáttinn Fashion Police sem Joan Rivers sáluga stjórnaði á E!-sjónvarpsstöðinni. Tveir þáttastjórnendur hafa hætt með stuttu millibili, fyrst Kelly Osbourne og nú Kathy Griffin sem tók við af Rivers. Þættinum hefur nú verið frestað fram á haust meðan fundnir eru eftirmenn þeirra.**


TÆKIFÆRISGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum



iittala
10% afsláttur

www.tk.is

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955







# FRÁBÆR ÁRANGUR

**GENGUR VEL KYNNIR** *Bioskin Junior er ný vörulína frá Salcura sem er sérhönnuð fyrir börn frá þriggja mánaða aldri með exem og mjög þurra húð.*

Bioskin Junior-vörurnar eru byggðar á náttúrulegum innihaldsefnum sem styðja við eigið viðgerðarferli húðarinnar. Þær eru kláðastillandi, draga úr bólgu og roða og eru nærandi og græðandi. Virku innihaldsefnin eru ilmkjarnaolíur, vítamín og steinefni. Þær innihalda hvorki stera, paraben né SLS.

Vörulínan samanstendur af Daily Nourishing Spray, sem notað er tvisvar á dag, og Outbreak Rescue Cream, sem notað er til viðbótar þegar húðin er mjög þurr og illa farin. Að auki tilheyra Shampoo, Face & Body Wash og Bath Milk (sem mýkir baðvatnið) línunni, en mikilvægt er að nota vörur sem eru mildar og án ertandi efna á húð barna.

Engin takmörkun er á notkun og ekki eru þekktar neinar neikvæðar aukaverkanir.

**EXEMIÐ NÁNAST HORFIÐ**

„Sonur minn sem er fimm ára hefur frá nokkurra mánaða aldri verið með exem og ofnæmi og þegar hann var yngri var það mjög slæmt. Hann hefur alla tíð þurft reglulega á sterakremi að halda á verstu blettina. Þá hefur hann þurft að taka kláðastillandi töflur til að geta sofið á nóttunni," segir Eva Ruza, eigandi blómabúðarinnar Ísblóms.

Fyrir nokkru kynntist hún Salcura-vörunum af eigin raun og reyndust þær henni svo vel að hún ákvað að prufa þær á son sinn. „Ég var óhrædd við það, þar sem engin sterar, eða önnur aukefni eru í þeim. Strax og ég spreyjaði spreyinu á hann heyrðist frá honum: Aaahhh, mamma, þetta er þægilegt, því kælingin er góð á kláða. Ég ákvað að prófa þetta á einum stað á líkama hans til að sjá hvort ég greindi sjáanlegan mun.

Núna, fjórum vikum seinna, er exemið nánast horfið á þeim stað þar sem ég hef notað þetta og er



**ALGJÖR SNILLD** Eva hefur ekki þurft að nota sterakrem á útbrot sonar síns síðan hún byrjaði að nota barnalínuna frá Salcura.

ég því byrjuð að nota þetta á flesta staði sem hann er með exem á," upplýsir Eva.

**FRÁBÆRT AÐ GETA NOTAÐ NÁTTÚRULEGA LAUSN**

Eva segir þvílíkan mun að finna jafn frábæra vöru. „Hún er náttúruleg frá A-Ö og því tilvalin á litla kroppa. Ég var mjög glöð að sjá að þetta virkaði jafn vel á hann og það gerði á mig. Við höfum ekki þurft að gefa honum eins mikið af kláðastillandi töflum og áður og ég hef ekki notað sterakrem á hann síðan við byrjuðum að nota þetta. Ég er voða lítið að gaspra um vörur sem ég nota en mig langar til að segja öllum heiminum frá Salcura-vörunum, ég er svo ánægð með þær. Barnalínan frá Salcura er algjör snilld," segir Eva.

„Hef ekki notað sterakrem á hann síðan ég byrjað að nota Salcura."

„Vil segja öllum í heiminum frá Salcura-vörunum, ég er svo ánægð með þær."

**20% KYNNINGAR-AFSLÁTTUR**

**SÖLUSTAÐIR**

**Flest apótek og heilsubúðir** (Vöruúrval mismunandi eftir sölustöðum)





Fermingartilboð

Valhöll 5 svæðisskipt heilsudýna

Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

Verð með PU-leðurbotni og fótum.

120x200 cm **Verð aðeins kr. 79.900.-**

140x200 cm **Verð aðeins kr. 89.900.-**

Erum farin að taka niður pantanir.
Væntanleg sending í lok mars.



GJÖF FYLGIR

Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum í ár

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

Vandyck sængurverasett

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum




# BLÁIR LITATÓNAR Í VOR OG SUMAR

**VORIÐ KEMUR** *Það styttist í sumarið og ekki seinna vænna að huga að þeim litum sem koma sterkastir inn með sólinni. Bláir tónar verða vinsælir í sumar, allt frá ljósbláum upp í dökkan bláan lit.*

Þótt blái liturinn verði áberandi og vinsæll er alveg leyfilegt að klæðast öðrum litum. Grænblár litur verður sömuleiðis vinsæll, ljósgulur og fölbleikur. Það má nota bláa litinn í fötum eða fylgihlutum. Blár litur passar vel með hvítu, gráu og gulu. Ljósir bláir litir fara vel með svörtu. Grænblár litur fer mjög vel með ljósgulum lit og svörtu.

„Litur vatns og himins verður allsráðandi í sumar. Þetta er liturinn á sjóndeildarhringnum," segja tískusérfræðingar tímaritsins Vogue. „Litur friðar og jafnvægis hugans."

Bláar gallabuxur verða áfram vinsælar í sumar. Konur sem vilja fylgja tískunni ættu að skoða fylgihluti, fallega bláar töskur frá Bottega Veneta og himinbláar espadrillur eftir Christian Louboutin, Kenzo-boli, sjóliðaföt frá Michael Kors og kjóla frá Marc Jacobs.

Svokallaður Scuba Blue-litur sem minnir á sægrænan eðalstein verður einnig áberandi í vor og sumar. Þetta er róandi litur og kemur skemmtilega út með öðrum litum. Í sumum tilfellum er hann notaður í blómamynstri.

Þessir litir verða einnig vinsælir í förðun, augnskuggar verða í bláum tónum en varirnar dökkrauðar eða fölbleikar.




**LITAKORT** Þetta kort sýnir tískulitina fyrir vor og sumar.



**CHANEL**



**CHRISTIAN DIOR**

**GEORGES CHAKRA**

**GIORGIO ARMANI**

**GEORGES HOBEIKA**




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# 20-50%

## afsláttur af öllum vörum





**Tunika**
*Litir:*
*svart - offwhite - coral*
*stærðir 38 - 48*

Verð áður 12.900 kr.-
**Nú aðeins 5.990 kr.-**

**Tunika**
*Litir:*
*svart - offwhite - coral*
*stærðir 38 - 44*

Verð áður 12.900 kr.-
**Nú aðeins 5.990 kr.-**

**COSMO**
**Kringlunni**

# BENECOL FRÁ MS HELDUR KÓLESTERÓLINU Í SKEFJUM

**MS KYNNIR** *Benecol-drykkurinn frá MS er náttúrulegur mjólkurdrykkur sem ætlaður er þeim sem vilja lækka kólesteról í blóði. Drykkurinn er sýrð undanrenna og hentar vel í baráttunni gegn kólesteróli sem hluti af fjölbreyttu mataræði.*

Á undanförnum áratug eða svo hafa komið fjölmörg matvæli á markað víða erlendis undir vöruheitinu Benecol. Benecol er skrásett vörumerki fyrir vörur sem innihalda ákveðna gerð plöntustanólesters, en rannsóknir hafa sýnt að hann hefur áhrif til lækkunar kólesteróls í blóði," segir Björn S. Gunnarsson, vöruþróunarstjóri hjá MS. Hann segir mikilvægt að halda kólesterólgildum innan eðlilegra marka því of hátt kólesteról í blóði sé einn helsti þáttur kransæðasjúkdóma og æskilegt að heildarkólesteról í blóði sé undir 5 mmól/l þar sem allt yfir 6 mmól/l teljist hátt.



**BJÖRN S. GUNNARSSON**
vöruþróunarstjóri MS.

**HVAÐ ER KÓLESTERÓL?**
Kólesteról er ein tegund blóðfitu og gegnir ýmsum mikilvægum hlutverkum í líkamanum. Það er framleitt í lifrinni en berst einnig með fæðunni í líkamann. „En ef kólesterólmagn í blóði eykst umfram þörf getur það valdið æðakölkun og kransæðasjúkdómum. Algengi of hás kólesteróls eykst með aldri en engu að síður getur þetta vandamál herjað á fólk á öllum aldri og í öllum þyngdarflokkum og yfirleitt verður fólk engra einkenna vart," útskýrir Björn. Hér á landi hafa rétt tæplega 40% karla á aldrinum 40-50 ára og kvenna á aldrinum 50-60 ára kólesterólgildi yfir 6mmól/l og Björn segir því mikilvægt að þeir sem komnir séu á fullorðinsár láti fylgjast með blóðfitunni hjá sér.

**HEILNÆMUR DRYKKUR SEM HEFUR ÁHRIF**
„Benecol er náttúrulegur mjólkurdrykkur sem ætlaður er þeim sem vilja lækka kólesteról í blóði. Drykkurinn frá MS er sýrð undanrenna sem inniheldur 5% plöntustanólester og hentar vel í baráttunni gegn kólesteróli sem hluti af fjölbreyttu mataræði," segir Björn. Allra nýjustu niðurstöður hafi sýnt fram á að mun betri árangur náist sé Benecols neytt með eða strax eftir máltíð en ef þess sé neytt á fastandi maga. „Því er mælt með að neyta Benecols í kringum einhverjar af máltíðum dagsins, til dæmis morgunverð, hádegisverð eða kvöldverð."




**VÍSINDARANNSÓKNIR STAÐFESTA VIRKNI BENECOLS**
Fjölmargar vísindarannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum plöntustanólesters, hinu virka efni í Benecol, á kólesteról í blóði. „Niðurstöður eru einróma á þá leið að neysla á honum lækkar blóðkólesteról þar sem efnið hindrar upptöku á því úr fæðu í þörmum og kemur lækkunin yfirleitt fram nokkrum vikum eftir að neysla hefst og er allt að 15% að meðaltali þótt engar aðrar ráðstafanir séu gerðar. Lækkunin er einkum í heildarkólesteróli og hinu svokallaða „vonda kólesteróli" (LDL), en engar breytingar verða í „góða kólesterólinu" (HDL)," segir Björn og áréttar að rannsóknir hafi einnig sýnt að mikilvægt sé að neyta vörunnar reglulega til að árangurinn haldist og sé neyslu hætt, fari kólesterólgildi aftur í fyrra horf.

**MATARÆÐI OG KÓLESTERÓL**
Mataræði er meðal þeirra þátta sem helst hafa áhrif á magn kólesteróls í blóði. Meðal þess sem ráðlagt er til að lækka kólesteról er að stilla fituneyslu í hóf, velja frekar mjúka fitu en harða og neyta grænmetis, ávaxta og grófs kornmetis í ríkum mæli. „Benecol-mjólkurdrykkur er því góð viðbót við hollt mataræði til að halda kólesteróli innan eðlilegra marka og er drykkurinn seldur í kippum sem innihalda sex 65 ml flöskur. Ein flaska á dag dugar til að ná hámarksvirkni og nú hefur þriðja bragðtegundin bæst í vöruflokkinn, en fyrir eru jarðarberja- og appelsínubragð. Nýja tegundin er með bláberjabragði og þykir sérstaklega góð og frískandi, enda bláber meðal vinsælustu bragðtegunda í mjólkurvörum í dag."

# GISELE AF PÖLLUNUM?

**TÍSKA** *Sá orðrómur fer nú um tískuheiminn að ofurfyrirsætan Gisele Bündchen ætli að draga sig í hlé frá tískupöllunum þar sem hún hefur verið áberandi í hátt í tuttugu ár.*

Gisele er tekjuhæsta fyrirsæta heims. Hún var uppgötvuð aðeins 14 ára gömul af Elite-fyrirsætuskrifstofunni í São Paulo í Brasilíu. Árið 1996, þá sextán ára, tók hún í fyrsta sinn þátt sem fyrirsæta á tískuviku í New York. Hún vakti fljótlega athygli tískuheimsins, varð vinsæl meðal hönnuða og var forsíðustúlka ýmissa frægra tímarita. Tímamótasamningur hennar við undirfatarisann Victoria's Secret árið 2000 vakti heimsathygli.

Samband hennar og Leonardos DiCaprio árið 2004 jók enn á frægð hennar en í dag er hún gift íþróttamanninum Tom Brady og eiga þau tvö börn saman.

Gisele kom síðast fram fyrir Chanel á tískuvikunni í París í september og fyrir Colcci í nóvember. Næsta verkefni er tískusýning Colcci á tískuvikunni í São Paulo í apríl. Á vefsíðu breska Vogue er því haldið fram að sumir vilji meina að það verði hennar síðasta sýning. Í bili að minnsta kosti.



**COLCCI ÁRIÐ 2014**

**DIOR ÁRIÐ 2008**

**CHANEL ÁRIÐ 2014**



**OFURPARIÐ GISELE OG LEONARDO**



**VICTORIA'S SECRET ÁRIÐ 2000**



**Á PÖLLUNUM FYRIR LIVERPOOL ÁRIÐ 2006**


TOPSHOP
KAREN MILLEN
DOROTHY PERKINS
WAREHOUSE
evans.
ÚTSÖLUMARKAÐUR
KORPU OUTLET
Á KORPUTORGI TIL 4.APRÍL
Allar vörur frá Warehouse, Topshop, Dorothy Perkins og Evans á 500-6000 kr.
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR Á VÖRUM FRÁ KAREN MILLEN












**TRÚLOFUN** Hringarnir eru allir innblásnir af vírvirkinu sem flestir kannast við á íslenska þjóðbúningnum.

# BAUGUR Í SPARIKJÓL

**GULLSMÍÐI** *Gullsmiðurinn Júlía Þrastardóttir fékk skemmtilega hugmynd að trúlofunar- og giftingarhringjum rétt áður en hún trúlofaði sig í fyrra. Hún klæddi hefðbundinn gullbaug í svokallaðan sparikjól úr víravirki og hefur síðan gert nokkrar mismunandi útgáfur sem hún sýndi á nýafstöðnum HönnunarMars við góðar undirtektir.*

„Maðurinn minn vildi einfalda hringa en þar sem ég er nú einu sinni gullsmiður langaði mig í eitthvað skrautlegra. Ég lagði höfuðið í bleyti og hugmyndin kviknaði svo einum og hálfum degi fyrir 70 ára brúðkaupsafmæli afa míns og ömmu, þann 1. júlí í fyrra. Þeir voru því nánast smíðaðir á einni nóttu,“ segir Júlía. „Síðan hef ég gert nokkrar útfærslur og eru allar innblásnar af víravirkinu, sem flestir kannast við á íslenska þjóðbúningnum, eins og annað skart sem ég geri.“

Hugmyndin er að sögn Júlíu sú að trúlofunarhringurinn sé einfaldur en að hægt sé að bæta sparikjólnum við á brúðkaupsdaginn eða jafnvel þrjátíu árum seinna. „Þá er auðvitað hægt að smíða svona hring fyrir önnur tilfelli og alveg eins hægt að bæta á sig sparikjól fyrir árshátíð eða annað skemmtilegt tilefni.“ Júlía segir í öllum tilfellum nauðsynlegt að sérsmíða sparikjól á hvern einstakan baug enda eru þeir jafn misjafnir að stærð og gerð og þeir eru margir.

Sjálf gengur Júlía með einfalda hringinn dags daglega en ætlar að smíða sparikjól úr hvítagulli með demanti þegar nær dregur stóra deginum.

Júlía er einn þrettán hönnuða í íslensku hönnunarverslunninni Jöklu á Laugavegi 94. Verslunin var opnuð fyrir jól og hefur hönnuðum þar fjölgað jafnt og þétt. Þar selur Júlía ýmiss konar skart úr víravirki en hringana er hún með á vinnustofu sinni í Grafarvogi og á Facebook. Fram undan eru svo flutningar til Akureyrar þar sem hún hyggst opna vinnustofu og verslun. ■ **vera@365.is**



**Í SPARIBÚNINGI** Hugmyndin er að sögn Júlíu sú að trúlofunarhringurinn sé einfaldur en að hægt sé að bæta sparikjólnum við á brúðkaupsdaginn eða jafnvel þrjátíu árum seinna. MYND/GVA




Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook 1. hæð Kringlunnar Hægt er að panta í síma: 551-1314







**KLÆÐILEGT** Fyrri hluti tuttugustu aldar var innblásturinn að línunni.



**ÍSLENSKUR SELUR** Elísabet hannar úr íslensku selskinni og hreindýraleðri.
MYND/ANNA MAGGÝ

# ÍSLENSKUR SELUR OG ULL Í MÍLANÓ

***ÍSLENSK HÖNNUN** Elísabet Karlsdóttir hannar úr náttúrulegu hráefni eins og íslensku selskinni, hreindýraleðri og ull. Hún sýndi nýjustu línu sína í Remix-hönnunarkeppninni í Mílanó á dögunum og á nýliðnum HönnunarMars.*

Á HönnunarMarsinum sýndi ég STAND UP/ STAND OUT, verkefni sem ég gerði fyrir feld- og fatahönnunarkeppnina Remix í Mílanó. Á Marsinum sýndi ég verkefnið í formi innsetningar ásamt ljósmyndum af línunni eftir Önnu Maggý,“ segir Elísabet Karlsdóttir fatahönnuður.

„Remix er feld- og fatahönnunarkeppni haldin af IFF (International Fur Federation) í samstarfi við Vogue Talents hjá ítalska Vogue. Keppnin er ætluð fatahönnunarnemum og nýútskrifuðum fatahönnuðum og er víða keyrð í samstarfi við hönnunarskóla. Fyrst og fremst er þetta frábært tækifæri til þess að prófa að vinna með feld. Þar sem hráefnið er bæði dýrt og vandmeðfarið er mikilvægt að fá hjálp og fróðleik í ferlinu,“ útskýrir Elísabet.

„Fyrir mig var þetta ákveðið tækifæri til þess að koma nýju verkefni frá mér og fá svo flotta hjálp við það að koma sér á framfæri. Ég komst í tólf manna úrslit og var í framhaldinu boðið að koma til Mílanó til þess að taka þátt í lokakeppninni sem var virkilega spennandi. Frábært að fá að taka þátt í svona flottri og fagmannlegri sýningu og kynnast þessum feldbransa aðeins betur.“



**HÖNNUÐUR** Elísabet Karlsdóttir útskrifaðist frá LHÍ 2013. Hún sýndi nýjustu línu sína í Remix-hönnunarkeppninni í Mílanó og á nýliðnum HönnunarMars.
MYND/GVA

### TUTTUGASTA ÖLDIN INNBLÁSTUR

Elísabet segir hönnun sína yfirleitt afslappaða. Hún leitast við að hanna þægilegan og klæðilegan fatnað úr vönduðum efnum og í nýju línunni notar hún náttúruleg hráefni eins og selskinn, hreindýraleður og ull. Innblásturinn sótti hún til sterkra kvenímynda og til þeirra breytinga sem urðu á kvenfatnaði í byrjun 20. aldar.

„Það eru í raun þessi sportlegu, afslöppuðu form tíðarandans sem ég hreifst af og heimfærði yfir í minn íslenska hversdag. Ég lagði áherslu á að taka feldinn niður af fyrir fram ákveðnum stalli og setja hann í nýtt samhengi með því að sækja í afslappaðri element úr götutísku og sportfatnaði,“ segir Elísabet.

### FAGNAR UMRÆÐU UM LOÐFELDI

„Ég er almennt hrifin af því að nota vönduð náttúruleg efni og að nota staðbundin hráefni og að berjast gegn sóun. Í línunni sem ég gerði fyrir Remix notaði ég bara náttúruleg gæðahráefni, feld eins og íslenskan sel, kanadískan rauðref og bísam auk hreindýraleðurs, alpakaullar, ullar og silkis. Öll skinnin sem ég notaði voru feldir og leður af villtum dýrum sem eru þá veidd af manninum til matar eða til þess að halda vissum stofnum í skefjum. Það er að mínu mati sjálfsagt mál að nýta skinnin, annað væri bara sóun á góðu náttúrulegu hráefni,“ útskýrir Elísabet og segist fagna allri umræðu um notkun loðfelda í tískugeiranum.

„Opin umræða kemur alltaf í veg fyrir misskilning og vekur fólk til umhugsunar um margar hliðar málsins. Mér finnst til dæmis mjög mikilvægt að fólk almennt geri sér grein fyrir hvaðan hlutirnir koma og vildi óska þess að það væri almennt auðveldara að rekja uppruna þess sem við kaupum dagsdaglega. Það á svo að vera bæði hlutverk hönnuðarins og neytandans að kynna sér málin og taka ábyrgð bæði þegar kemur af efnum, framleiðslu, sölu og kynningu á tískufatnaði almennt.“

### SPENNANDI SUMAR Í VÆNDUM

Elísabet er farin að hlakka til sumarsins en hún er með mörg járn í eldinum.

„Auk þess að vera með spennandi verkefni á prjónunum í vinnunni minni hjá Eggert feldskera, en við erum að vinna að nýrri línu, þá er ég að fara að sýna STAND UP/ STAND OUT næst á heimaslóðum austur á Héraði um páskana.

Svo er ég einn af skipuleggjendum listahátíðarinnar LungA sem fer fram á Seyðisfirði í júlí og þar er allur undirbúningur að fara á fullt þessa dagana en hátíðin fagnar 15 ára afmæli í sumar. Það er mikil spenna fyrir sumrinu.“







# AUÐVELDAR HREINSUN

**ICEPHARMA KYNNIR** *Margir finna reglulega hjá sér þörf til að hreinsa líkamann. Inner Cleanse er fæðubótarefni sem er hannað til að aðstoða líkamann við hreinsun. Hreinsunin stuðlar að aukinni orku og vellíðan.*

Eiturefni og mengun sem fylgja nútímalífsstíl gera það að verkum að margir finna hjá sér þörf til að hreinsa líkamann. Sumir næringarfræðingar mæla með einstaka hreinsun til þess að losa líkamann við skaðleg aukaefni og stuðla þannig að aukinni orku og vellíðan.

Inner Cleanse er fæðubótarefni sem er hannað til að aðstoða líkamann við hreinsun en einnig til að útvega honum þau vítamín sem hann þarf nauðsynlega á að halda til þess að geta sinnt daglegum störfum.

Töflurnar innihalda meðal annars C- og D-vítamín sem eru öllum nauðsynleg, sérstaklega yfir vetrartímann. Þær innihalda líka kopar og járn sem hjálpar til við að viðhalda orku, sink og selen sem vernda frumurnar og $B_{12}$ sem dregur úr þreytu. Í Inner Cleanse-töflunum er líka þykkni (e. extract) úr ætiþistli og greipi en ætiþistillinn er mjög næringarríkur og hefur góð áhrif á starfsemi lifrarinnar og greipið er vatnslosandi sem hjálpar til við hreinsun líkamans.




## Inner Cleanse
### 15 daga hreinsunarkúr

- Inner Cleanse hjálpar líkamanum að losa sig við óæskileg aukaefni á náttúrulegan hátt. Þetta eru efni sem eiga það til að safnast upp í líkamanum og geta verið skaðleg.
- Töflurnar hafa góð áhrif á heilsuna og innihalda fæðubótarefni sem eru tilvalin til hreinsunar.
- Töflurnar innihalda C- og D-vítamín, kopar og járn til að viðhalda orku.
- Töflurnar innihalda sink og selen sem vernda frumurnar fyrir streitu.
- Mælt er með því að huga vel að mataræðinu meðan á hreinsun stendur og halda koffínneyslu, áfengisneyslu, sykurneyslu og neyslu á unninni matvöru í lágmarki.
- Nauðsynlegt er að drekka vel af vatni og borða 5-7 skammta af ávöxtum samhliða hreinsun.
- Dagskammtur: Tvær töflur á dag með mat.
- Ekki er nauðsynlegt að taka fjölvítamín með.
- Sjá nánar á Vítamín.is / Facebook.
- Fæst í flestum apótekum.

# BETRI EINBEITING OG MEIRI ORKA

**HREINSAR OG NÆRIR** *Herdísi Stefánsdóttur kom ánægjulega á óvart hversu vel Inner Cleanse frá Vitabiotics virkaði á hana. Hún var fljót að gleyma kókinu sem hún annars drakk nokkuð af, magaummálið minnkaði og líðanin varð betri.*

Þegar ég las fyrst um Inner Cleanse frá Vitabiotics vakti það strax athygli mína að hreinsikúrinn er fullur af vítamínum. Þannig að maður er ekki bara að hreinsa kroppinn heldur líka að næra hann. Ég ákvað að prófa þennan kúr strax í byrjun árs og strax á fyrstu viku fann ég hvernig einbeitingin varð allt önnur og ég varð orkumeiri en nokkurn tímann fyrr. Mér fannst líka kostur að þetta virkar vel með venjulegum hollum heimilismat svo maður getur borðað það sama og fjölskyldan. Mælt er með að hafa í huga sykurneyslu svo ég ætlaði að halda kókdrykkjunni í lágmarki en merkilegt nokk þá var ég fljót að gleyma kókinu og langar ekkert lengur í kók. Mér leið líka svo vel á meðan ég tók töflurnar svo ég var ánægð að heyra að maður mætti taka kúrinn í 28 daga en ekki bara 15 daga, svo ég ákvað að halda áfram enda leið mér stórkostlega og magaummálið fór minnkandi. Nú er ég bara að halda áfram að taka inn vítamín frá Vitabiotics. Ég er sannfærð um að þau séu jafngóð og hreinsikúrinn þó að ég sé strax farin að spá í hvenær ég megi taka næsta hreinsikúr.“

**NÁNARI UPPLÝSINGAR UM INNER CLEANSE FRÁ VITABIOTICS MÁ FINNA Á VITAMIN.IS OG FACEBOOK.**



**ÁNÆGÐ** Herdís fór á Inner Cleanse-hreinsikúrinn í 28 daga, tekur nú vítamín frá Vitabiotics en getur ekki beðið eftir að prófa annan hreinsikúr bráðlega.



**STRAX ORKUMEIRI** Björg fann mikinn mun á húðinni og fannst hún verða mun frísklegri. Hún losnaði jafnframt við bólgur og varð ekki þrútin eftir mat. MYND/GVA

# SYKURLÖNGUNIN HVARF STRAX

***Björg Gilsdóttir** hefur góða reynslu af fæðubótarefninu Inner Cleanse. Hún varð strax orkumeiri, losnaði við allar bólgur í líkamanum og sykurlöngunin hvarf. Sykurlöngunin gerði ekkert vart við sig um hátíðarnar á síðasta ári.*

Björg Gilsdóttir, starfsmaður hjá Aðalskoðun, prófaði Inner Cleanse-hreinsikúr í lok nóvember og sér ekki eftir því.

„Ég fann mikinn mun um leið og ég hóf inntöku á Inner Cleanse. Ég varð strax orkumeiri, sykurlöngunin hvarf nánast frá fyrsta degi sem gerði þetta allt mun auðveldara,“ segir Björg, sem er fimm kílóum léttari í dag.

Björg fann líka mikinn mun á húðinni. „Hún varð rosalega góð og mér fannst ég mun frísklegri. Mér fannst ég losna við allar bólgur og varð ekki þrútin eftir neinn mat sem skýrist eflaust líka af því að ég var samhliða kúrnum að borða hreinni mat.“

Björgu finnst sykurlöngunin mun minni nú eftir að hún lauk við að taka töflurnar. „Ég var líka alveg laus við sykurlöngun um jólin. Mér leið það vel að ég hlakka til að taka næsta skammt.“

Femarelle®

Náttúruleg lausn við áhrifum tíðahvarfa

„Femarelle er algjört undraefni fyrir mig“

-Soffía Káradóttir






- Staðfest með rannsóknum sl. 14 ára - vinnur á einkennum tíðahvarfa kvenna.
- Inniheldur staðlað tofu extract, ekki erfðabreytt (GMO frítt)
- Náttúruleg lausn fyrir konur án hormóna.



**SVART** Birta Rán segist hrifin af svarta litnum. MYND/VILHELM

# TÖFF KJÓLASTELPA

**SVARTUR STÍLL** *Birta Rán Björgvinsdóttir hefur aðallega pælt í tísku út frá ljósmyndun frekar en eigin fataskáp. Þegar hún kemst til útlanda að versla jaðrar við að hún tapi sér en hún gerði sín bestu kaup í H&M í haust.*

Síðasta helgi var annasöm hjá Birtu Rán Björgvinsdóttur, ljósmyndara og verslunarstjóra í Mono, en þá var hún á fullu við að mynda tískusýningar á Reykjavik Fashion Festival. Hægt er að fylgjast með ljósmyndun Birtu Ránar á síðunni hennar birtaran.com.

**Ertu tískumeðvituð varðandi eigin klæðaburð?** Ekkert alltof, ég viðurkenni það alveg að þegar veðrið er svona ógeðslegt og grátt er mér meira sama um hversu mikið „í tísku“ ég er, en fyrir viðburði reyni ég að hafa mig betur til.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Ég reyni að klæða mig bara þannig að mér líði vel, er rosalega mikið í svörtu og gráu. Svo gjörsamlega elska ég uppháar buxur!

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Ég er rosalega mikil kjólastelpa, svo þegar ég fer eitthvað spari er það yfirleitt í kjól eða pilsi og bol eða skyrtu.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Svart. Mikið mikið svart. Ég fíla mig best sem einhvers konar töffara að mynda á sveittum rokktónleikum. Uppháar buxur og samfella eða munstraðir svart-hvítir kjólar eru alveg ég. Ég er með ágætlega grannt mitti og stóran rass svo ég elska að klæða mig á þann hátt sem lætur mér líða kvenlega.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég versla mikið í útlöndum en hérna heima kaupi ég mikið second hand. Ég á líka mikið af fötum úr Maníu þar sem ég vann þar.

**Eyðir þú miklu í föt?** Ég myndi ekki segja það, nei.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Líklega brúni rúskinnsjakkinn sem mamma átti, þessi sem ég er mjög oft í.

**Uppáhaldshönnuður?** Ég hef alltaf fílað hversu ýktur Alexander McQueen var sem hönnuður.

**Bestu kaupin?** Í augnablikinu eru það skór sem ég keypti í H&M í október í fyrra og hef notað á hverjum degi síðan.

**Verstu kaupin?** Verstu kaupin hljóta að þurfa að vera einhver af þessum skópörum sem ég hef keypt of stór/lítil í gegnum netið. Ég er hætt að reyna!

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir vorið?** Allt of mörgum kjólum – pottþétt.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Ég er rosalega hrifin af þykkum peysum og rúllukraga í augnablikinu en það gæti svo kannski verið árstíðabundið. Og skór. Finnst ég aldrei eiga nóg af skóm.

**Hvers konar fylgihluti notarðu?** Ég elska alls kyns hálsmen og hringa. Ég er samt algjör sauður í að vera með hringa þar sem ég legg þá frá mér og þeir hverfa.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Nei, ekki mér vitandi.

**Kjóll, pils eða buxur?** Undanfarið hafa buxur verið að koma mjög sterkar inn. Kjólarnir taka aftur við með hækkandi sól.

**Stutt eða sítt?** Hár – sítt. Kjólar og pils – smekklega stutt.

**Háir hælar eða flatbotna?** Hælar eða þykkir botnar.

# VILJA BANNA OF LÉTTAR FYRIRSÆTUR

*Þyngd fyrirsæta hefur verið mikið til umræðu að undanförnu. Nýlega lést 28 ára fyrirsæta í Frakklandi vegna lystarstols. Gagnrýnt hefur verið að mjög grannar stúlkur séu notaðar á sýningarpöllum og í auglýsingum og nú vilja Frakkar banna það.*

Lagt hefur verið fram frumvarp til laga í Frakklandi þar sem lagt er til að bannað verði að nota óeðlilega grannar stúlkur á tískusýningum, auglýsingum eða öðrum opinberum vettvangi. Það er heilbrigðisráðherra landsins sem leggur frumvarpið fram. Í byrjun árs 2013 voru svipuð lög sett á Ítalíu, Spáni og í Ísrael.

„Tískuhönnuðir eiga að senda frá sér góð skilaboð, til dæmis um að fólk þurfi að borða vel og gæta að heilsu sinni, sérstaklega er það mikilvægt fyrir ungar stúlkur,“ segir Marisol Touraine, heilbrigðisráðherra Frakklands. Frumvarpið var tekið til umræðu á þriðjudaginn. Um 30-40 þúsund manns í Frakklandi, aðallega ungt fólk, þjáist af lystarstoli eða átröskun.

Fyrirsætur skulu sýna læknisvottorð þegar þær ráða sig til vinnu sem sýnir að svokallaður líkamsstuðull BMI sé eðlilegur, til dæmis þýðir 18 BMI um 55 kg sem ætti að vera eðlilegt fyrir stúlku sem er 1,75 m á hæð. Ef fyrirsætur reynast vera of léttar á sýningarpöllum eða í auglýsingum er hægt að fara fram á að atvinnurekandinn greiði sekt upp á allt að ellefu milljónum króna eða hljóti sex mánaða fangelsisvist.



**ÁTRÖSKUN** Mjög alvarlegt er þegar tískuhönnuðir senda frá sér röng skilaboð, til dæmis með því að ráða óeðlilega grannar fyrirsætur.

Til hvers að flækja hlutina?

LIFÐU Í NÚLLINU!

365

365.is
Sími 1817

Þú færð GSM áskrift, internet og heimasíma fyrir 0 krónur með völdum sjónvarpspökkum 365.

0 kr. 4 GSM áskriftir 60 mín. og 60 SMS*

0 kr. Internet 20 GB

0 kr. Heimasími 100 mín.**



*60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift. **Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma.

# ROSALEGUR VERKFÆRAKARL

**UPPÁHALDSVERKFÆRIN** *Gunnlaugur Helgason, Gulli Helga, útvarpsmaður á Bylgjunni, er húsasmiður að mennt og starfar við smíðar samhliða útvarps- og sjónvarpsþáttagerð. Hann á fjöldann allan af verkfærum og vélum sem hann heldur mikið upp á. Hann var beðinn um að velja uppáhaldsverkfærin sín en valið var honum erfitt enda á hvert og eitt stað í hjarta hans.*

Að gera upp á milli verkfæranna minna er nánast eins og að gera upp á milli barnanna minna," segir Gulli og hlær, segist nefnilega vera rosalegur verkfærakarl og að raunar sé tækjadellan ástæðan fyrir því að hann haldist í smíðabransanum. „Verkfæri geta auðveldað manni svo svakalega vinnuna og stytt framkvæmdatímann," segir Gulli sem lærði húsasmíði á sínum tíma en gerðist síðan útvarpsmaður í lengri tíma. „Árið 2000 ætlaði ég að fara tímabundið út í smíðina en ílengdist í iðninni og hef aldrei hætt síðan."

Gulli segist ekki missa sig í kaupæði. „Ég spái mikið í hverju verkfæri sem ég kaupi. Ber saman tæki, velti fyrir mér gæðum og ekki síst notagildi. Ef ég sé ekki fram á að nota tækið mikið tek ég oft ákvörðun um að leigja það frekar." Hvert verkfæri Gulla er því vel valið enda þótti honum erfitt að velja aðeins fjögur til að segja frá, en niðurstaðan varð þó þessi:




**VERKFÆRI** Á borðinu má sjá línuleiser, greinayddara framan á rafmagnsborvél, keðjusög, Leatherman og birkigrein sem mun þjóna sem fótur á bekk. MYND/ANDRI MARINÓ

**LEATHERMAN**

„Leathermanninn er sennilega það verkfæri sem ég nota mest, allt upp í fimm til sex sinnum á dag. Ég á þrjá slíka, einn í smíðina, einn í útileguna og svo á ég eina jakkafataútgáfu," segir hann og hlær. Þetta fjölnotaverkfæri ber Gulli alltaf í vasanum og hefur það oft komið sér vel. „Ég var til dæmis í afleysingum í Íslandi í dag þegar allt var í beinni. Þá var með okkur kokkur sem var að fara að elda eitthvað. Þegar þrjátíu sekúndur voru í útsendingu fattaði kokkurinn að hann hefði gleymt tappatogaranum fyrir hvítvínið. Gamli tók upp leðurmanninn, dró tappatogarann fram, opnaði hvítvínsflöskuna og á sömu sekúndu bauð ég gott kvöld."

**KEÐJUSÖG**

„Ég held mikið upp á þessa keðjusög sem móðir mín gaf mér




**GULLI BYGGIR** Gulli er mikill verkfæraáhugamaður.

í afmælisgjöf fyrir mörgum árum. Hún er sjálf mikil tækjamanneskja og líklega hef ég þessa dellu frá henni," segir Gulli glettinn. Hann segist nota keðjusögina mikið, sérstaklega hin síðustu ár. „Ég hef verið að smíða húsgögn úr trjám sem ég felli fyrir fólk. Þá móta ég timbur og sæti í alls konar bekki með keðjusöginni," segir Gulli en borðið sem sést á myndinni er úr smiðju Gulla og smíðað úr ösp sem hann felldi fyrir fólk á Þingvöllum. „Þetta er aðaláhugamálið mitt núna að læra þessa iðn."

**GREINAYDDARI**

Gulli segir borvél skylduverkfæri á hverju heimili. Á borvélina má síðan fá ýmis verkfæri á borð við það sem sést á myndinni. „Þetta er nokkurs konar yddari sem býr til tappa á greinar," segir Gulli en á myndinni má einnig sjá birkigrein sem hann hefur mótað með yddaranum. „Úr greininni verður þannig til fótur. Síðan bora ég í trjábol og tek hann í tvennt, bora göt undir og sting greininni með tappanum inn í götin og límí svo úr verður bekkur eða borð."

**LÍNULEISER**

Gulli segir línuleiserinn eina flottustu nýjungina fyrir iðnaðarmenn síðan batterísvélin kom á markað. „Svona tæki er nauðsynlegt þegar búa á til beinar línur og kemur í staðinn fyrir snúruna sem var strengd á milli staða til að fá beina línu. Leiserinn má einnig nota í stað hallamáls."

Dagarnir hjá Gulla eru æði langir. Hann byrjar daginn með þættinum Í bítið á Bylgjunni klukkan 6.50. Þegar honum lýkur klukkan 10 tekur við undirbúningur fyrir næsta dag og um hádegisbilið hefst smíðavinnan. „Vinnudagurinn er því stundum hátt í 14 tímar," segir Gulli sem hefur vakið mikla athygli fyrir þætti sína Gulli byggir en þegar hafa tvær þáttaraðir verið sýndar á Stöð 2. Eru líkur á því að sú þriðja verði á dagskrá? „Gulli byggir er að jafna sig eftir síðustu seríu og á enn eftir að taka ákvörðun um framhaldið. En mér finnst þetta alveg ofboðslega gaman. Það er frábært að geta tekið þessar iðngreinar og fært þær inn á heimili fólks."

## VINSÆLL VASAHNÍFUR



Eitt af vinsælli verkfærum heims er Leatherman-vasahnífurinn. Saga hans er skemmtileg. Það var Bandaríkjamaðurinn Tim Leatherman sem fékk hugmyndina að gerð hans þegar hann var á ferðalagi með eiginkonu sinni um Evrópu á áttunda áratug síðustu aldar.

Bíll þeirra hjóna var sífellt að bila á ferðalaginu. Þar sem hann var einungis með hefðbundinn vasahníf í för sér til halds og trausts fór hann að velta fyrir sér hvort ekki gæti verið sniðugt að þróa vasahníf með mörgum ólíkum töngum og skrúfjárni.

Þegar hann kom heim gekk hann með hugmynd sína milli hnífaframleiðenda. Enginn þeirra hreifst af hugmynd hans enda fannst þeim Tim leggja fullmikla áherslu á verkfærahluta hennar.

Hann gafst þó ekki upp og ákvað að hefja framleiðsluna sjálfur ásamt viðskiptafélaga sínum, Steve Berliner. Undirbúningurinn tók langan tíma og átta árum síðar kom fyrsta pöntunin í hús.

Vasahnífarnir eru geysivinsælir í Bandaríkjunum enda enn þá framleiddir þar, ólíkt mörgum öðrum verkfærum í dag. Verksmiðja fyrirtækisins er í Oregon-ríki og eru allir hnífarnir auk þess handsmíðaðir.

Þeir njóta einnig mikilla vinsælda í Þýskalandi og Ástralíu en um fimmtungur Ástrala á slíkan hníf. Auk þess eru milljónir hnífa seldir um allan heim árlega.

Sóllilja
Símar: 852-8280 • 544 4022
sóllilja@sollilja.is • www.sollilja.is
BYGGJUM & BREYTUM & GERUM HÚS AÐ HEIMILI

Sjáum um fasteignabreytíngar allt múrverk .Flotun .Flísar.Sparsla .Mála .parket og allt annað

Frítt að fá okkur á staðin að gera tilboð

Gsm 852 8280 viktor





## SVISSNESKA FJÖLTÓLIÐ

**Swiss Army Knife varð til fyrir 135 árum**

■ **FYRIR HERMENN** Margtóla vasahnífurinn frá Sviss sem við þekkjum sem „Swiss Army Knife“ var hannaður árið 1880 fyrir svissneska hermenn. Með honum áttu hermenn að geta opnað niðursuðudósir og tekið í sundur riffla sem annars hefði þurft skrúfjárn til.

■ Árið 1891 innihélt hnífurinn blað, bor, dósaopnara og skrúfjárn.

■ Árið 1896 þróaði nýr framleiðandi sérstaka fjöðrun svo hægt væri að festa tól á báðar hliðar. Með því var hægt að bæta við tólum, aukablaði og tappatogara.

■ Í dag eru margar útfærslur af hnífnum til með mismunandi samsetningu tóla. Meðal þeirra áhalda sem útfærð hafa verið í hnífinn eru tannstöngull, skæri, sög, mælistika, flöskuupptakari, stækkunargler, vírklippur, naglaþjöl, glerskeri, lyklahringur og appelsínuskrælari. wikipedia.org

## DÝR VERKFÆRAKASSI

**Eigandinn var einn stofnenda Apple**



■ **KOSTAÐI RÚMA MILLJÓN** Þessi verkfærakassi er vel notaður en kostar þó mun meira en nýr. Það er vegna þess að sá sem átti hann er Steve Wozniak, einn stofnenda Apple-fyrirtækisins. Nafn Wozniaks er á gula miðanum á kassanum. Allir verkfræðingar Apple á áttunda áratugnum fengu svona fallega bláa verkfærakassa en þegar Wozniak hætti að nota sinn skildi hann kassann eftir í höfuðstöðvum fyrirtækisins. Þar lá hann í reiðileysi þar til starfsmaður að nafni Liggett fann hann og spurði Wozniak hvort hann mætti eiga hann. Liggett varð svo mikill safnari hluta sem tengdust-Apple fyrirtækinu á upphafsárum þess.

Þegar verkfærakassinn dýrmæti var boðinn upp árið 2009 voru settir á hann sjö þúsund Bandaríkjadalir en hann seldist á níu þúsund dali eða tæplega 1,3 milljónir íslenskra króna á núvirði.



## SVUNTA FYRIR VERKFÆRIN

■ **SNIÐUGT** Hárgreiðslufólk er oft með svuntu á sér með mörgum vösum til að geyma verkfæri eins og skæri, greiður, hárlakk og fleira. Hægt er að sauma svona svuntu og nota þegar verið er að vinna heima, setja upp ljós eða skrúfa saman húsgögn eða annað. Þá er hægt að hafa hamar í einum vasa, skrúfjárn í öðrum, nagla í þriðja og svo framvegis. Svona svuntu er líka hægt að nota í hreingerningum fyrir tuskur, sápuúða eða annað efni sem nota þarf. Svuntan er því afar hentug og getur sparað mörg sporin. Flottast er að sauma svuntu úr leðri eða leðurlíki en einnig er sniðugt að búa hana til úr gömlum gallabuxum.





## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLASALA ÍSLANDS



Nýtt Can-am Outlander XT 1000cc Max Götuskráð 2 manna 27" Bighorn dekk og fullt af öðrum aukahlutum Sjá bilasalaislands.is raðnumer( 100971) verð 3.990.000.-m/vsk

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**896 1337 / 896 9693**
**www.bilasalaislands.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



NISSAN Pathfinder. Árgerð 2006, ekinn 181 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.141453.



MERCEDES-BENZ ML 500. Árgerð 2006, ekinn 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.161345.



BMW 320d f30 sportline. Árgerð 2014, ekinn 9 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.590.000. Rnr.990959.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 58 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.690.000. Rnr.990924. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is



**BÍLL DAGSINS ! ÁSETT 3.890 Þ TILBOÐ 3.190 Þ.**
TOYOTA Tundra crewmax limited. Árgerð 2007, ekinn 156 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.114399.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

CLASSICBILAR.IS Bílasala



BMW 520D//M-tech F11 STATION SHADOWLINE Árg 10-2011, ek 106 Þ.KM ssk Diesel eyðsla um 8,5l/100//M-sportpakkinn: útlit-innrétting-sæti-fjöðrun og Nýjar 19" M felgur ásett 7.990þ TILBOÐ 6.490þ stgr. Rnr.100258.

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**http://classicbilar.is**

MB bílar



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 38 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000 Verksmiðjuábyrð til 2020. Rnr.990656.



KIA Ceed ex 1.6 new 2012. Árgerð 2013, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.101137. Verksmiðjuábyrð til 2020.

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

STÓRA BÍLASALAN
Óskum eftir bílum á staðinn.
Mikil sala.



Hyundai i30 Classic Árgerð 2014. Ekinn 20þ.km. Beinsk. 4 ár eftir af ábyrgð. Er á staðnum. Verð 2.490.000kr staðgreitt. Raðnr 134597. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

bíll.is bestir í bílum...



**LANGI VINNUHESTURINN**
Benz Sprinter 316 CDI Árgerð 2013, ekinn aðeins 39 Þ.KM langur Besta verðið 4.680.000. án VSK Rnr.137976. sími 6952015

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

100bilar.is bílasala



Jaguar XF sportbrake, 6/2014, ek 24 þkm , dísel 200 hö , 8 þrepa sjsk, bíll með öllu, Stór glæsilegur bíll , er á staðnum, verð 8950 þús, raðnr 151812

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

Breiðan ehf
821-6292



VW Caravella árg.'99 2,5 diesel, syncro, 4x4, 10 manna, ek. 290þús., einn eig., þjónustubók, nýleg tímareim, verð kr. 880.000,- 100% lánað, gsm. 893-6292



Ford Econline E350, árg.'94, 4x4, diesel 7,3 15 manna, ek. 221þús., 38" breyting, ný 35" dekk, 60 hásingar, loftlæsingar fram/aftan, bíll í toppstandi, sk.'16, hópferðaskoðun, verð kr. 2.390.000,- 100% lánað gsm. 893-6292



Ford Econline árg.'04, bensín, 15 manna, ek. 221þús.km., nýupptek. sjálfsk., sk.'16, hópferðaskoðun, verð kr. 1.980.000,- 100% lánað, gsm. 893-6292

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR JEEP GRAND CHEROKEE OVERLAND 4X4**
Sá flottasti, V6 290hö, eyðsla í blönduðum akstri 10.4L, 8 gíra sjálfskiptur, Hlaðinn lúxus búnaði, Tilboðsverð aðeins 11.790þkr, Er í salnum, ATH Getum útvegað allar gerið af Grand Cherokee,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

## Bílar til sölu



BMW X5, 2006 árg. ek. 174 þ. bensín. vel með farinn, þjónustu og smurbók fylgir. Verð: 2.590 m. S. 781-5050 eða siggibenedikt@gmail.com

Cadillac Deville ,99. Hvítur, 202 þús. Laga þarf stýrisenda og hjólaspyrnu. S. 8956160

## 250-499 þús.



**MJÖG VEL MEÐ FARINN BÍLL!**
Renault Megane 1.6 árg ,04. ek aðeins 119þús km. bsk. skoðaður. 3d. nýleg vetrardekk. mjög gott eintak sem að eyðir litlu. Ásett 890þús. Tilboðsverð aðeins 490þús. vísalán í boði. s:659-9696

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vélsleðar




## Bátar



**ÓDÝR BÁTUR.**
Til sölu Trefjaplast bátskel 6,6 tonn, 8,5 m á lengd. Skráð í skipaskrá tekur 4 fiskikör í lest, get sent myndir. Verð nú 490þ. Uppl. 820-5181



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Varahlutir




**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2015**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 eða 897-1877. FOB Suðurlandsbraut 6. www.fob.is

**BÓKHALD, UPPGJÖR, RÁÐGJÖF, SKATTFRAMTÖL.**
Tek að mér bókhald og uppgjör fyrir fyrirtæki , einstaklinga og húsfélög. Heildarlausnir, Theódór S. Halldórsson, Sími 896 2818

## Málarar

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254

## Nudd

NÝTT NÝTT, ný og glæsileg nuddstofa í 101, opið alla daga S.7877481

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908 7000**
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið til 22.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Leitum að dugmiklum starfskrafti á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar í Reykjavík. 18 ára aldurstakmark og íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð í Skeifunni 5 og á dekkjahollin.is

**STARFSFÓLK ÓSKAST**

Ert þú leiðtoginn sem við leitum eftir ? 101Barco er ört vaxandi fyrirtæki á sviði skemmti- og veitingastaða í miðbæ Reykjavíkur. Við óskum eftir vaktstjóra með reynslu. Ef þú ert ábyrgðarfull/ur, eldhress, dugleg/ur og með leiðtoga í hjarta, sendu ferilskrá á barco@barco.is.

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og í útkeyrslu. Umsóknir sendist á einar@solning.is.

Vantar starfskraft strax í vinnu til framtíðarstarfa hjá Zinkstöðinni í Hafnarfirði. Íslenskukunnátta og reglusemi skilyrði. Uppl. Í síma 896-5759

Óska eftir traustri konu í þrif, góð laun í boði, útlendingar koma ekki til greina uppl í S: 841-0966




GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar


# TILKYNNINGAR

## Einkamál


Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri

Stefnumót: 905-2000 • 535-9920

Konur, allt frítt í s. 555-4321

Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Heitar kynlífssögur

905-2002 • 535-9930

Símadömur ○ live spjall

908-6000 • 535-9999


## Fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til sölustarfa

Um er að ræða starf sölustjóra á hjúkrunarvörum og tengdum vörum til heilbrigðisgeirans um land allt. Gerðar eru ríkar kröfur um mikið frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Viðkomandi þarf að vera;**

- Traustur og heiðarlegur
- Með ríka þjónustulund og frumkvæði
- Hæfni í að afla nýrra viðskiptatækifæra
- Með góða tölvuþekkingu
- Góð tök á íslensku máli ásamt a.m.k. ensku

Umsóknir með greinagóðum upplýsingum skulu sendar á saevar@cetus.is fyrir 26.03.2015.

## Sumarafleysing

### Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða í sumarstörf

**Starfsmann á dreifingarskrifstofu í Reykjavík.**
Helstu verkefni eru móttaka á pöntunum og aðstoð við skipulagning á akstri. Umsækendur þurfa að vera skipulagðir með mikla þjónustulund, almenna tölvukunnáttu og geta unnið sjálfstætt.

**Vana bílstjóra með CE meiraspróf staðsetta í Reykjavík.**
Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

**Vana bílstjóra með CE meiraspróf staðsetta á Akureyri.**
Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550 9910.

**Vana bílstjóra með CE meiraspróf staðsetta á Reyðarfirði.**
Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

**Umsóknir sendist á odr@odr.is fyrir 30. mars.**

Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is

LIND FASTEIGNASALA / 510 7900 — Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**OPIÐ HÚS › 19. mars 18:00 – 18:30**







**Kvistaland 21**
108 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 213,8 fm | RAÐHÚS | HERB: 6

Fallegt og mjög vel staðsett einbýlishús á einni hæð neðst í Fossvoginum. Húsið er mikið endurnýjað, eldhús, baðherbergi, gólfefni að mestu, búið að endurnýja dúk á þaki ofl. Gott skipulag.

**81.900.000 kr**



Heyrumst
**Gunnar**
Sölufulltrúi
› 699 3702
› gunnar@fastlind.is



Heyrumst
**Hannes**
Lögg. fasteignasali
Sölustjóri
› 699 5008
› hannes@fastlind.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

## HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Linnetstígur 2 – Hf. – 3ja herbergja

**Opið hús í dag milli kl. 17.30 – 18.**




**Hraunhamar kynnir glæsilega 3ja herbergja íbúð á 2.hæð ( end) með sérinngang.** Rúmgóð björt stofa. Rúmgott forstofuherbergi. Rúmgott baðherbergi. Rúmgott svefnh. Glæsileg rúmgóð stofa og borðstofa. Mjög fallegt eldhús. Parket á gólfum. Frábær staðsetning.Rúmgott stæði í bílahúsi. Laus strax. **Verð 44,9 millj. Hilmar Bryde sölumaður verður á staðnum.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Bragagata 16 - 2ja herbergja

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Góð 55,5 fm. 2ja herbergja íbúð ásamt 2,1 fm geymslu samtals 57,6 fm. Íbúðin er í kjallara með sameiginlegum inngangi. Eignin skipist í forstofu/gang, baðherbergi, svefnherbergi, eldhús og stofu. Geymsla og sameiginlegt þvottahús í sameign. **Verð 16,9 millj. Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verið velkomin.**

## Stakkholt 2-4, 105 Rvk. - Nýjar íbúðir í miðbæ Reykjavíkur

Eignin verður sýnd fimmtudaginn 19. mars milli kl. 17:30 og 18:00




- 2ja til 4ra herbergja íbúðir • 65 til 142 fermetrar að stærð
- Stæði í bílageymslu með flestum íbúðum • Allar innréttingar og fataskápar verða af vandaðri gerð
- Frábært útsýni til sjávar og/eða til suðurs og vesturs yfir borgina
- Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar • www.stakkholt.is

**Eignin verður sýnd fimmtudaginn 19. mars milli kl. 17:30 og kl. 18:00.**
**V. frá 31,8 m.** 4168

EIGNAMIÐLUN
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
Frá 1957
Sala fasteigna í 57 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

# ÚTBOÐ

**Garðabær, HS Veitur hf., Orkuveita Reykjavíkur – Veitur ohf. (OR Veitur), Gagnaveita Reykjavíkur ehf. (GR) og Míla ehf. óska eftir tilboðum í verkið:**

**URRIÐAHOLT – NORÐURHLUTI 2. ÁFANGI. GATNAGERÐ OG LAGNIR**

Verkið felst í nýbyggingu gatna, bílastæða, gangstétta og stíga. Verktaki skal einnig annast alla vinnu við lagnir veitufyrirtækja á svæðinu.

**Verkinu skal lokið fyrir 15. nóvember 2015.**

**HELSTU MAGNTÖLUR ERU:**

| | |
|---|---|
| Gröftur | 13.100 m³ |
| Klapparskering | 10.700 m³ |
| Fylling og burðarlög | 16.300 m³ |
| Holræsalagnir | 5.050 m |
| Hitaveitulagnir | 1.450 m |
| Vatnslagnir | 1.700 m |
| Strenglagnir – rafstrengir | 6.600 m |
| Ljósastólpar | 50 stk. |
| Ídráttarrör | 2.200 m |
| Fjölpípur | 4.000 m |

Útboðsgögn er hægt að nálgast hjá Eflu verkfræðistofu, fimmtudaginn 19. mars 2015, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 412 6000.

Tilboð verða opnuð hjá Eflu verkfræðistofu, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, föstudaginn 10. apríl 2015, kl. 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið

# LEIKJATÖLVA

# FERMINGARTILBOÐ

## HIN FULLKOMNA BORÐTÖLVA FYRIR SKÓLANN OG LEIKINA



COOLER MASTER

**ELITE 344 TURNKASSI**

FYRIRFERÐALÍTILL OG HLJÓÐLÁTUR MEÐ 400 WATTA AFLGJAFA. STYÐUR MICRO-ATX OG MINI ITX MÓÐURBORÐ.



ASUS

**M-ATX MÓÐURBORÐ**

TRAUST 1150 MÓÐURBORÐ FRÁ ASUS MEÐ 3 ÁRA ÁBYRGÐ. INTEL H81 KUBBASETT OG FJÖLMARGIR TENGIMÖGULEIKAR.



Seagate

**1TB HARÐUR DISKUR**

HLJÓÐLÁTUR OG STÓR 7.200 SNÚNINGA DISKUR FYRIR GÖGNIN, LJÓSMYNDIRNAR, TÓNLISTINA OG KVIKMYNDIRNAR.



intel inside CORE i3

**INTEL i3 ÖRGJÖRVI**

ÖFLUGUR INTEL i3 HASWELL ÖRGJÖRVI SEM TRYGGIR HRAÐA VINNSLU Í SKÓLAVERKEFNUM EÐA LEIKJUM.




ASUS

**GTX 750 SKJÁKORT**

VANDAÐ ASUS GTX750 Ti SKJÁKORT MEÐ 3 ÁRA ÁBYRGÐ. HENTAR VEL FYRIR LEIKJASPILUN OG MARGMIÐLUN.

CORSAIR



**8GB VINNSLUMINNI**

FIMM STJÖRNU 1600MHZ DDR3 VINNSLUMINNI. TRYGGIR HRAÐARI VINNSLU.

## FERMINGARTILBOÐ

## 119.990

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

# Um kolefnisspor og hlýnun jarðar

UMHVERFISMÁL



Jón Skafti Gestsson
hagfræðingur

Hlýnun jarðar er talin vera eitt stærsta vandamál sem mannkynið stendur frammi fyrir. Aðgerða er þörf ef draga á úr vandanum. Til þess að það sé mögulegt þarf að skilgreina vandamálið og koma mælikvarða á þá þætti sem hafa áhrif á hlýnun jarðar. Kolefnisspor er einfaldur og skýr mælikvarði á hversu mikil gróðurhúsaáhrif felast í ákveðinni afurð.

Samkvæmt tölum um losun gróðurhúsalofttegunda (GHG) á heimsvísu má rekja um fjórðung heildarlosunar til orkuframleiðslu og um sjötta hlut til samgangna. Fyrir íslenska framleiðendur er því vert að hafa þessa tvo þætti sérstaklega í huga. Hér á landi skapar orkugeirinn innlendri framleiðslu forskot með orku sem er bæði hrein og ódýr miðað við orkuverð víðast hvar í Evrópu. Þá er þáttur samgangna í losun GHG mikilvægur. Hnattstaða Íslands er þannig að innflutningur verður að koma með flugi eða skipum til landsins. Það er sérstaklega flug sem skilur eftir sig stórt kolefnisspor og því væri til mikils unnið í loftslagsmálum að draga úr þeim flutningum.

Rök mætti því færa fyrir því að auka ætti framleiðslu á orkufrekum afurðum innanlands. Annars vegar til að draga úr innflutningi, og þá sérstaklega innflutningi með flugi, og hins vegar til að skoða útflutning á orkufrekum afurðum. Margs konar afurðir skilja eftir sig stór spor og það má ætla að framfara sé þörf í flestum framleiðslugeirum ef árangur á að nást í baráttunni gegn hlýnun jarðar. Með því að reikna út kolefnisspor afurða þar sem þeirra er neytt er hægt að finna út hvort leggja megi baráttunni gegn hlýnun jarðar lið með framleiðslu þeirra hérlendis.

### Aukin viðskiptavild

Kolefnisspor er, eins og áður segir, mælikvarði á losun GHG sem tengist tiltekinni starfsemi. Þannig má mæla og bera saman losun GHG sem tengist ólíkri framleiðslu. Það felur í sér að reikna út losun á einingu afurðar frá upphafi framleiðsluferils til loka urðunar eða endurvinnslu með svokallaðri vistferilsgreiningu. Dæmi um þessi vinnubrögð má sjá í nýlegri skýrslu sem unnin var fyrir Samband garðyrkjubænda þar sem unninn er samanburður á kolefnisspori íslenskra og innfluttra garðyrkjuafurða.

Opinber birting kolefnisspors gerir neytendum kleift að haga neyslu sinni þannig að hún dragi úr losun GHG. Þannig geta framleiðendur sem birta kolefnisspor sitt notið þess í formi aukinnar viðskiptavildar og bættrar ímyndar fyrir ábyrgan rekstur. Garðyrkjubændur á Íslandi eru dæmi um slíka framleiðendur sem hafa hag af því að upplýsa um kolefnisspor sitt. Ísland er einangrað og hingað verða ekki fluttar inn ferskar afurðir án þess að til komi flutningur um vegalengdir sem skilja eftir sig umtalsvert kolefnisspor.

**→ Það er sérstaklega flug sem skilur eftir sig stórt kolefnisspor og því væri til mikils unnið í loftlagsmálum að draga úr þeim flutningum.**

Garðyrkjubændur njóta forskots á keppinauta með hitun og lýsingu sem framleidd er með lágmarkslosun gróðurhúsalofttegunda. Þetta er athyglisvert því að kartöflum undanskildum hefur innflutningur á grænmeti verið um 50% af heildarneyslu Íslendinga á ári.

**visir.is**

Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

# Trúlega best

TRÚMÁL



Sverrir Björnsson
hönnuður

Ég sat á kaffihúsi um daginn, þegar maður á næsta borði hallaði sér að mér og var mikið niðri fyrir. Veistu að það er vera sem fylgist með okkur allan sólarhringinn? Ha, áttu við Öryggisstofnun Bandaríkjanna eða Google? spurði ég. Nei, nei, þessi vera veit ekki bara hvað þú gerir í tölvunni og símanum þínum, hún veit allt sem þú gerir, allan sólarhringinn! Það er frekar óhugnanleg tilhugsun, sagði ég. Nei, nei, það er allt í lagi af því hún er svo góð. Sagði hann.

Getur hún fylgst með öllum, öllum í heiminum samtímis? spurði ég frekar vantrúaður. Já, það er ekkert mál fyrir hana, hún veit allt. Hvernig veistu þetta? spurði ég. Það er til bók um hana, sagði hann. Í bókinni segir veran okkur hvernig við eigum að lifa, hvað við megum og hvað við megum ekki. Lifir fólk í alvöru eftir þessu? spurði ég. Já, fullt af fólki fer bókstaflega alveg eftir því sem veran segir. Hefur einhver séð þessa veru? spurði ég. Nei, ekki nokkur lifandi maður en hún hefur samt sést.

### Í veruleik allan daginn

Hvenær var það? spurði ég spenntur. Fyrir nokkur þúsund árum. Já, góðan daginn, hvernig veistu að veran er til? spurði ég. Sonur hennar kom einu sinni í heimsókn og ég bara finn það á mér, í hjarta mér, að veran er til. Það má alls ekki efast og maður á að reyna að fá sem flesta til að trúa á hana, til dæmis með því að kenna börnum í skólum um hana. Er það ekki full-langt gengið, spyr ég, þar sem enginn veit fyrir víst hvort þessi vera er til? Trúir þú mér ekki? spurði hann sár. Ja, ég á dálítið erfitt með að taka bara þín orð og nokkur þúsund ára gamlan vitnisburð trúanleg í svona mikilvægu máli.

**→ Hefur einhver séð þessa veru? spurði ég. Nei, ekki nokkur lifandi maður en hún hefur samt sést.**

Nú fór að hitna í vininum. Það er ekki bara ég, alls konar annað fólk trúir á hana, meira að segja sumir borgarstjórar og það er til fólk sem segir að orð verunnar eigi að vera lögin í landinu. Ha?! Já, og þeir eru tilbúnir að fara í heilagt stríð til að berjast fyrir því. Allir sem trúa á veruna fá nefnilega að hitta hana eftir að þeir eru dánir. Hvernig er það hægt? spurði ég. Þá fer fólk upp í himin og þar er alveg frábært að vera. Himininn? Er þetta geimvera sem þú ert að tala um? Nei, nei, hún býr þar bara en stjórnar öllu á jörðinni. Mér var farið að detta í hug að það væri geðlyfjaskortur í landinu og fór að mjaka mér út.

Hann kallaði á eftir mér: Þú manst að gera ekki grín að henni, þá verður þú kannski drepinn. Já, já, ég reyni að varast það, vertu sæll. Mikið var ég feginn þegar ég komst út en kannski er til fleira fólk eins og þessi blessaði maður, sem er í veruleik allan daginn og vill að við stjórnum lífi okkar og samfélagi eftir því. Það má ímynda sér hvað sem er fyrir mér, lífið er vissulega sumum manneskjum svo þungbært eða tilgangslaust að þær geta ekki lifað án vonar um að eitthvað súpergott sé í gangi á bak við tjöldin. En eftir þetta kaffihúsaspjall skil ég betur þá sem vilja algjörlega skilja á milli fantasíu og samfélags; laganna, skólanna og ríkisins. Það er trúlega best.

# Fagmennska eða fúsk

HEILBRIGÐISMÁL



Hugrún Sigurjónsdóttir
sálfræðingur

Óhefðbundnar lækningaaðferðir hafa verið í umræðunni í kjölfar umfjöllunar Kastljóss nú nýverið. Ljóst er að margt er í boði fyrir fólk sem á við alvarleg og ólæknandi líkamleg veikindi að stríða. Líklega mætti taka aðra eins umræðu um þau úrræði sem í boði eru við andlegum veikindum, hvort sem um er að ræða minniháttar krísur eða alvarlegri veikindi sem tekur lengri tíma að ná tökum á. Á þessum vettvangi kennir einnig ýmissa grasa og mikilvægt að leita beint til viðurkenndra fagaðila til að tryggja hámarksárangur.

Í þessu greinarkorni hyggst ég fjalla lítillega um störf sálfræðinga og benda á þá miklu þekkingu og reynslu sem sjálfstætt starfandi sálfræðingar búa yfir. Að baki sálfræðiréttindum liggur margra ára háskólanám, starfsþjálfun og handleiðsla. Þá hafa margir sjálfstætt starfandi sálfræðingar byrjað sinn feril á öðrum vettvangi og búa yfir víðtækri reynslu af öðrum störfum, t.d. innan sjúkra- og meðferðarstofnana eða innan skólakerfisins svo eitthvað sé nefnt. Sálfræðingar nota viðurkenndar aðferðir sem rannsóknir sýna að hafi raunveruleg og varanleg áhrif til bata. Má hér nefna hugræna atferlismeðferð (HAM) sem er gagnlegt meðferðarúrræði við ýmsum kvillum, s.s. kvíða og þunglyndi.

### Þörf á leiðarvísi

Sú mýta hefur verið lífseig að til sálfræðinga leiti aðeins þeir sem eigi við mikla vanlíðan að stríða og hafi jafnvel verið lagðir inn á stofnanir vegna andlegra veikinda. Í dag gerir fólk auknar kröfur um vellíðan og virkni og gott getur verið að ræða vandann áður en hann verður óviðráðanlegur. Oft nægja nokkrir tímar hjá sálfræðingi til að koma lífinu á rétta braut. Lífið er margbreytilegt og við erum misjafnlega í stakk búin til að takast á við óvæntar uppákomur vegna skyndilegra breytinga á persónulegum högum. Hér má nefna skilnaði, veikindi, atvinnumissi og annað sem kann að koma fólki úr jafnvægi til lengri eða skemmri tíma.

Hlutverk sálfræðings er að hlusta, greina vandann og hjálpa fólki við að setja sér upp markmið og fylgja þeim. Hér notar sálfræðingurinn þekkingu sína og reynslu ásamt úrræðum sem rannsóknir hafa sannað að hafi meðferðargildi.

Þess ber einnig að geta að sálfræðingar eru flestir í góðum tengslum við aðrar starfsstéttir svo sem lækna og geta því vísað fólki áfram til frekari meðferðar gerist þess þörf.

Af nýlegri umræðu um ýmsar leiðir lækninga er ljóst að þörf er á leiðarvísi fyrir fólk sem þarf á aðstoð að halda og er þessi grein innlegg í þá umræðu.

# Af samvisku presta

SAMFÉLAG



Sigurvin Lárus Jónsson
prestur

Íslenska þjóðkirkjan er í fararbroddi meðal kirkna er láta sig varða mannréttindi hinsegin fólks. Sú viðurkenning sem 113 prestum og guðfræðingum var veitt af Samtökunum ’78 í kjölfar setningar einna hjúskaparlaga árið 2010 ber vott um þann víðtæka stuðning sem ríkir í prestastétt við hjónavígslu einstaklinga af sama kyni. Það eru forréttindi okkar sem störfum í kirkjunni að til okkar leita á hverju ári fjölmörg hinsegin pör eftir kirkjulegri hjónavígslu fyrir samband sitt. Sá sigur sem náðist með einum hjúskaparlögum var ekki sársaukalaus og deilur innan kirkjunnar um málið leiddu til þess að særandi ummæli voru viðhöfð í fjölmiðlum af kirkjunnar þjónum í garð hinsegin fólks. Átökin náðu hámarki á prestastefnu 2007 þar sem tillaga um að fara þess á leit við Alþingi að prestar skyldu fá heimild til að vígja samkynhneigða í hjónaband var felld á þeim forsendum að hópur presta taldi að hjónaband skyldi skilgreint sem sáttmáli karls og konu.

Þegar ein hjúskaparlög voru samþykkt 2010 fengu prestar heimild til að vígja samkynja hjón en lögin voru höfð valkvæm byggt á áliti kenningarnefndar Þjóðkirkjunnar frá 2006. Í athugasemd við lagafrumvarpið (þskj. 836/485. mál.) er það tekið fram að prestur „megi neita að vígja hjónaefni ef hann telur slíkt andstætt samvisku sinni og sannfæringu [að því gefnu] að prestar muni ekki synja af öðrum ástæðum en vegna trúarsannfæringar sinnar“. Með öðrum orðum hafa prestar heimild til að mismuna hjónaefnum á grundvelli kynhneigðar. Sambærileg álitamál í kirkjusögu 20. aldar hafa varðað hjónavígslu fráskilinna og prestvígslu kvenna en hvorugt hefur orðið að deiluefni í íslensku Þjóðkirkjunni. Sigurbjörn Einarsson biskup tók af skarið með prestsvígslu kvenna þegar Auður Eir Vilhjálmsdóttir var vígð fyrst kvenna árið 1974 án vandkvæða. Í nágrannalöndum okkar hefur prestsvígsla kvenna verið sársaukafullt deiluefni og þar þekkist að biskupar hafi samviskufrelsi um að neita konum prestsvígslu.

Samband ríkis og þjóðkirkju er með þeim hætti að prestar í embætti eru opinberir starfsmenn og um þá gilda lög og reglur sem samsvara því. Í krafti þess eru jafnréttislög í gildi við ráðningar presta og það er tekið fram þegar prestsstaða er auglýst. Þannig er það tryggt að ekki sé hægt að mismuna á grundvelli kynferðis þegar veitt eru embætti.

### Engar málamiðlanir

Það skýtur því skökku við að opinberir starfsmenn hafi til þess heimild í lögum að mismuna hjónaefnum í embættisverkum á grundvelli kynhneigðar. Engar upplýsingar eru aðgengilegar um þann hóp presta sem neitar hjónavígslu samkynhneigðra og því er það óhjákvæmilegt að hjónaefni reki sig á að ekki er óhætt að leita eftir þjónustu í hvaða sóknarkirkju sem er. Þessi kerfislæga mismunun stendur íslensku þjóðkirkjunni fyrir þrifum.

Þegar kemur að mannréttindum má engar málamiðlanir gera og fordómar í garð samkynhneigðar eru ein af stóru syndum kirkjunnar í samtímanum. Kristin kirkja hefur í krafti trúarsannfæringar beitt hinsegin fólk ofbeldi og útskúfun um aldir og hefur í því samhengi brugðist köllun sinni um réttlæti, frið og kærleika.

Hjónavígsla tveggja fullveðja jafningja sem leita blessunar Guðs er ein fegursta birtingarmynd mannlegs kærleika og þar gildir kynhneigð einu. Til að um þann kærleika geti ríkt friður þarf réttlætið að ná fram að ganga. Um ein hjúskaparlög mun ekki ríkja friður og sátt fyrr en hjónaefnum er ekki lengur mismunað kerfislægt í kirkjunni á grundvelli kynhneigðar.

GLUGGAR & GARÐHÚS
1984-2015 30 ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Smiðsbúð 10 | 210 Garðabær | Sími: 554 4300 | Fax: 564 1187 | solskalar@solskalar.is | www.solskalar.is

Opið hús

Þann 21. mars nk. verðum við með opið hús í Smiðsbúð 10, frá kl. 10 - 16.
Þar munum við kynna allt það nýjasta sem finna má í gerð garðskála, svalalokana, hurða og glugga. Verið velkomin í glæsilegan sýningarsal okkar.



Viðhaldsfríir gluggar, hurðir, sólskálar o.fl.

Nánari upplýsingar á www.solskalar.is

Allar tæknilegar upplýsingar, snið og teikningar, eru fyrirliggjandi hjá okkur.

# Gegn verkjum og hita
## - í tengslum við kvef og flensu




**3 í 1**

- **Hitalækkandi** - virkar í allt að 8 klst.
- **Verkjastillandi** - verkun hefst innan 30 mín.
- **C-vítamín** (45 mg)

Therimin Honung&Citron 500 mg, mixtúruduft, lausn. Inniheldur parasetamól. Ábendingar: Er ætlað til skammtímameðferðar við verkjum og eða hita, t.d. vægum eða meðalmiklum verkjum og hita í tengslum við kvef og flensu, höfuðverk, vöðva- og liðverkjum, tannverk og tíðaverk. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir: Einn til tveir skammtapokar af dufti (500 til 1000 mg) leyst upp í heitu vatni á fjögurra til sex klst. fresti, eftir þörfum, allt að 4 sinnum á dag. Hámarksskammtur á sólarhring eru 6 skammtapokar á 24 klst. (3000 mg af parasetamóli á 24 klst.). Venjulega er nóg að nota einn skammtapoka í einum skammti. Heildarskammtur af parasetamóli má ekki fara yfir 60 mg/kg/sólarhring fyrir unglinga og fullorðna sem eru léttari en 50 kg. Börn: Skammtar eru háðir aldri og líkamsþyngd. Stakur skammtur getur verið frá 10 til 15 mg/kg líkamsþyngdar. Hámarksskammtur á sólarhring er 60 mg/kg/líkamsþyngdar. Börn yngri en 12 ára: Ekki er mælt með notkun lyfsins hjá börnum yngri en 12 ára. 12 til 15 ára unglingar sem vega frá 41 til 50 kg: Einn skammtapoki í hverjum skammti, á fjögurra til sex klst. fresti, eftir þörfum, allt að fjórum sinnum á sólarhring. Hámarksskammtur er 4 skammtapokar á 24 klst. (2000 mg af parasetamóli á 24 klst.). 16 til 18 ára unglingar sem eru þyngri en 50 kg: Sami skammtur og fyrir fullorðna. Stærri skammtar en mælt er með geta leitt til alvarlegar lifraskemmda. Ef verkur varir lengur en 5 daga eða hiti lengur en 3 daga, eða ef ástand versnar skal leita ráða hjá lækni. Skert lifrarstarfsemi: Hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi eða Gilberts heilkenni, verður að minnka skammta eða lengja tímabilið á milli skammta. Skert nýrnastarfsemi: Hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi á að minnka skammta. Gauklasíunarhraði 10-50 ml/mín, skammtur 500 mg á 6 klst. fresti. Gauklasíunarhraði < 10 ml/mín, skammtur 500 mg á 8 klst. fresti. Lyfjagjöf: Innihaldið úr 1-2 skammtapokum á að leysa upp í venjulegri drykkjarkönnu af heitu, en ekki sjóðandi, vatni (u.þ.b. 250 ml). Þegar 2 pokar eru notaðir má bæta við meira vatni eftir smekk. Drekka á vökvann þegar hann hefur kólnað, þannig að hitastigið sé mátulegt. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna. Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun: Gæta skal varúðar við gjöf parasetamóls hjá sjúklingum með miðlungsmikla eða verulega skerðingu á nýrnastarfsemi, væga til miðlungsmikla skerðingu á starfsemi lifrarfrumna (þ.m.t. Gilberts heilkenni), alvarlega skerðingu á lifrarstarfsemi (Child-Pugh >9), bráða lifrarbólgu, sem eru á samhliðameðferð með lyfjum sem hafa áhrif á lifrarstarfsemi, með glúkósa-6- fosfat dehýdrógenasa skort, blóðlýsublóðleysi, vökvaskort, sem misnota áfengi og eru með langvinna vannæringu. Ráðleggja skal sjúklingum að nota ekki samhliða önnur lyf, sem innihalda parasetamól, vegna hættu á alvarlegum lifrarskemmdum ef til ofskömmtunar kemur. Forðast skal áfenga drykki meðan á notkun lyfsins stendur, því notkun þess samhliða parasetamóli getur valdið lifrarskemmdum. Gæta skal varúðar þegar parasetamól er gefið sjúklingum sem eru háðir áfengi. Upplýsingar um hjálparefnin: Aspartam (E951), sem inniheldur fenýlalanín, sem getur verið skaðlegt fyrir sjúklinga með fenýlketónmigu. Natríum 38 mg í skammtapoka: Sjúklingar á natríumskertu matarræði þurfa að hafa þetta í huga. Súkrósi 5,3 g í skammtapoka: Sjúklingar með frúktósaóþol glúkósa-galaktósa vanfrásog eða eða súkrasa-ísómaltasaþurrð, sem eru sjaldgæfir argengir kvillar, skulu ekki taka lyfið. Einnig þarf að taka tillit til þess hjá sjúklingum með sykursýki. Allúra rautt AC (E129) 0,09 mg í skammtapoka: Er azo-litarefni sem getur valdið ofnæmisviðbrögðum. Sojalesitín (E322). Ef þú ert með ofnæmi fyrir jarðhnetum eða soja skaltu ekki nota þetta lyf. Meðganga: Engar aukaverkanir eru þekktar af notkun parasetamóls á meðgöngu eða heilsu fósturs/nýbura. Við notkun undir venjulegum kringumstæðum má gefa parasetamól á öllum stigum meðgöngu, eftir að hlutfall milli ávinnings og áhættu hefur verið metið. Á meðgöngu á ekki að taka parasetamól í langan tíma, í stórum skömmtum eða samhliða öðrum lyfjum þar sem ekki hefur verið sýnt fram á öryggi notkunar í slíkum tilfellum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**KONRÁÐ GUÐMUNDSSON**

sem lést 12. mars, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju 24. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund eða Alzheimerfélagið (FAAS).

**Þór Konráðsson**
**Bryndís Konráðsdóttir**
**Konráð Konráðsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona, móðir og tengdamóðir,

**ÞÓREY EGILSDÓTTIR**
**Brávöllum, Hörgársveit,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 14. mars. Jarðsett verður í Akureyrarkirkjugarði mánudaginn 23. mars. Farið verður frá Höfðakapellu kl. 14.00. Minningarathöfn verður eftir jarðsetningu í Lionssalnum Änni, Skipagötu 14, 4. hæð.

**Hilmar Lúthersson**
**börn og tengdabarn.**



Elsku móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**HJÖRDÍS INGIBJÖRG KONRÁÐSDÓTTIR**
**Dalbraut 21,**

sem lést þann 5. mars síðastliðinn, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju þann 24. mars kl. 13.

**Svava Jónína Nielsdóttir** — **Árni Auðunn Árnason**
**Jenný Sigurlína Níelsdóttir** — **Guðni Páll Birgisson**
**Hjördís Auður Árnadóttir** — **Þorsteinn Viðarsson**
**Hjalti Freyr Árnason**
**Níels Árni Árnason** — **Harpa Lind Örlygsdóttir**
**Birgitta Svava Pálsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



Okkar kæra

**STELLA EYJÓLFSDÓTTIR**

lést þann 13. mars síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Mörk. Útför hennar fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 24. mars kl. 15.00.

**Gyða Eyjólfsdóttir**
**Ingvar Eyjólfsson**
**Ragna Eyjólfsdóttir** — **Hilmar Albertsson**
**Sverrir Eyjólfsson** — **Eyrún Guðnadóttir**
**og aðrir ástvinir.**



Yndisleg eiginkona mín, mamma og amma,

**HERBORG STEFÁNSDÓTTIR**
**Skólagerði 53, 200 Kópavogi,**

lést fimmtudaginn 12. mars á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 23. mars kl. 13.00.

**Guðmann Valberg**
**Berglind Valberg**
**Daníel Orri Óttarsson**



Elskuleg móðir mín, amma og langamma,

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
**(RÚNA)**
**Kirkjubraut 17, Akranesi,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness 13. mars sl. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 24. mars kl. 14.00.

**Helga Bjarnadóttir**
**Bjarni Ingi Björnsson** — **Ingibjörg Kristín Barðadóttir**
**Guðrún Hallfríður Björnsdóttir** — **Bergur Jónsson**
**Elínborg Björnsdóttir** — **Sturla Magnússon**
**og barnabarnabörn.**



1



2



3

# Slegist um Eyrarrósina

## Tilnefningar til Eyrarrósarinnar hafa litið dagsins ljós. Listasafn Árnesinga, Sköpunarmiðstöð Stöðvarfjarðar og Frystiklefinn Rifi keppast um að hreppa hnossið í ár.

**Eyrarrósin verður afhent í tíunda skipti þann 4.apríl næstkomandi á Ísafirði. Þau menningarverkefni sem berjast um verðlaunin í ár eru Listasafn Árnesinga, Frystiklefinn Rifi og Sköpunarmiðstöðin Stöðvarfirði.**

**Það verkefni sem ber sigur úr býtum mun hljóta 1.650.000 króna í verðlaun.**

**Undanfarin tíu ár hafa verkefni á borð við Aldrei fór ég suður, Bræðsluna og Safnasafnið á Svalbarðsströnd hlotið Eyrarrósina og þykir rósin stýra góðri lukku.**

**Forsetafrúin, Dorrit Moussaieff, mun veita verðlaunin við hátíðlega athöfn, en hún er jafnframt verndari samtakanna.**

### 1. Listasafn Árnesinga

„Ég samgleðst fyrir hönd allra safna þegar ég tek á móti tilnefningunni,“ segir Inga Jónsdóttir, safnstjóri Listasafns Árnesinga.

Að jafnaði eru settar upp fjórar til sex sýningar á ári á listasafninu. Útgangspunktur sýningarhaldsins er að efla áhuga og skilning á sjónlistum og sinna fræðslu. „Að safninu standa öll sveitarfélög Árnessýslu, svo hér er unnið metnaðarfullt starf,“ segir Inga og bætir við: „Það er auðvitað alltaf gaman að fá jákvæð viðbrögð við því sem maður er að gera.“

### 2. Sköpunarmiðstöðin Stöðvarfirði

„Tilnefningin hefur ofboðslega hvetjandi áhrif. Hér höfum við unnið allt starf í sjálfboðavinnu svo þetta er reglulega gott klapp á bakið,“ útskýrir Rósa Valtingojer, stjórnandi miðstöðvarinnar. Sköpunarmiðstöðin hefur sjálfbærni og nýtingu samlegðaráhrifa skapandi einstaklinga og verkstæða að leiðarljósi í sínu starfi. „Samfélagið allt hefur hjálpast að við uppbygginguna og starfsemina sem hér fer fram,“ segir Rósa alsæl með tilnefninguna.

### 3. Frystiklefinn Rifi

„Fólk hefur gríðarlegan áhuga á að koma til okkar hingað á Snæfellsnes. Mikil gróska er í menningarlífinu hér, og yfir fimmtíu sýningar í gangi síðastliðið ár,“ segir Kári Viðarsson, maðurinn á bak við Frystiklefann. Frystiklefinn gegnir hlutverki menningarmiðstöðvar og er listamannasetur þar sem uppákomur af ýmsum toga skjóta upp kollinum. „Ég er hrærður og þakklátur, tilnefningin hefur mikla þýðingu fyrir okkur hér,“ bætir Kári við.

gudrun@frettabladid.is



Elsku maðurinn minn og Laugi okkar,

**GUÐLAUGUR HEIÐAR JÖRUNDSSON**
**Bollagörðum 57,**
**Seltjarnarnesi,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 14. mars. Hann verður jarðsunginn frá Neskirkju fimmtudaginn 26. mars kl. 13.

**Guðrún V. Haraldsdóttir**
**Sif, Auður Edda og fjölskyldur.**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAFLIÐI JÓNSSON**
**málarameistari,**
**Grundargarði 4, Húsavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Húsavík, laugardaginn 14. mars. Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 21. mars kl. 14.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGGI GÍSLASON**
**rafvirkjameistari og**
**fyrrverandi rafverktaki,**
**Sílatjörn 6, áður Miðtúni 4, Selfossi,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu sunnudaginn 8. mars. Útför hans fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð. Starfsfólki dvalar- og hjúkrunarheimilisins Lundar eru færðar innilegar þakkir fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

**Jóhanna María Þorvaldsdóttir**
**Ásta Kristín Siggadóttir**
**Hannes Siggason** — **Heiðrún Hlín Guðlaugsdóttir**
**María Siggadóttir**
**Þorvaldur Siggason** — **Guðrún Kristín Ívarsdóttir**
**Sæunn Siggadóttir** — **Gísli Þór Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra

**ANNA BJÖRG SVEINSDÓTTIR**
**Valdastöðum, Kjós,**

verður jarðsungin frá Reynivallakirkju í Kjós laugardaginn 21. mars kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Ólafur Helgi Ólafsson**
**Þórdís Ólafsdóttir**
**Ólafur Geir Ólafsson**
**Sigrún Ólafsdóttir** — **Matti Kallio**
**Eva Þórhildur Kallio**
**Sveinn Jóhannsson** — **Geirlaug Sveinsdóttir**
**Jóhann Sveinsson** — **Hafdís Guðmundsdóttir**
**Bjarni Ágúst Sveinsson**
**Ólafur Þór Ólafsson** — **Þórdís Ólafsdóttir**


Appelsín
Íslandsbanki
Síminn
SUNNUDAG KL.19:10
ÍSLAND GOT TALENT
Tindatríó
900 3007
Agla Bríet
900 3002
Element Crew
900 3004
BMX Brós
900 3005
Lukaz
900 3001
Margrét Saga
900 3003
900 3006
Rókur Jákupsson
★ BEIN ★
ÚTSENDING
KL.19:10
SUNNUDAG
UNDANÚRSLIT ÍSLAND GOT TALENT
FJÖRIÐ
HELDUR ÁFRAM
SÍMALEIKUR
Glæsilegir vinningar frá
Sjónvarpsmiðstöðinni og LG
LG
MIÐASALA
Á MIDI.IS
Á sunnudagskvöld verður annar þáttur af undanúrslitum í beinni útsendingu frá Talent-höllinni og að þessu sinni fáum
við að sjá og heyra sjö næstu atriðin í Ísland Got Talent. Þú getur kosið uppáhaldsatriðið þitt í símakosningu og átt
kost á því að vinna glæsilegan vinning í símaleik Ísland Got Talent. Ekki missa af fjörinu á sunnudagskvöld á Stöð 2!
365.is | Sími 1817
365

# HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI

## ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS

50" TÆKIN UPPSELD
EN VIÐ FENGUM ÚR SÖMU LÍNU ÞETTA STÓR-GLÆSILEGA 49" TÆKI SEM ER HLAÐINN ÖLLUM EIGINLEGUM FORVERA ÞESS OG MEIRA TIL
ÓTRÚLEGT KYNNINGARVERÐ!
89.900

SALORA

49"SALORA

### 49"SJÓNVARP

**49" SNJALLARA SNJALLSJÓNVARP**

Glæsilegt snjallsjónvarp frá Salora með endalausum möguleikum og innbyggðu Netflix viðmóti sem gefur sjónvarpsáhorfi nýja vídd.

- Hágæða 49" snjallara snjallsjónvarp
- 100Hz BPR Full HD Smart LED 1080x1920 16:9
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- 100.000:1 Dynamic skerpa(1200:1 Native)
- Innbyggt Netflix, Youtube, Facebook o.fl.
- Fullkominn USB FHD Media spilari H.264
- 16W RMS Dolby Digital Plus hljóðkefi
- 2xHDMI, 1xScart, 1xVGA, 2xUSB o.fl. tengi
- Snjallari fjarstýring með Netflix viðmóti

**89.900**
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ;)

GW2760HM

TRUE BLACK VALED
TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

BenQ

### 27"VALED

**FULL HD VA-LED**

- 27" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með True Black tækni

**49.900**
ÓTRÚLEGUR SKJÁR!

GW2765HT

QHD 2560x1440 IPS
YFIRBURÐIR Í SKERPU
100% sRGB LITADÝPT

BenQ

### 27"QHDIPS

**QUAD HD SKJÁR**

- 27" IPS LED WQHD 2560x1440 16:9
- 1000:1 Native skerpa, Flicker-free
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Fullkomnir 100% sRGB réttir litir
- HDMI, Displayport, DVI-DL og VGA
- UltraFlex upphækkanlegur fótur

**89.900**
ÞENNAN VERÐUR ÞÚ AÐ SJÁ ;)

720p TRUE HD
ALLT AÐ 300" MYNDFLÖTUR

NVIDIA 3DTV PLAY 3D

BenQ

### W750

**3D SKJÁVARPI**

- Dual 3D Cinematic skjávarpi frá BenQ
- 720p True HD upplausn 1280x720 16:9
- 120Hz 3D Gamers og 3D Movie Ready
- Birtustig 2500 lumens, 13000:1 skerpa
- Sérstakur sparnaðar 6.500 klst lampi
- Stílhrein hönnun, fjarstýring fylgir
- 2xHDMI, VGA, S-Video, Video RCA o.fl.

**99.900**
SKJÁVARPAR FRÁ 69.900

U28D590D

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 109.900

3840x2160 4K-UHD
4K LEIKJASKJÁR MEÐ 1ms GTG FYRIR LEIKINA

SAMSUNG

### 28"4KUHD

**4K ULTRA HD SKJÁR**

- 28" 4K ULTRA HD LED 3840x2160 16:9
- Mega DCR skerpa og 1 milljarður lita
- 1ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- Enhanced Gaming Experience hamur
- Picture-In-Picture fyrir 2 tölvur í einu
- UHD upscaling fyrir enn meiri skerpu
- 2xHDMI 1.4 og Display Port 1.2 tengi

**89.900**
Á FERMINGARTILBOÐI!

144Hz
27" 144Hz 3D SKJÁR ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN!

NVIDIA 3D LIGHTBOOST TECHNOLOGY

BenQ

XL2720Z

### 27"3D

**144Hz 3D LED LEIKJASKJÁR**

Glæsilegur skjár fyrir þá kröfuhörðustu með yfirburði í hraða og gæðum og 144Hz 3D tækni ásamt LED baklýsingu sem tryggir einstaka litadýpt og upplifun í tölvuleikjaspilun.

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 27" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- 2x HDMI, DP, DVI-DL, VGA & 3xUSB
- Innbyggður 3D gleraugnamóttakari
- S-Switch fjarstýring fyrir leikjaprófíla
- 100% Pixla ábyrgð

**99.900**
24" XL2411Z 59.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

HDMI TENGI
HDMI OG VGA TENGI

V7 L23600WHS
24.900

27" SKJÁIR FRÁ 34.900

V7

**24" FULL HD SKJÁR**

27" SKJÁIR FRÁ 39.900

GL2460
29.900

MEST SELDI SKJÁRINN OKKAR

BenQ

**24" LED SKJÁR**

G246HYL
34.900

FULL HD IPS
1920x1080 SKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

acer

**24" FHD IPS SKJÁR**

LS24D390HL
39.900

FULL HD PLS
1920x1080 SKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

HDMI TENGI
HDMI OG VGA TENGI

SAMSUNG

**24" FHD PLS SKJÁR**

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

2011 - 2014
Framúrskarandi fyrirtæki

acer intel lenovo Microsoft packard bell SEAGATE CREATIVE

# Þetta verk er eins og sokkur

**Borgarleikhúsið frumsýnir annað kvöld nýtt leikrit eftir Birgi Sigurðsson; Er ekki nóg að elska? Verk sem tók hann hátt í 30 ár að koma frá sér kemur nú loks á fjalirnar. Verkið segir hann meðal annars fjalla um spurninguna klassísku um lygi og sannleika í mannlegu lífi.**

**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is



Birgir Sigurðsson er ótvírætt á meðal mikilvægari leikskálda okkar síðustu áratugina en hann ætlaði sér þó ekki að verða leikskáld þegar hann var ungur maður. En lífið tók sína stefnu og ákvarðanir tóku sig sjálfar.

„Ég byrjaði að yrkja fimmtán ára gamall og það sama sumar fór ég á síld einmitt frá þessari bryggju,“ segir Birgir og brosir með smá fortíðarglampa í augunum um leið og hann bendir út um gluggann á Café Retro sem stendur við Reykjavíkurhöfn á gamla Grandagarðinum. „Síldartúrinn var nú ekki til þess að byggja á því starfsferil enda lítið fiskað en mikið siglt í glampandi blíðu norður fyrir land þar sem síldin átti að bíða okkar. Ég hélt þó áfram að yrkja svona fram undir tvítugt en þá sneri ég mér að söng. Ætlaði að verða ljóðasöngvari.“



„Þetta verk fjallar mest um sjálfsblekkingu og sjálfslygi með miklum átökum frá upphafi til enda og hvergi slegið af – hádramatískt en samt ekki þungt.

**UPPHAFSPUNKTUR** Birgir á bryggjunni þaðan sem hann lagði til síldveiða fimmtán ára gamall en þetta sama ár byrjaði hann að yrkja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Doktor Zhivago

Birgir lagði stund á nám í ljóðasöng í ein sex ár. Fyrst hér heima hjá Engel Lund, þeirri merku söng- og listakonu sem hafði á hann djúpstæð áhrif, og síðar í Hollandi þar sem skáldskapurinn tróð sér að nýju inn í líf hans. „Ég var í söngnámi í Hollandi og varð það á að skreppa í bíó að sjá Doktor Zhivago og var einn í bíó. Ég hafði lesið bókina á sínum tíma en landslagssenurnar í myndinni, fjöllin í Kákasus, höfðu djúpstæð áhrif á mig. Eftir myndina labbaði ég út og tók stefnuna á lítinn veitingastað. Á leiðinni inn rek ég augun í bókina um Doktor Zhivago í lítilli bókabúð við hlið veitingastaðarins. Kaupi hana, sest inn, fæ mér bjórglas og byrja að lesa. Áður en ég vissi af var ég farinn að yrkja á spássíur bókarinnar. Þar með var Doktor Zhivago búinn að hafa af mér söngferilinn. Ég orti dag og nótt. Þessi ljóð komu út í minni fyrstu bók Réttu mér fána en hana tileinkaði ég frú Engel Lund.

Þó svo að ég hafi farið til Hollands til þess að læra söng þá hvarflar stundum að mér að innst inni hafi ég verið í leit í friði til þess að leyfa skáldinu að skríða úr skelinni. Fá frið í sálinni í því frelsi sem felst í fjölmenni.

Þetta verk hefur raunverulega verið að gerjast í mér í 25 til 30 ár. Tvisvar byrjaði ég að skrifa það en gafst upp. Ég einfaldlega náði ekki utan um efnið. Samt gat ég ekki losnað. Loksins fann ég leiðina og skilaði leikritinu af mér sumarið 2013 til leikhússins.“

### Átakaverk

Birgir er dulur þegar kemur að umfjöllunarefni verksins. „Ég má eiginlega ekki segja þér það. En þetta er svona þessi klassíska spurning um lygi og sannleika í mannlegu lífi og þegar leikritinu lýkur má segja að allar persónurnar séu orðnar aðrar en þær voru í upphafi verks. Þær umhverfast í annað.

Þetta verk fjallar mest um sjálfsblekkingu og sjálfslygi með miklum átökum frá upphafi til enda og hvergi slegið af – hádramatískt en samt ekki þungt. Það bregður víða fyrir léttleika þó svo að verkið sé fjandi átakamikið. Þetta verk er kannski í botn og í grunninn ástarsaga.

Ég get þó sagt þér að þetta verk er eins og sokkur. Maður tekur hann og snýr honum við og horfir í úthverfuna. Þetta er það sem maður gerir við persónurnar sem leikskáld.

Nietzsche sagði menn ljúga miklu meira að sjálfum sér en öðrum og ég held að það sé rétt. Manneskjan lifir mikið í sjálfsblekkingarheimi. Vissir hlutir í þessari blekkingu eru eyðileggjandi og það er ég að fást við í þessu verki.“

### Trú á manninn

Þessi mannlegu átök eru ekki ný af nálinni í verkum Birgis. Þar tekst manneskjan oftar en ekki á við vonir sínar og þrár og væntingar til lífsins. En eins og Birgir bendir á þá voru menn orðnir mjög hallir undir absúrdleikhúsið hér á þeim tíma sem hann kom fram sem höfundur. „Ég gat aldrei gengið absúrdleikhúsinu á hönd. Því hinn heimspekilegi grunnur absúrdverka er fáránleiki mannlegrar tilveru og tilgangsleysi. Kjarninn er að manninum sé ómögulegt að breyta sér og samfélaginu til betri vegar en ég hef aldrei haft þessa tilfinningu. Hef aldrei meðtekið þetta og mín heimspeki gengur þvert á þetta og það sést í öllum mínum verkum og þessu verki líka. Öll mín verk hafa margbreytilegar persónur en þær eru aldrei fulltrúar eins eða neins. Þær eru bara manneskjur.“

### Mín sérkenni

Það leiðir óneitanlega hugann að því hvað einkennir verk Birgis. En þar er oftar en ekki að finna í senn raunsæi og ljóðrænu, átök og uppgjör mannlegrar tilveru. „Mín verk eru dramatísk og orðið skiptir mjög miklu máli – það er miðlægt. Þegar maður kafar í manneskjuna þá finnur maður bæði fegurð og ljótleika. Leikverk mín eru meira og minna á tilfinningalitrófinu og það setur mark sitt á þau frá upphafi til enda. Þannig að í raun eru þau varla raunsæisverk eins og þau eru alla jafna skilgreind. Hvað sem ytra formi líður.

### Mitt fólk

Birgir hefur áður unnið með Hilmi Snæ sem nú leikstýrir Er ekki nóg að elska? Hann leggur mikla áherslu á það hversu mikilvægt það er í leikhúsinu að vinna með fólk sem maður treystir og hefur sterka sýn á verkið. „Sem leikskáld á maður mjög mikið undir öðru fólki. Hvað fólkið sem tekur við gerir við verkið skiptir mann öllu máli. Því ríður á að fá góðan leikstjóra og gott fólk í allar stöður. Ég er ákaflega ánægður með Hilmi Snæ enda hef ég unnið með honum áður og hann er listamaður af guðs náð. Hann spyr í sjálfu sér alltaf þessarar spurningar: Hvað get ég gert við þetta leikrit? En ekki: Hvað getur þetta leikrit gert fyrir mig? Þannig hefur mér fundist leikhópurinn hafa róið allur í eina átt og nú er komið að frumsýningu. Þetta er frumsýningardagur sem hefur látið bíða eftir sér í ein tuttugu og fimm, þrjátíu ár.“




# Endalaus fjöldi eintaka

**Skíðblaðnir er nýtt og ókeypis raftímarit með smásögum. Ritstjóri þess er Sverrir Norland.**

Fyrsta tölublað bókmenntatímaritsins Skíðblaðnis er komið út hjá Tunglinu forlagi. Í því eru áður óbirtar smásögur eftir Einar Lövdahl, Guðrúnu Ingu Ragnarsdóttur, Magnús Sigurðsson, Ragnar Helga Ólafsson og Sólveigu Johnsen og ritstjóri er Sverrir Norland.



SVERRIR NORLAND

➜ Skíðblaðni er dreift ókeypis til lesenda enda er hann til í óendanlega mörgum eintökum.

Skíðblaðni er dreift ókeypis til lesenda enda er hann til í óendanlega mörgum eintökum. Auðvelt er að lesa hann á www.skidbladnir.is og þar er hægt að skilja eftir athugasemdir, læka og deila þeim sögum sem lesendum falla í geð.

Ný hefti munu koma út fjórum sinnum á ári, jafnan undir fullu tungli.

- gun

# SAMSUNG

## Til merkis um að góðir hlutir gerast hratt

**Samsung merkið stendur ekki bara fyrir sjónvörp og síma. Heimilistækin frá þeim eru í fremstu röð og búin allri nýjustu tækni og þægindum eins og sjónvörpin og símarnir. Góðir hlutir gerast hratt hjá Samsung.**



*RB29FSRNDSS*

***Kælir - frystir***

*178 cm skápur. 192+98 ltr.*
*Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.*

***Verð: 106.900,-***



*RB29FSRNDWW*

***Kælir - frystir***

*178 cm skápur. 192+98 ltr.*
*Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.*

***Verð: 98.900,-***



*RB31FERNCSS*

***Kælir - frystir***

*185 cm skápur. 208+98 ltr.*
*Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.*

***Verð: 134.900,-***



*DW-UG721W*

***Uppþvottavél***

- *Mjög rúmgóð og vel skipulögð.*
- *Hnífaparaskúffa efst.*
- *Mjög hljóðlát -aðeins 44db.*

*Hvít:* ***Verð: 117.900.-***
*Einnig til í stáli á kr. 129.900.-*



*WW80H7400EW/EE*

***8 kg Þvottavél***

- *Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð*
- *1400 snúningar*
- *Ecobubble*
- *Demantatromla*

***Verð: 109.900,-***



*DV70H4400CW/EE*

***7 kg þurrkari***

- *Barkalaus*
- *Demantatromla*
- *Rakaskynjari*

***Verð: 99.900,-***



*WF70F5E4P4W*

***7 kg Þvottavél***

- *Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð*
- *1400 snúningar*
- *Ecobubble*
- *Demantatromla*

***Verð: 96.900,-***



*Væntanleg 25.3*

*DV70FSE0HGW*

***7 kg þurrkari***

- *Varmadæla sem sparar orku*
- *Orkunotkun A+++*
- *Barkalaus*
- *Demantatromla*

***Verð: 139.900,-***

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# Leika sér að ljóðum Vilborgar

Sviðslistakonur 50+ frumsýna leikdagskrá í Iðnó á sunnudaginn.

„Við erum að leika okkur að ljóðunum hennar Vilborgar Dagbjartsdóttur,“ segir Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri sem ætlar að stjórna leikdagskrá í Iðnó á sunnudaginn. Þar verða, auk hennar, sjö konur úr hópnum Sviðslistakonur 50+ og tvær tónlistarkonur að auki.

„Það er alls ekki þannig að hver konan af annarri standi upp og lesi ljóð heldur eru þau sungin og brotin upp og flutt með margvíslegum hætti,“ lýsir Þórhildur og segir skáldið Vilborgu ekkert skipta sér af flutningnum. „Þetta er samt allt gert með hennar góðfúslega leyfi og hún mætir örugglega ef hún getur.“

„Þessi viðburður heitir á fésbókinni Vilborgargjörningur en ég leggst gegn því nafni, mér finnst það svo ó-Vilborgarlegt. Við köllum bara dagskrána Enn hefur mig dreymt,“ segir Þórhildur

Flytjendur eru Edda Þórarinsdóttir, Bryndís Petra Bragadóttir, Jórunn Sigurðardóttir, Ólöf Sverrisdóttir, Salvör Aradóttir, Vilborg Halldórsdóttir og Þórunn Magnea Magnúsdóttir. Um tónlistina sjá Arnhildur Valgarðsdóttir og Jóhanna Þórhallsdóttir og leikmynd og búninga gerir Rebekka Ingimundardóttir.

Frumsýning á Enn hefur mig dreymt verður klukkan 17 á sunnudag og önnur sýning er klukkan 20 á mánudaginn, 23. mars. „Þarna koma saman sér til skemmtunar konur sem eru yfir fimmtugt – skuggaverur samfélagsins,“ segir Þórhildur sposk. „Ég get lofað því að þær verða öðrum til skemmtunar líka.“

- gun



**ÍÐNÓ** Líflegt er á sviðinu í leikdagskránni Enn hefur mig dreymt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Snúran

opnar verslun að Síðumúla 21



Opnunar teiti fimmtudaginn 19. mars frá klukkan 17-19

20% afsláttur af völdum vörum.

Viskastykki frá Skjalm P. fylgir með kaupum yfir 10.000 kr.



Snúran

www.snuran.is

vefverslun S: 537-5101




**Á ÆFINGU** Hundrað og þrjátíu manna hópur ungmenna flytur Sjávarsinfóníuna og Gunnsteinn Ólafsson stjórnar.

# Túlka hafið og átök sjóaranna við það

Háskólakórinn og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins frumflytja hér á landi Sjávarsinfóníuna eftir Vaughan Williams í Langholtskirkju á laugardaginn undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar. Fjölnir Ólafsson barítón er annar einsöngvara.

„Sjávarsinfónían er ótrúlega flott. Þótt verkið sé samið snemma á 20. öldinni og hafi þá þótt framúrstefnulegt í tónmáli er Vaughan Williams svo melódískur og skrifar fyrir alla. Hann fangar líka stemninguna vel þegar hann túlkar hafið og baráttu sjóaranna við það.“ Þetta segir Fjölnir Ólafsson barítón sem ásamt Tui Hirv sópran syngur einsöng í Sjávarsinfóníunni með Háskólakórnum og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins á laugardaginn í Langholtskirkju klukkan 17 og á mánudaginn klukkan 20. Gunnsteinn Ólafsson stjórnar.

Fjölnir hefur áður sungið með sama kór og sömu hljómsveit. Það var sumarið 2012, þegar hann söng aðalhlutverkið í Don Giovanni. Hann er sonur Ólafs Kjartans Sigurðarsonar óperusöngvara og afabarn Didda fiðlu. Því gerir maður ráð fyrir að hann sé á kafi í tónlist en í ljós kemur að hann er að ljúka fyrsta ári við laganám í Háskóla Íslands. Honum þykir það frábærlega skemmtilegt en þegar honum bjóðast söngverkefni sem heilla þá tekur hann þeim fagnandi.

Um frumflutning hér á landi er að ræða á Sjávarsinfóníunni en þar sem Fjölnir hefur sungið líka í Þýskalandi er hann spurður hvort hann hafi kynnst henni áður. „Ég hef aldrei sungið þessa sinfóníu en ég þekki hana og hef sungið frægan ljóðaflokk, Songs of Travel, eftir sama höfund, barítónhlutverkið þar er keimlíkt þessu. Við vorum með fyrstu samæfingu í gær, söngvarar, kór og hljómsveit og allt er að smella saman,“ segir hann og bætir við. „Það er gríðarlega metnaðarfullt hjá Gunnsteini að takast á við þetta verk og það er frábært að fá að taka þátt í því.“

gun@frettabladid.is



**BARÍTÓN** „Ég hef aldrei sungið þessa sinfóníu en ég þekki hana,“ segir Fjölnir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Þótt verkið sé samið snemma á 20. öldinni og hafi þá þótt framúrstefnulegt í tónmáli er Vaughan Williams svo melódískur og skrifar fyrir alla.**




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími Vildarverða er frá 19. mars, til og með 12. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Skúli flytur Tíu lög sem gætu breytt lífi þínu

Skúli mennski og hljómsveit fagna nýrri plötu með útgáfutónleikum á skemmtistaðnum Húrra í kvöld.

Skúli mennski og hljómsveit efna til útgáfutónleika í kvöld á skemmtistaðnum Húrra í tilefni af útgáfu plötunnar Tíu ný lög sem gætu breytt lífi þínu í engri sérstakri röð.

Platan hefur verið í vinnslu í rúmlega hálft ár og var fjármögnuð í gegnum hópfjármögnunarsíðuna Karolinafund.com. „Við tókum hana að mestu leyti upp í september á síðasta ári og vorum svo að dunda við að klára hana fram að áramótum,“ segir Skúli.

Skúli segir sig og hljómsveitarmeðlimi hæstánægða með titilinn. „Þetta var vinnuheiti framan af og festist bara við plötuna, það var svolítið erfitt að breyta eftir það,“ segir hann hress og bætir við að nafnið sé þó ekki gripið úr tómu lofti: „Þetta er auðvitað svona gamansemi út af þessum plötuleik sem var í gangi á Facebook þar sem fólk nefndi tíu uppáhaldsplöturnar sínar.“

Plötuna prýðir lagið Ég þrái þig sem átti að fara á síðustu plötu en upptökur á laginu gengu erfiðlega.

„Það er eitt lag þarna sem átti að vera á síðustu plötu sem komst ekki þangað og við vorum farin að halda að það væru álög á því af því það fraus alltaf allur upptökubúnaðurinn þegar við vorum að taka það upp, það tókst á endanum.“

Skúli lofar góðri stemningu á tónleikunum en nýja platan verður flutt í heild ásamt eldra efni. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 og er miðaverð 2.000 krónur. - gló

**„Þetta er auðvitað svona gamansemi út af þessum plötuleik sem var í gangi á Facebook þar sem fólk nefndi tíu uppáhaldsplöturnar sínar.**

*Skúli mennski*



**ÁNÆGÐUR** Skúli mennski efnir til útgáfutónleika í kvöld. MYND/ERNIR

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Hvað er mynd?

Hádegisleiðsögn og listamannaspjall á Akureyri í dag.

Boðið verður upp á hádegisleiðsögn í Listasafninu á Akureyri í dag um sýninguna Með bakið að framtíðinni, sem nú stendur yfir í safninu.

Á sýningunni eru verk eftir þýska listamanninn Jan Voss en sem ungur maður vann hann við að teikna teiknimyndasögur. Sögurnar prentaði Voss sjálfur og gaf út.

Hann hefur síðastliðin þrjátíu ár rekið bókaverslunina Boekie Woekie í Amsterdam ásamt Henriëtte van Egten og Rúnu Thorkelsdóttur en í búðinni eru seldar bækur eftir listamenn.

Undirliggjandi þáttur í viðfangsefnum Voss er spurningin Hvað er mynd og vinnur hann með ólíka miðla.

Guðrún Pálína Guðmundsdóttir tekur á móti gestum klukkan 12.15 og leiðir um sýninguna en klukkan 17.00 verður listamannaspjall með Voss í Listamannaspjalli í Listasafninu.



JAN VOSS



AÐALFUNDUR VM
27. mars 2015 að Hilton Reykjavík Nordica (H-I)
Dagskrá fundarins hefst kl. 17:00
- Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra
- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
- Reikningar félagsins og sjóða
- Umræður um skýrslu og reikninga
- Kjör endurskoðenda
- Reglugerðar – og lagabreytingar
- Ákvörðun stjórnarlauna
- Kjör í nefndir og stjórnir
- Önnur mál
Boðið verður upp á veitingar eftir fundinn
Nánari upplýsingar á heimasíðu VM
www.vm.is
VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna · Stórhöfða 25 · 110 Reykjavík · 575 9800
Landsfélag í vél- og málmtækni

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Tónleikar

**19.00** Símon og gestir á Café Rosenberg í kvöld.

**20.30** Jón Ólafsson fær Pálma Gunnarsson til sín í tónleikaröðina Af fingrum fram í Salnum í Kópavogi. Stefán Már Magnússon leikur með á gítar. Miðaverð er 3.900 krónur.

**21.00** Hljómsveitin Valdimar heldur tónleika í Valaskjálf, Egilstöðum, í kvöld. Miðaverð er 3.000 krónur.

**21.00** Saktmóðigur, Brött brekka og Þórir Georg á rokktónleikum á Gauknum í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**21.00** Skúli mennski og hljómsveit efna til útgáfutónleika á Húrra í kvöld í tilefni af útgáfu plötunnar Tíu ný lög sem gætu breytt lífi þínu í engri sérstakri röð. Á tónleikunum verður platan flutt í heild sinni í bland við eldra efni. Miðaverð 2.000 krónur.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

### Hátíðir

**12.00** EVE Fanfest-hátíð og ráðstefna CCP hefst í dag í Hörpu og stendur til 21. mars. Hátíðina opnar Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, í Eldborgarsal Hörpunnar. Miðaverð á hátíðina er 10.900 krónur.

**18.00** Alþjóðleg Barnakvikmyndahátíð í Reykjavík hefst í þriðja skipti. Hátíðin stendur til 29. mars og er haldin í Bíói Paradís.

### Námskeið

**17.15** Kransakökugerðarnámskeið í Blómavali, Skútuvogi undir leiðsögn Halldórs Kr. Sigurðsson, bakara og konditors. Þátttökugjald er 7.990 krónur. Hráefni og bakstur innifalin í verði.

### Uppákomur

**17.00** Heimur sagnanna á Norrænu Café Lingua í Norræna húsinu. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**20.00** Gunnar Hersveinn rithöfundur fjallar um hvað það þýðir í siðfræði að byrja á sjálfum sér, á heimspekikaffi í Gerðubergi. Ragnheiður Stefánsdóttir mannauðsráðgjafi segir frá markmiðasetningu og hvernig á að efla líkamlega, tilfinningalega, hugræna og andlega orku. Allir velkomnir.

**20.00** Páskaeggjabingó í Dvalarheimilinu Nausti á Þórshöfn. Aðgangur ókeypis en hægt að skilja eftir frjáls framlög. Allir velkomnir.

### Pub Quiz

**21.00** Film quiz á Big Lebowski í kvöld.

### Málþing

**14.00** Málþing um bókina Ofbeldi á heimili. Með augum barna, í stofu H-207 í Hamri, Stakkahlíð. Fundarstjórar eru Ólöf Garðarsdóttir og Gestur Guðmundsson.

### Dans

**20.00** Salsaveisla á Ríó í kvöld. Frír prufutími í salsa fyrir byrjendur og síðan er dansgólfið laust.

### Uppistand

**22.00** Tilraunauppistand á Íslenska rokkbarnum í Hafnarfirði. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**20.00** DJ Atli Bollason þeytir skífum á BarAnanas í kvöld.

**21.00** Dj Introbeats þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

**21.00** Dj Creature of the Night þeytir skífum á Paloma í kvöld.

**21.00** Trúbadorarnir Hjálmar og Dagur á English Pub í kvöld.

**22.00** Trúbadorinn Roland á Dubliner í kvöld.



# Listverksmiðja á Borgarfirði eystri

Listverksmiðjan 720 gráður hefst í dag í fyrsta sinn og verður vonandi árleg.

Í dag verður listverksmiðjunni 720 gráðum hleypt af stokkunum á Borgarfirði eystri.

„Tónlistarmenn sem hafa verið á Borgarfirði í gegnum tíðina hafa yfirleitt orðið dolfallnir yfir fegurðinni og orkunni sem er þarna,“ segir Ása Berglind Hjálmarsdóttir, einn af skipuleggjendum listverksmiðjunar, og bætir við að á svæðinu sé mikið líf á sumrin en minna á veturna. „Þetta er svona átak í því að glæða bæinn og samfélagið lífi á þessum vetrarmánuðum.“

Þetta er í fyrsta sinn sem listverksmiðjan er haldin en vonir standa til að verkefnið verið árlegt.

„Það verður alltaf sameiginleg morgunstund þar sem við ætlum að reyna að rækta andann á einhvern hátt, svo fara allir að vinna í sínu, alveg frjálst,“ segir hún en þátttakendur að þessu sinni eru allir tónlistarfólk og er dagskráin opin og allir fá tækifæri til þess að vinna í því sem hugurinn stendur til. „Svo er hugmynd að vinna með samfélagið á einhvern hátt, jafnvel með krökkunum, og fara mögulega í frystihúsið og gera einhvern gjörning þar,“ segir Ása en endað verður á uppskeruhátíð og segir hún óneitanlega mikla spennu vera meðal skipuleggjenda og þátttakenda en um tíu tónlistarmenn taka þátt að þessu sinni.

Að verkefninu stendur fyrirtækið Já Sæll ehf. og tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson auk Ásu Berglindar.

- gló



**SPENNANDI VERKEFNI** Ása Berglind er einn af skipuleggjendum listverksmiðjunnar auk Jónasar Sigurðssonar og fyrirtækisins Já Sæll ehf. MYND/ÁSABERGLIND



## 19. MARS

**EKKI MISSA AF**

**Af fingrum fram**
Jón Ólafsson og gestir
**Salnum, Kópavogi**

Pálmi Gunnarsson er gestur Jóns í kvöld. Hann mætir með bassann og hljóðnemann. Stefán Már Magnússon leikur með á gítar. Miðaverð er 3.900 krónur.



**Leiðsögn**

**12.15** Guðrún Pálína Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi tekur á móti gestum í Listasafninu á Akureyri og fræðir þá um sýningu Jan Voss, Með bakið að framtíðinni, sem nú stendur yfir í safninu. Aðgangur ókeypis.

**Listamannaspjall**

**17.00** Listamannaspjall með þýska listamanninum Jan Voss í Listasafninu á Akureyri.

**Fyrirlestrar**

**12.00** Ófeigur Sigurðson ræðir um bók sína Öræfi í fyrirlestraröðinni Hvernig verður bók til? sem er á vegum námsgreinar í ritlist og Bókmennta- og listfræðistofnunar Háskóla Íslands í stofu 101 í Odda. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**12.00** Dr. Rochelle Burgess lýðheilsusálfræðingur flytur fyrirlesturinn Þegar konur tala: Leitað að röddum kvenna í hnattrænni heilbrigðisþjónustu, í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.

**16.30** Þorsteinn Vilhjálmsson og Anders Gade Jensen flytja fyrirlestra í fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands um Landnám Íslands í stofu 101 í Odda. Allir velkomnir.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



## AFMÆLISBARN DAGSINS



**60 ára Bruce Willis leikari**

**Þekktastur fyrir** Die Hard og The Sixth Sense

## BÍÓFRÉTTIR

### Næsta frú Tekanna

Mikil dulúð hvílir yfir leikaraskipan myndarinnar Beauty and the Beast, eða Fríða og dýrið. Disney hefur þó staðfest



að Emma Thompson mun fara með hlutverk í myndinni. Hún mun bregða sér í hlutverk frú Tekönnu, eða Mrs. Potts eins og hún kallast á frummálinu.

Ljóst þykir að kvikmyndin verður stjörnum prýdd.

Gert er ráð fyrir að myndin muni koma í kvikmyndahús vestanhafs 17. mars árið 2017.

### Beyoncé of upptekin

Leikstjórinn Clint Eastwood hefur lengi ætlað að endurgera myndina A Star is Born. Það sem hins vegar



stendur í veginum fyrir því að gera hana er það að hann vill fá söngkonuna Beyoncé í aðalhlutverkið, en vandamálið er að hún er hreinlega of upptekin. „Ég hef reynt að fá tíma með henni til að skipuleggja, en hún er mjög vinsæl og upptekin. En ég hef ekki gefið upp alla von enn,“ segir Eastwood.

## FRUMSÝNINGAR



**The Gunman**
**Spennumynd**
**Helstu leikarar:** Sean Penn, Idris Elba, Jasmine Trinca.

IMDb 5,9/10 Rotten Tomatoes 29%



**The Divergent Series: Insurgent**
**Spennumynd**
**Helstu leikarar:** Shailene Woodley, Ansel Elgort, Theo James.

IMDb 6,9/10 Rotten Tomatoes 38%

# Sigruðu á tahítískri kvikmyndahátíð

**Birnir Jón Sigurðsson og Elmar Þórarinsson framleiddu stuttmynd í starfi sínu hjá Skapandi sumarstörfum Kópavogsbæjar. Í kjölfarið sendu þeir hana til aðstandenda ýmissa kvikmyndahátíða. Kvikmyndin stóð uppi sem sigurvegari í flokki fyrstu mynda á einni slíkri hátíð.**



**Jóhann Óli Eiðsson**
johannoli@frettabladid.is

„Þetta kom okkur mjög á óvart,“ segja Birnir Jón Sigurðsson og Elmar Þórarinsson en stuttmynd þeirra, Heimanám, bar sigur úr býtum á alþjóðlegri kvikmyndahátíð á Tahítí sem fram fór um helgina.

Myndin sigraði í flokki fyrstu mynda á hátíðinni Courts des Îles en yfir tvö þúsund myndir tóku þátt í forvali fyrir hátíðina. Mynd Birnis og Elmars náði í gegnum niðurskurðarferlið og endaði á því að verða hlutskörpust. Ein kvikmyndin sem laut í lægra haldi fyrir þeim hafði áður verið sýnd á Cannes og verið tilnefnd til BAFTA New Talents-verðlauna.

„Aðstandendur hátíðarinnar báðu okkur um að senda út stutta þakkarræðu sem við gerðum,“ segir Birnir. „Hún var öll á voða bjagaðri ensku og hálfgert grín af okkar hálfu því við áttum engan veginn von á þessu.“

„Við sóttum um að vera í Skapandi sumarstörfum hjá Kópavogsbæ,“ segir Elmar en hann var nokkuð nálægt því að skila umsókninni of seint. Það slapp þó fyrir horn og myndina unnu þeir í sumar.

Líkt og áður segir heitir myndin Heimanám og fjallar um dreng sem hefur í hyggju að vinna heima. Það plan fer þó út í veður og vind sökum þess hve ótrúlega frjótt ímyndunarafl hann hefur. Elmar leikur aðalhlutverkið og Kristín Ólafsdóttir leikur lítið hlutverk. Myndataka, handritsgerð og leikstjórn var í höndum Birnis en klippinguna unnu þeir saman.

„Við gerðum þetta tveir saman með eina myndavél og Volkswagen Golf,“ segir Elmar og Birnir bætir




**SIGURVEGARAR** Elmar og Birnir áttu ekki von á því að sigra á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

við að í myndinni sé atriði þar sem Elmar sé í sjávarháska. „Þá stóð ég yfir honum með myndavélina í annarri og garðkönnu í hinni.“

Myndin var að stærstum hluta tekin upp á þremur dögum heima hjá aukaleikkonunni Kristínu. Í kjölfarið fór af stað vinna við að koma hljóði myndarinnar í toppstand.

„Hljóðið hefur stundum verið ákveðinn Akkilesarhæll íslenskra kvikmynda svo við lögðum talsverða vinnu í að taka það upp eftir á,“ segir Elmar. „Það er rétt,“ svarar Birnir. „Meðan myndin var tekin upp var HM í fótbolta í gangi og faðir Kristínar var að fylgjast með í næsta herbergi. Hljóðið af setti var algerlega ónothæft.“

Spurðir um framhaldið segjast þeir ekki vera vissir um hvað taki við. Upplýsingarnar frá hátíðinni hafi allar verið á frönsku en í því hafi meðal annars verið minnst á Cannes. „Við höldum að við séum komnir inn í forvalið þar en það skýrist betur síðar,“ segja þeir að lokum.




KONUKVÖLD
Í ÚTILÍFI SMÁRALIND
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SPORTVÖRUM
DAGSKRÁ FRÁ KL. 20-22
SÉRFRÆÐINGAR Á STAÐNUM FRÁ:
NIKE
POLAR
UNDER ARMOUR
GUÐBJÖRG FINNS ÞJÁLFARI KYNNIR VÖRUR FRÁ casall
AFSLÁTTUR GILDIR Í ÖLLUM VERSLUNUM, ALLAN DAGINN
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# GÓÐGERÐARMÁL OG ALMENNT SPRELL

Fræga fólkið var að venju á ferð og flugi þessa vikuna. Mikið var um að stjörnurnar tækju þátt í góðgerðarviðburðum, en einnig var mikið um gott grín og gleði.



**FYNDINN** Barack Obama var gestur hjá Jimmy Kimmel og virtust þeir skemmta sér konunglega saman.



**SJARMATRÖLL GRÍNARINN** Will Ferrell stillti sér upp fyrir ljósmyndara þegar hann var kynnir á Desert Smash-góðgerðarviðburðinum í La Quinta.



**ANNARS HUGAR** Hjónin William og Kate virtust annars hugar þegar þau voru viðstödd athöfn í London í vikunni fyrir hermenn sem voru í Afganistan.



**ALSÆL** Söngkonan Rihanna mætti hress og kát á kynningu nýjustu myndar sinnar, teiknimyndarinnar Home. Þar ljær hún einum karakternum rödd sína.



**BÖÖ** Martha Stewart er alltaf jafn hress og brá á leik við tökur á þættinum The Comedy Central Roast of Justin Bieber.



**DANS DANS DANS** X-Factor-kynnirinn Dermot O'Leary tók þátt í sólarhrings dansmaraþoni fyrir BBC Comic Relief og var orðinn nokkuð þreyttur að sjá.



**STRÍÐINN** Justin Bieber stríðir fyrrverandi körfuboltastjörnunni Shaquille O'Neill við upptökur á sjónvarpsþættinum The Comedy Central Roast of Justin Bieber.



**SÍÍÍS** Ofurfyrirsætan Cara Delevingne gretti sig með aðdáanda í YSL-snyrtivöruboði sem haldið var í Galleries Lafayette í París á dögunum.



**SÆT SAMAN** Lady Gaga og unnusti hennar, Taylor Kinney, voru krúttleg þegar þau mættu í Opreation Smile-góðgerðarkvöldverðinn í vikunni.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Takk fyrir traustið !

BÓNUS

VINSÆLASTA FYRIRTÆKIÐ 2015

## Vinsælasta fyrirtæki ársins 2015

FRJÁLS VERSLUN Árleg könnun Frjálsrar verslunar

1. **Bónus**
2. Icelandair
3. Össur
4. Marel
5. Íslandsbanki




Kemur í verslanir Bónus **20. mars**

# 1998 kr.

Risa-Bónus-páskaegg 1 kg.

# NÝTT KORTATÍMABIL

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
**Gilda a.m.k. til 22. mars**

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# Óskarsverðlaunahafi heldur fyrirlestur um gervigreind í kvikmyndum

Paul Debevec tæknibrellumeistari hefur þróað tækni til þess að skanna leikara og setja þá í aðstæður sem búnar eru til fyrir myndina.

Í dag heldur Paul Debevec, tölvunarfræðingur, tæknibrellumeistari og Óskarsverðlaunahafi fyrirlestur á alþjólegu málþingi, ANIREY, í Háskólanum í Reykjavík. Þar verður rætt um framtíð teiknimyndagerðar og sýndarveruleika.

„Paul hefur þróað tækni sem gerir kvikmyndaframleiðendum kleift að búa til sýndarveruleika þar sem hægt er að setja leikara í aðstæður sem eru ekki til og hann hefur aldrei verið í. Þetta er það raunverulegt að við sjáum ekki muninn á þessu og raunveruleikanum,“ segir Hannes Högni Vilhjálmsson, dósent í tölvunarfræði og forstöðumaður gervigreindarseturs Háskólans í Reykjavík.

Tæknin virkar þannig að leikarinn er skannaður og þannig búið til nokkurs konar sýndarveruleikaklón.

Leikstjórinn getur þannig sett „klónið“ í aðstæður sem eru ekki til, en leikarinn ljær honum bara rödd sína og hreyfingar. „Þróunin er síðan, og það er það sem við hjá gervigreindarsetrinu erum að skoða, að gera klónin greind þannig að þau geti fylgt leikstjórn líka,“ segir Hannes. Hann segir það einstaklega merkilegt að fá hann hingað heim og að það sé augljóst merki þess að mikið sé að gerast á Íslandi í þessum geira. „Það er fólk hér heima sem er að vinna að tæknibrellum fyrir stórmyndir og ég held að fólk geri sér yfirleitt ekki grein fyrir hversu langt þetta er komið og hvað sé búið að gerast.“

**→ Myndir**
**PAUL DEBEVEC**

The Matrix
Spiderman 2 og 3
Superman Returns
The Avatar
The Curious Case of Benjamin Button
Malificent
Gravity
The Hobbit: An Unexpected Journey

Paul Debevec hefur unnið að þessari tækni í fimmtán ár, en hún var fyrst notuð í kvikmyndinni Matrix. „Þá var hún notuð á umhverfið, en nú höfum við þróað þetta þannig að skanninn les hvernig ljósið fellur á andlitið og þannig hefur okkur tekist að gera andlitið enn nákvæmara,“ segir Debevec.

Vonast hann til þess að hægt verði að þróa þessa tækni þannig að hún nýtist í ódýrari kvikmyndagerð, í kennslu og á söfnum. Í fyrra skönnuðu þeir inn Bandaríkjaforseta, Barack Obama, og prentuðu svo út nákvæma brjóstmynd af honum í þrívíddarprentara. „Hvíta húsið samþykkti að leyfa okkur að skanna hann, þar sem það vill styðja við þessa tækni og þrívíddarprentun. Það var mjög gaman að fá að vinna með forsetanum,“ segir hann að lokum.

adda@frettabladid.is



**HVER ER ORGINAL?** Þeir Hannes og Paul eru á fullu að undirbúa ráðstefnuna, en stóra spurningin er hvort þetta séu þeir eða sýndarveruleikaklón af þeim? FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR





BLACK&DECKER TILBOÐSDAGAR
5.495 kr
FULLT VERÐ: 7.900
Juðari KA300
135W - 93MM flötur
5245364
5.995 kr
FULLT VERÐ: 7.900
Slípirokkur CD115
5245378
Hleðsluborvél högg
ASL188KB
18V, 1,3 Ah
2 LI-ION rafhlöður
5245557
19.995 kr
FULLT VERÐ: 28.659
Hleðsluborvél
EPC14CAB
14.4V - 2rafhlöður
5246006
12.495 kr
FULLT VERÐ: 16.792
BETRA VERÐ!
BESTU KAUP VIKUNNAR Í HÚSASMIÐJUNNI
1.695 kr/m²
FRÁBÆRT VERÐ
Harðparket Kaindl
Eikarplanki, fasaður
147056
3.945 kr
FRÁBÆRT VERÐ
10 ltr
Impra veggmálning 10 ltr
Gljástig 5, litur hvítur
7119964
3.675 kr
FULLT VERÐ: 4.895
Áltrappa 3 þrepa
Ber 150 kg
5078850
20% afsláttur
ALLAR NILFISK HÁÞRÝSTIDÆLUR
8.885 kr
FRÁBÆRT VERÐ
damixa
Handlaugartæki
Damixa Space
8000800
28.195 kr
FRÁBÆRT VERÐ
Baðinnrétting hvít
Seko Elite, skápur
háglans, vaskur og spegill
7910052
69.900 kr
FRÁBÆRT VERÐ
Þurrkari EDC1072LDW
7kg
1805568
Electrolux
69.900 kr
FRÁBÆRT VERÐ
Þvottavél EWP 1274TDW
7 kg, 1200 snúninga, A++
1808864
Electrolux
11.996 kr
FULLT VERÐ: 14.995
5254249
Þak rennur
Mikið úrval af plast- og álrennum á góðu verði
20% afsláttur
ALLAR GERÐIR AF ÞAKPAPPA
224 kr/m²
TILBOÐSVERÐ
20m² rúlla
tilboð 4.480 kr
fullt verð 5.600
Þakpappi Húsasmiðjan
214598
1.795 kr/m
FRÁBÆRT VERÐ
Þakjárn Alusink 0,5 mm, fyrir íslenskar aðstæður.
430399
GETUM VIÐ AÐSTOÐAÐ?
Þú getur leitað til sérfræðinga okkar ef húsnæði þitt hefur orðið fyrir tjóni í óveðri undanfarinna daga eða þarfnast úrbóta.
Við ætlum að taka sérstaklega vel á móti þér og gefa þér ráðgjöf og gott verð í það sem þú þarft til að koma hlutunum í lag.
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
Húsasmiðjan í heimabyggð, 16 verslanir um land allt • S: 525 3000




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CINDERELLA | KL. 5:30 - 6:30 - 8 - 10:30 | L |
| FOCUS | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:30 | |
| FOCUS VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 10:10 | |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 5:50 - 8 | |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 | |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 10:40 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| CINDERELLA | KL. 5:30 - 8 - 10:10 | L |
| INHERENT VICE | KL. 7 - 10 | |
| FOCUS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 - 10:30 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| CINDERELLA | KL. 5:30 - 6:30 - 8 | L |
| INHERENT VICE | KL. 9 | |
| FOCUS | KL. 10:30 | |
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 | |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 - 10:40 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CINDERELLA | KL. 8 | L |
| THE DUFF | KL. 8 - 10:20 | |
| FOCUS | KL. 10:30 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CINDERELLA | KL. 5:30 - 8 | L |
| INHERENT VICE | KL. 10:30 | |
| FOCUS | KL. 8 - 10:30 | |
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 | |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE LITTLE DEATH | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 14 |
| THE DUFF | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | 12 |
| CHAPPIE | KL 8 - 10.40 | 12 |
| ANNIE | KL 5 | L |
| HRÚTURINN HREINN | KL 3.30 | L |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 10.20 | 16 |
| KINGSMAN | KL 8 - 10.45 | 16 |
| KINGSMAN LÚXUS | KL 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| PADDINGTON | KL. 3.30 - 5.45 - ÍSL TAL | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE LITTLE DEATH | KL. 8 - 10.40 | 14 |
| THE GRUMP | KL. 5.30 | L |
| CHAPPIE | KL. 10.20 | 12 |
| ANNIE | KL. 5.30 | L |
| VEIÐIMENNIRNIR | KL. 8 | 16 |
| BIRDMAN | KL. 10.20 | 12 |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL 5.30 - 8 - ÍSL TEXTI | L |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| CINDERELLA | 5:25, 8 | L |
| CHAPPIE | 10:10 | 12 |
| STILL ALICE | 5:50, 8 | L |
| VEIÐIMENNIRNIR | 8, 10:35 | 16 |
| HRÚTURINN HREINN | 5:50 | L |
| KINGSMAN | 10:30 | 16 |


## Undirskriftalisti gegn Kanye West

Kanye West er vinsamlegast beðinn um að halda sig frá Glastonbury-hátíðinni sem fram fer í Bretlandi í lok júní. Krafan kemur frá um tuttugu þúsund manns sem skráð sig hafa á undirskriftarlista gegn komu kauða. Sé horft á heildarsamhengið er um að ræða tæplega fimmtán prósent allra þeirra sem keypt hafa miða á hátíðina.


**WEST PYKIR VERSTUR** „Haltu þig heima“ segja Glastonbury-farar.

Hefur fólk hreinlega sagst ætla að skila miðunum sínum verði hann ekki afturkallaður úr hópi listamanna.

Þykir mörgum hann ekki eiga heima á sviðinu og kalla eftir rokkhljómsveit í hans stað. Talið er að framkoma hans undanfarið eigi hér stærstan hluta í máli, en hann hefur farið stórum í yfirlýsingum á eigin ágæti og lagt tilveru sína að jöfnu við tilveru Jesú Krists.

## Öflugri útflutningsvara en þorskur

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



**FÁIR ÍSLENDINGAR** hafa staðið frammi fyrir öðru eins verkefni og Of Monsters and Men gerir í dag. Það er stundum talað um að plata númer tvö sé sú erfiðasta. Það þarf að standast væntingar án þess að hjakka í sama farinu, heilla nýjan hóp hlustenda án þess að styggja þann gamla, og í tilviki þeirra: Standast himinháar væntingar alþjóðlegs útgáfufyrirtækis eftir að hafa selt tvær milljónir eintaka af fyrstu plötunni.

**SUMUM** finnst vinna ekki vera raunveruleg nema ef það er hægt að veiða hana upp úr sjó, nætursalta og senda til Spánar. Og við erum alltaf að heyra um útflutningsfyrirtæki og viðskiptajöfra sem hóta því að fara úr landi, gera upp í evrum, stofna dótturfélög erlendis eða skjóta undan hagnaði í erlend skattaskjól.

**OF MONSTERS AND MEN** gerir út frá Garðabæ og markhópurinn dreifist um allan heim. Landkynningin sem felst í því að eiga hóp sendiherra sem ferðast um heiminn og spilar tónlist er ómetanleg. Þetta er utanríkisþjónusta sem við fáum frítt.

**OF** Monsters and Men tók plötuna sína upp í Mosfellsbæ. Platan verður gefin út um allan heim af alþjóðlegum útgáfurisa en þrátt fyrir það er útgáfan hér heima á vegum Record Records, sem var stofnað af trommuleikara í Hafnarfirði.

**PEGAR** kom að því að gefa fyrsta lagið út, lag sem aðdáendur hljómsveitarinnar um allan heim biðu í ofvæni eftir, var Siggi Sigurjóns fenginn til að leika í sérstöku textamyndbandi sem hefur verið streymt milljón sinnum á YouTube. Barnaspítali Hringsins hefur notið góðs af farsæld Of Monsters and Men. Rétt eins og íslenskir hljóðfæraleikarar sem hafa ferðast um heiminn með þeim ásamt hljóðmönnum og öðrum tæknimönnum. Ég gæti haldið áfram.

**EF** Of Monsters and Men er ekki þegar orðin stærsta hljómsveit Íslandssögunnar þá verður hún orðin það í lok árs. Og þegar það gerist, þá verður tónlist hljómsveitarinnar öflugri útflutningsvara en þorskur.

# Hannar klassíska fatalínu fyrir verslunina Sautján

**Trendnetbloggarinn Elísabet Gunnarsdóttir hefur hannað fatalínu undir merki MOSS fyrir tískuverslunina Sautján sem kemur í verslanir á föstudag. Er þetta í fyrsta sinn sem bloggari hannar fatalínu hérlendis.**

Elísabet Gunnarsdóttir, tískubloggari á Trendnet, hefur fyrst íslenskra bloggara hannað fatalínu í samstarfi við NTC. „Þau leituðu til mín fyrir ári og báðu mig að gera línu. Ég var nú ekki alveg tilbúin í þetta fyrst, þar sem ég er alls enginn fatahönnuður, en ákvað svo að slá til,“ segir Elísabet.

Hún ákvað frá upphafi að línan skyldi innihalda klassískar flíkur sem virka alltaf í fataskápnum. „Það var aldrei ætlunin að finna upp hjólið. Ég var með mínar hugmyndir sem ég vann svo með fatahönnuði hjá NTC.“ Línan samanstendur af tólf flíkum; kápum, skyrtum, bolum, leðurbuxum og bikerjakka. „Í gegnum árin hef ég impráð á því við lesendur mína að „basic sé best“ og það hefur alltaf verið mitt mottó. Ætli setningin lýsi ekki línunni best,“ segir Elísabet og bætir við; „Lesendur bloggsins míns hafa alltaf verið duglegir að senda mér póst með fyrirspurnum varðandi outfit, þannig að ætli lesendurnir séu ekki minn helsti innblástur fyrir línuna.“

Hugmyndavinnan byrjaði fyrir ári og segir Elísabet að línan hafi tekið miklum breytingum síðan þá. Elísabet starfaði hjá NTC í mörg ár og var því gaman fyrir hana að taka þátt. „Ég ber mjög sterkar taugar til fyrirtækisins og því fannst mér mjög gaman að koma inn og vinna með þeim aftur á annan hátt. Þetta er búið að vera langt en mjög skemmtilegt ferli.“

Erlendis er algengt að fyrirtæki fái tískubloggara með sér í lið til þess að hanna fatnað eða fylgihluti, en þetta er líklega í fyrsta sinn sem íslenskur bloggari hannar fyrir verslun. „Það eru mörg fordæmi fyrir þessu úti í heimi og gaman að við Íslendingar séum að taka þátt. Ég hef búið lengi erlendis en er alltaf að sjá betur og betur hvað Íslendingar eru framarlega og duglegir í tísku- og bloggheiminum.“ Að auki hannaði Elísabet taupoka sem seldir verða í Sautján og rennur allur ágóði af þeim til Krabbameinsfélagsins. Línan er væntanleg í verslun Sautján í Kringlunni á föstudag klukkan 12.


**ELISABET GUNNARS BY MOSS** Hluti af línunni.

adda@frettabladid.is

> „Það eru mörg fordæmi fyrir þessu úti í heimi og gaman að við Íslendingar séum að taka þátt. Ég hef búið lengi erlendis en er alltaf að sjá betur og betur hvað Íslendingar eru framarlega og erum dugleg í tísku- og bloggheiminum.


**SPENNT** Elísabet er spennt að kynna nýju línuna sína, Elísabet Gunnars by MOSS.
MYND/SAGA SIG.





BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Óli prik ........ 18.00
Trend beacons ........ 20.00
What we do in the shadows 20.00
Wild tales ........ 22.00
Whiplash ........ 22.00

ÞÝSKIR DAGAR:
The chambermaid Lynn ..... 18.00
West ........ 20.00
The dark valley ........ 22.10









**Síðustu sýningar á Eddunni á þessu leikári í Gamla Bíói**

Sýningin er dásamleg, fjörug og fyndin og meðleikarar Eddu fara á kostum, Gunnar Hansson og Bergþór Pálsson.

Við þökkum fyrir að eiga þennan gimstein: Edduna okkar!

**Maria Sigurðardóttir**

| NÆSTU SÝNINGAR | | |
|---|---|---|
| | 19. MARS **Örfá sæti laus** | 4. APRÍL |
| | 26. MARS **Örfá sæti laus** | 9. APRÍL |
| | 1. APRÍL | 11. APRÍL |
| | 2. APRÍL | |

Miðasala: **midi.is** í síma 563 4000 ▪ hópasala í síma 786 3060 ▪ Miðasala er opin í Gamla bíó frá 15-18 virka daga og 15-20 sýningardaga

Eddan fer til Akureyrar og sýnir í Menningarhúsinu Hofi 29. og 30. maí ▪ Miðasala á menningarhus.is og í síma 450 1000

## Töskurnar skiluðu sér ekki

**HANDBOLTI** Ísland mætir Sviss í tveimur æfingaleikjum ytra næstu dagana, þeim fyrri í dag. Liðið er að búa sig undir erfiða leiki gegn Svartfjallalandi í júní en í húfi er sæti í lokakeppni HM 2015.

Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari íslenska landsliðsins, sagði að það færi vel um alla ytra þrátt fyrir erfitt ferðalag.

„Það var mikil seinkun á fluginu frá Íslandi vegna enn einnar lægðarinnar og farangurinn skilaði sér ekki í tengiflugið. En við fengum hann í [gær]nótt,“ sagði Ágúst í viðtali á heimasíðu HSÍ. „Við gátum því æft hér í morgun og eru allir leikmenn í mjög góðu standi. Allir eru heilir heilsu og að spila mikið með sínum liðum.“

Síðari æfingaleikurinn fer fram á laugardag. - esá



## Arnar Þór látinn fara frá Cercle

**FÓTBOLTI** Arnar Þór Viðarsson var í gær látinn fara sem knattspyrnustjóri belgíska úrvalsdeildarfélagsins Cercle Brugge í gær. Hinn 51 árs Dennis Van Wijk tekur við starfi hans og stýrir liðinu til loka tímabilsins.

Arnar Þór tók við liðinu í erfiðri stöðu í október og var nálægt því að tryggja liðinu öruggt sæti í deildinni. Hann hefði þurft sigur í lokaumferð deildarkeppninnar um helgina en lið hans tapaði fyrir Mechelen, 3-2, eftir að hafa verið 2-0 yfir þegar 89 mínútur voru liðnar af leiknum.

Úrslitin þýða að Cercle Brugge endaði í næstneðsta sæti og þarf að spila við botnlið Lierse í umspili um hvort liðið haldi sæti sínu í efstu deild. Cercle Brugge hefur aðeins fengið eitt stig af 24 mögulegum í síðustu átta leikjum liðsins og því var ákveðið að skipta um mann í brúnni núna.

Arnar kom til Cercle Brugge sem leikmaður fyrir sjö árum og var honum þökkuð þjónustan við félagið. Hann er aðeins 37 ára gamall og var aðstoðarþjálfari Lorenzo Staelens áður en honum var sagt upp í haust.

Arnar Þór baðst undan viðtali við Fréttablaðið þegar eftir því var leitað í gær. - esá



**ARNAR ÞÓR** Einn yngsti knattspyrnustjóri í evrópsku úrvalsdeildarliði sem Ísland hefur átt. Hann er reynslunni ríkari eftir dvölina hjá Cercle. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SÓPARAR** Brynjar Þór Björnsson, fyrirliði KR-liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRDÍS INGA

## Þrettán í röð

**KÖRFUBOLTI** Íslands- og deildarmeistarar KR-inga hefja titilvörnina í kvöld þegar liðið tekur á móti Grindavík í DHL-höllinni en KR-ingar hafa ekki tapað leik í átta liða úrslitunum í sjö ár. KR-liðið hefur sópað liðum út úr átta liða úrslitunum undanfarin sex ár og unnið alls þrettán síðustu leiki sína í fyrstu umferð úrslitakeppninnar.

Síðasta liðið til að vinna leik á móti KR í átta liða úrslitum og jafnframt slá Vesturbæjarliðið út var ÍR sem vann oddaleik liðanna 3. apríl 2008. - óój

## Vinna á víxl

**KÖRFUBOLTI** KR og Grindavík hefja einvígi sitt í kvöld í beinni á Stöð 2 Sport. Þetta er í áttunda skiptið sem félögin mætast í úrslitakeppni karla og hingað til hafa þau skipst á að slá hvort annað út. KR vann 3-1 sigur á Grindavík í lokaúrslitunum í fyrra og samkvæmt hefðinni ættu Grindvíkingar að hefna í átta liða úrslitunum í ár. - óój

**EINVÍGI KR OG GRINDAVÍKUR:**

| | |
|---|---|
| Undanúrslit 1990: | KR vann 2-0, |
| 8 liða 1999: | Grindavík vann 2-0 |
| Lokaúrslit 2000: | KR vann 3-1 |
| 8 liða 2004: | Grindavík vann 2-1 |
| Lokaúrslit 2009: | KR vann 3-2 |
| Undanúrslit 2013: | Grindavík vann 3-1 |
| Lokaúrslit 2014: | KR vann 3-1 |
| 8 liða 2015: | ??? |



**REYNSLA** Teitur Örlygsson og Friðrik Ingi Rúnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fyrsti án Teits á móti Teiti?

**KÖRFUBOLTI** Einvígi Njarðvíkur og Stjörnunnar hefst í kvöld í Ljónagryfjunni. Teitur Örlygsson, aðstoðarþjálfari Njarðvíkur í dag, er fyrrverandi þjálfari Stjörnuliðsins og eini þjálfarinn í sögu félagsins til þessa sem hefur stýrt liðinu til sigurs í leik í úrslitakeppni. Stjarnan fór í úrslitakeppnina öll sex tímabil Teits með liðið og vann Stjörnuliðið þá 21 af 41 leik sínum. Fyrsti sigur Stjörnunnar í úrslitakeppni án Teits Örlygssonar gæti því komið í leik á móti Teiti. - óój



**LÁTIÐ BIKARINN Í FRIÐI** Brynjar Þór Björnsson, leikmaður Íslandsmeistara KR, ætlar ekki að sleppa bikarnum í greipar hinna liðanna í Dominos-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Efstu liðin mætast í úrslitum

Úrslitakeppnin í Dominos-deild karla í körfubolta hefst í kvöld. Öll einvígin að þessu sinni eru mjög spennandi og má búast við æsingi. Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, spáir í spilin fyrir Fréttablaðið.

**KÖRFUBOLTI** Einn af vorboðum hvers árs er úrslitakeppnin í körfuboltanum hér heima, en í kvöld fara átta liða úrslitin af stað hjá körlunum. Efsta liðið KR tekur á móti Grindavík sem hafnaði í áttunda sæti og þá eigast við Njarðvík og Stjarnan sem enduðu í fjórða og fimmta sæti.

Spennan fyrir átta liða úrslitin er meiri en oft áður þar sem erfitt er að ráða í úrslitin, meira að segja viðureign efsta liðsins og liðsins sem hafnaði í áttunda sæti. Þar spila inn í meiðsli Pavels Ermolinskij. Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, er sérfræðingur Fréttablaðsins fyrir átta liða úrslitin og spáir í spilin.

### Pavel truflar Grindavík

„Sigurhlutfallið milli KR og Grindavíkur er nokkuð jafnt undanfarin ár og þessi lið spila vanalega mjög skemmtilegar seríur á móti hvort öðru,“ segir Ingi Þór um viðureign KR (1) og Grindavíkur (8).

„KR-ingar eru bara þannig stemmdir að þeir ætla að verða meistarar. Þeir mega samt ekkert við því að fara í fimm leikja seríu,“ bætir Ingi Þór við. Stóra spurningarmerkið hjá KR er hversu mikið Pavel getur beitt sér, en hann missti af lokasprettinum vegna meiðsla sem hann varð fyrir í bikarúrslitaleiknum.

„Það er klárt að Pavel spilar ekki fyrstu leikina en það truflar Grindavík meira en KR. KR-ingar vita alveg hvenær hann mun spila en ekki Grindvíkingar. Þeir gætu verið meira að spá í því. KR er líka með alveg nógu góðan mannskap til að vinna án Pavels. Ef Brynjar Þór fær að spila sína stöðu en þeir í fínum málum. Svo er KR líka sterkara varnarlið,“ segir Ingi Þór sem spáir KR 3-1 sigri.

**HVERNIG ENDA EINVÍGIN FJÖGUR?**
**í átta liða úrslitum Dominos-deild karla í körfubolta**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells | 3 - 1 | 3 - 1 | 3 - 1 | 2 - 3 |
| Sveinbjörn Claessen, leikmaður ÍR | 3 - 2 | 3 - 0 | 3 - 1 | 3 - 1 |
| Finnur Jónsson, þjálfari Skallagríms | 3 - 2 | 3 - 1 | 1 - 3 | 2 - 3 |
| Hjalti Þór Vilhjálmsson, þjálfari Fjölnis | 3 - 2 | 3 - 1 | 3 - 1 | 2 - 3 |
| Pálmi Freyr Sigurgeirsson, leikmaður Snæfells | 3 - 1 | 3 - 2 | 3 - 2 | 2 - 3 |
| Viðar Örn Hafsteinsson, þjálfari Hattar | 3 - 1 | 3 - 0 | 3 - 2 | 3 - 1 |
| Magnús Þór Gunnarsson, leikmaður Skallagríms | 2 - 3 | 3 - 0 | 1 - 3 | 3 - 0 |
| SAMANTEKT Á SPÁNUM | 6/7 | 7/7 | 5/7 | 4/7 |

### Stólarnir sterkari

Nýliðar Tindastóls (2) mæta lærisveinum Benedikts Guðmundssonar úr Þór Þorlákshöfn (7) í annarri athyglisverðri rimmu.

„Tindastóll er líkamlega sterkt lið sem þarf að ná fram sínum leik í seríunni til að vinna. Þórsararnir geta samt unnið alla á hvaða degi sem er. Þeir geta reyndar líka tapað illa eins og fyrir KR um daginn,“ segir Ingi Þór.

Hann bendir á að heimavöllurinn hafi verið sterkur fyrir Stólana (10-1) en Þórsarar vinni varla á útivelli (3-8). „Heimavöllurinn verður klárlega sterkur fyrir Stólana áfram og svo mun liðið vinna baráttuna undir körfunni. Þess vegna held ég að Tindastóll vinni þetta einvígi, 3-1.“

### Passa upp á jafnvægið

Haukarnir fengu skell í úrslitakeppninni í fyrra. Þrátt fyrir þrjá spennandi leiki voru þeir sendir í sumarfrí með 3-0 sópi af hálfu Njarðvíkur. Nú mæta Haukar (3) níföldum Íslandsmeisturum Keflavíkur (6).

„Haukar eru í sama gír núna og í byrjun tímabilsins en þeir tóku rosalega dýfu um mitt mót. Þeir virðast vera búnir að laga það sem var að og koma stemmdir með mikið sjálfstraust inn í úrslitakeppnina,“ segir Ingi Þór, en hvað þurfa Haukarnir að gera til að komast í undanúrslitin?

„Þeir þurfa að passa upp á jafnvægið. Þeir eru með mikinn styrk í Alex Francis undir körfunni en Emil Barja þarf að stýra þessu rétt og Kári Jónsson og Haukur Óskarsson að vera heitir fyrir utan. Þeir þurfa framlag frá liðsheildinni,“ segir Ingi, en hvernig fer Keflavík að því að fella Haukana?

„Keflvíkingar eru með sterka bakverði og Damon Johnson sem er reynslumikill. Ef Keflvíkingar ná upp grimmdinni og ná að berja Haukana frá körfunni geta þeir stolið þessari seríu en ég spái Haukum 3-1 sigri.“

### Shouse elskar úrslitakeppnina

Viðureign Njarðvíkur (4) og Stjörnunnar (5) ætti að vera mjög spennandi og Ingi Þór er því sammála.

„Þetta verður gríðarlega jafnt einvígi. Bæði lið eru mikil bakvarðalið; Stjarnan með Justin og Dag Kár en Njarðvík með Bonneau-bombuna og Loga Gunnars. Þetta eru rosalega skemmtileg tvíeyki,“ segir hann. Bakvarðatvíeykin ættu að „núlla“ hvort annað út og því fellur það í skaut annarra leikmanna liðanna að standa sig.

„Leikmennirnir í aukahlutverkunum skipta miklu máli í þessu einvígi. Verður það einhver ungur strákur úr Njarðvík sem tekur á sig rögg eða taka stóru strákarnir völdin í liðunum? Og hvernig ætlar Stjarnan að stöðva heitasta sóknarmann deildarinnar sem er Bonneau?

Justin Shouse er líka rosalegur í úrslitakeppninni. Hann elskar þetta umhverfi og spilar alltaf best í stóru leikjunum. Þetta er mjög spennandi en ég spái 3-2 sigri Stjörnunnar,“ segir Ingi Þór.

Spurður að lokum hvaða lið fari alla leið svarar Ingi Þór: „KR og Tindastóll vinna í undanúrslitum og mætast í úrslitarimmunni. Þetta eru bestu liðin.“

ooj@frettabladid.is, tomas@365.is



LM
LEIGUMARKAÐUR BYKO

LEIGJUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR

Nánari upplýsingar í síma 515 4020 eða á www.BYKO.is



BORÐ OG STÓLAR

Vnr. 41100108
Matar- og kaffistell fyrir fjóra, alls 20 stk.
5.955kr.



OFURTILBOÐ
Vnr. 41749052
Bökunarform, 3. stk.
3.695kr.
Almennt verð: 4.995 kr.

# ENDALAUSIR MÖGULEIKAR



NÝTT BLAÐ Á BYKO.IS



Vnr. 86620040-3737
KÓPAL glitra innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 l.
5.965kr.



Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla og bakki, 25 cm.
995kr.



Harris®
Vnr. 83001994
HARRIS Extra Plus penslasett, 3 penslar.
695kr.



Vnr. 10706002/5
BESTTER hæglokandi salernisseta með stálfestingum.
8.595kr.



Krono Original

Vnr. 0113448
KRONO ORIGINAL harðparket, Elegant eik, 192x1285x8 mm.
2.180kr./m²



STEIRER PARKETT

Vnr. 0113722
STEIRER viðarparket , eik Country, þriggja stafa, 182x2200x14 mm.
4.935kr./m²



ÁN SETU
Armatura
Vnr. 13001460
ARMATURA salerni.
Með stút í gólf, án setu.
22.995kr.



Neptum SANITARY WARES
Vnr. 10705035
NEPTUM sturtuklefi, 90x90x205 cm.
Sturtubotn fylgir.
Blöndunartæki fylgir ekki.
78.995kr.




## KAUPAUKI

Parketlögn, frábær kennslubók og DVD diskur þar sem Gulli Helga sýnir öll réttu handbrögðin við lagningu og frágang parkets, fylgir með keyptu parketi.



NÝ VARA
Vnr. 18088000/5
BRILLO veggflísar, hvítar eða svartar, 7,5x15 cm.
3.995kr./m²

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Ábyrgðarmaður: Árni Reynir Alfredsson. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Hönnun og umbrot: VERT-markaðsstofa

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl. 20.10**
**Matargleði Evu**
Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu á að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Í hverjum þætti verður sérstakt þema tekið fyrir og verður farið um víðan völl í matargerðinni.

## Í KVÖLD



### THE MENTALIST
**STÖÐ 2 KL. 20.35** Sjöunda þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.



### ALLY MCBEAL
**GULL KL. 20.45** Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.



### TWO AND A HALF MEN
**STÖÐ 2 KL. 19.45** Í þessari elleftu syrpu hinna geysivinsælu gamanþátta Two and a Half Men fylgjumst við áfram með þeim Alan, Jack og Walden, milljónamæringnum sem kom óvænt inn í líf feðganna.

**Bylgjan kl. 19.15**
**Erna Hrönn**
Erna Hrönn og góð tónlist á Bylgjunni.








## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** The Middle
**08.35** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Make Me a Millionaire Inventor
**11.45** Cougar Town
**12.05** Enlightened
**12.35** Nágrannar
**13.00** Just Go with It
**14.50** The O.C.
**15.35** iCarly
**16.00** Impractical Jokers
**16.25** Up All Night
**16.45** Raising Hope
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.45** Two and a Half Men
**20.10** Matargleði Evu
**20.35** The Mentalist
**21.20** The Blacklist
**22.05** The Following
**22.50** Person of Interest
**23.35** Rizzoli & Isles
**00.20** Better Call Saul
**01.15** Banshee
**02.10** NCIS. New Orleans
**02.55** Louie
**03.15** The Cold Light of Day
**04.45** Just Go with It

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Meistarad. - Meistaramörk
**07.30** Barcelona - Man. City
**09.10** Dortmund - Juventus
**10.50** Meistarad. - Meistaramörk
**13.15** Lübbecke - Kiel
**14.35** Dortmund - Juventus
**16.15** Barcelona - Man. City
**17.55** Meistarad. - Meistaramörk
**18.25** Samantekt og spjall
**19.00** KR - Grindavík BEINT
**21.00** Lübbecke - Kiel
**22.20** Samantekt og spjall
**22.55** Dynamo Kiev - Everton
**00.35** Internazionale - Wolfsburg

## SPORT 2 *enski boltinn*

**13.20** Sunderland - Aston Villa
**15.05** WBA - Stoke
**16.55** Football League Show
**17.25** Premier League Review
**18.20** Swansea - Liverpool
**20.00** Premier League World
**20.30** Burnley - Man. City
**22.10** Messan
**23.25** Arsenal - West Ham
**01.10** Premier League World

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**19.00** Community
**19.25** Last Man Standing
**19.45** Hot in Cleveland
**20.10** Supernatural
**20.55** True Blood
**21.55** Community
**22.20** Last Man Standing
**22.45** Hot in Cleveland
**23.05** Supernatural
**23.50** True Blood
**00.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.25** Lukku-Láki **07.47** Tommi og Jenni **07.53** Leyndarmál vísindanna **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Latibær **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Kalli á þakinu **10.47** Ævintýraferðin **11.25** Lukku-Láki **11.47** Tommi og Jenni **11.53** Leyndarmál vísindanna **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Latibær **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Kalli á þakinu **14.47** Ævintýraferðin **15.25** Lukku-Láki **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Leyndarmál vísindanna **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Latibær **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Kalli á þakinu **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Igor **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.45** Friends
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**20.00** Two and a Half Men
**20.20** 1600 Penn
**20.45** Ally McBeal
**21.30** Vice
**22.00** Game of Thrones
**22.55** Prime Suspect 5
**00.40** 1600 Penn
**01.00** Ally McBeal
**01.45** Vice
**02.10** Game of Thrones
**03.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.10** Joyful Noise
**14.05** The Big Wedding
**15.35** Robot and Frank
**17.05** Joyful Noise
**19.00** The Big Wedding
**20.30** Robot and Frank
**22.00** Runner, Runner
**23.35** Brake
**01.10** The Devil's Double
**03.00** Runner, Runner

## HRINGBRAUT

**11.00** Mannamál **11.30** Heimsljós **12.00** Mannamál **12.30** Heimsljós **13.00** Mannamál **13.30** Heimsljós **14.00** Mannamál **14.30** Heimsljós **17.00** Mannamál **17.30** Heimsljós **18.00** Mannamál **18.30** Heimsljós **19.00** Mannamál **19.30** Heimsljós **20.00** Mannamál **20.30** Heimsljós **21.00** Þjóðbraut **22.00** Þjóðbraut **23.00** Þjóðbraut

## RÚV

**16.30** Matador
**17.20** Stundin okkar
**17.45** Kungfú Panda
**18.07** Nína Pataló
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Dýralæknaskólinn Átta metnaðarfullum dýralæknanemum er fylgt eftir í breskri heimildarþáttaröð.
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**19.55** Fljótlegt og ferskt með Lorraine Pascale Listakokkurinn Lorraine Pascale kennir áhorfendum ýmis ráð til að stytta sér leið í heilsusamlegri eldamennsku og ljóstrar í leiðinni upp nokkrum vel varðveittum eldhúsleyndarmálum.
**20.25** Ættartréð
**20.55** Handboltalið Íslands
**21.10** Fortitude Glænýr spennumyndaflokkur sem tekinn er hér á landi. Hrottalegur glæpur skekur þorpssamfélagið sem þekkt er fyrir friðsemd og nánd íbúanna.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Íslenski boltinn
**23.20** Heiðvirða konan
**00.15** Kastljós
**00.35** Fréttir
**00.50** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.50** Cheers
**15.15** Parenthood
**15.55** Minute To Win It
**16.40** The Biggest Loser – Ísland
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** The Millers
**20.10** Svali & Svavar
**20.45** Benched
**21.05** Madam Secretary
**21.50** Blue Bloods
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Scandal Scandal-þáttaraðirnar eru byggðar á starfi hinnar bandarísku Judy Smith, almannatengslaráðgjafa, sem starfaði meðal annars fyrir Monicu Lewinsky.
**00.00** How to Get Away with Murder
**00.45** Madam Secretary
**01.30** Blue Bloods
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.05** PGA Tour 2015
**12.25** Golfing World 2015
**13.15** PGA Tour 2015
**17.35** Inside the PGA Tour 2015
**18.00** PGA Tour 2015
**22.00** Golfing World 2015
**22.50** PGA Tour 2015 – Highlights
**23.45** Inside the PGA Tour 2015

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

**KFC® kynnir endurkomu ársins:**

# BBQ Meltz

**á næsta KFC® veitingastað!**

PIPAR\TBWA • SÍA • 150705

1.079 kr.



1.849 kr.




## BOX

**BBQ-Meltz, 3 Hot Wings, franskar, gos og Lindu kaffisúkkulaði**

KFC

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI

WWW.KFC.IS

## BESTI SKYNDIBITINN



**„Ég er sjúklega lítið fyrir skyndibita en Tower Zinger BBQ-borgarinn á KFC er algjört mega! Ég fæ mér svoleiðis nokkrum sinnum á ári.“**

Gestný Rós Guðrúnardóttir, múmínsafnari með meiru.

# Ætlaði alltaf að verða búðarkona

Rakel Hlín Bergsdóttir hefur rekið vefverslunina Snúruna í rúmlega ár heiman frá.

„Það var þrennt sem ég ætlaði að gera þegar ég var lítil. Ég ætlaði alltaf að verða búðarkona, fegurðardrottning og ekki gifta mig. Ég er gift og með fjögur börn þannig að ég ætla að láta þann draum að verða búðarkona rætast, “ segir Rakel Hlín Bergsdóttir, eigandi verslunarinnar Snúrunnar, hlæjandi.

Í dag verður opnuð verslunin Snúran í húsnæði í Síðumúla en Snúran hefur fram til þessa einungis verið vefverslun. „Þetta var orðið svo rosalega mikið að ég var alveg búin að sprengja utan af mér allt hérna heima,“ segir Rakel um ástæður þess að hún ákvað að opna verslunina. „Þótt fólk sé mikið að panta á netinu þá er stór hópur sem vill fá að skoða vöruna.“

Snúruna opnaði Rakel fyrir rúmu ári og hafa viðtökurnar verið vonum framar. „Ég ætlaði bara að vera í námi og skráði mig í master í fjarnámi. Ég hef ekki geta gert neitt í því, þetta er bara búin að vera full vinna síðan ég byrjaði,“ segir hún og hlær.

Vöruúrval verslunarinnar mun óhjákvæmilega stækka í kjölfar stærra rýmis.

„Ég er búin að bæta við mig svolítið af stærri húsgögnum, stólum, gólfmottum og borðum.“ En verslunin selur meðal annars vörur frá merkjunum Pia Wallén, Herman Cph og íslenska hönnun frá Pyro Pets og Finnsdóttur.

Í tilefni af opnuninni verður opnunarteiti í nýjum húskynnum Snúrunnar að Síðumúla 21 klukkan fimm.

- gló



**ALLT Á FULLU** Snúran verður opnuð í Síðumúla í dag og það er allt að verða tilbúið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR








**BLYSIN Í BREKKUNNI** Um 15.000 manns munu hlýða á sveitirnar um verslunarmannahelgina.

# AmabAdamA og FM Belfast spila í Eyjum

AmabAdamA og FM Belfast eru fyrstu hljómsveitirnar sem staðfest er að spili á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Flestir meðlimir munu sjá sína fyrstu Þjóðhátíð nú.

Reggístórsveitin AmabAdamA og stuðbandið FM Belfast munu koma fram á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í sumar. Sveitirnar eru tvær þær fyrstu sem tilkynnt er að spili á hátíðinni.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég fer á Þjóðhátíð og meira að segja í fyrsta sinn sem ég fer til Eyja,“ segir Steinunn Jónsdóttir en hún syngur í AmabAdamA ásamt Gnúsa Yones, barnsföður sínum, og Sölku Sól Eyfeld.

AmabAdamA gaf í fyrra út plötuna Heyrðu mig nú sem var ein vinsælasta plata ársins. Óhætt er síðan að fullyrða að lagið Hossa hossa hafi verið sumarsmellur ársins í fyrra en lagið tróndi svo vikum skipti efst á vinsældalistum útvarpsstöðva.

„Þetta hefur legið aðeins í loftinu og dálítið síðan þessari hugmynd var fyrst velt upp,“ segir Steinunn spurð um það hvort það hafi legið lengi fyrir að þau spili í Eyjum. „En við fengum þetta ekki staðfest fyrr en í gær.“

Meðlimir hljómsveitarinnar eru alls níu og Steinunn segir að líklegast sé að þau muni sigla með Herjólfi til Eyja. „Ég held ég ljúgi engu þegar ég segi að ekkert okkar hafi komið á Þjóðhátíð áður. Mögulega gæti trommarinn hafa spilað þar einu sinni.“

„Ég er spenntastur fyrir hvítu tjöldunum,“ segir Árni Vilhjálmsson, einn söngvara FM Belfast. „Ég er með konu á námskeiði sem segir að ég verði að skoða hvítu tjöldin og smakka matinn þar. Þetta verður smá matartúrismaferð hjá mér.“

Árni hefur einu sinni komið til Vestmannaeyja en þá var hann tólf ára. Hann hefur aldrei komið á Þjóðhátíð og heldur að það sama gildi um aðra meðlimi.

Allir sem hafa farið á tónleika með FM Belfast vita að þar er rífandi stemning og enginn sem ekki dansar. Árni vonar að sú stemning skili sér í brekkuna.

„Við ætlum ekkert að draga úr okkar boðskap. Það væri ákjósanlegast ef Eyjamenn tækju sig til og myndu æfa sig að vera á FM Belfast-tónleikum fram að hátíðinni,“ segir hann. „Hver veit, kannski sjáum við 15.000 manns hlaupa um Herjólfsdal á brókinni einni klæða.“

Forsala Þjóðhátíðarmiða hefst 9. apríl næstkomandi á dalurinn.is.

johannoli@frettabladid.is



**SUMARBAND** Reggíið frá AmabAdamA getur breytt óveðri í sólskin.



**Á BRÓKINNI** Árni á sviði á Iceland Airwaves síðasta haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# A4

## VIÐ HÖFUM OPNAÐ

# NÝJA VERSLUN Í KRINGLUNNI

**25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HANNYRÐA- OG FÖNDURVÖRUM***

## SÚPERTILBOÐ**



Léttlopadokkan
**199 kr.**
Verð áður 286 kr.



Valdar Samsonite ferðatöskur
**9.990 kr.**
Takmarkað magn



Tækifæriskort
**9 kr.**

*Afslátturinn gildir 19. – 23. mars eða meðan birgðir endast, í öllum verslunum. Gildir ekki með öðrum tilboðum. **Súpertilboð gilda aðeins í Kringlunni.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** og **Pinterest.com/A4fondur**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 15-0545

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spilverk mætir á svið með Diddú

Spilverk þjóðanna mun mæta í heild sinni á afmælistónleika **Diddúar, Sigrúnar Hjálmtýsdóttur**, sem fara fram í haust. Þá fer Diddú yfir 40 ára söngferil sinn. Spilverkið mun mæta í heild sinni, einnig Sigurður Bjóla sem hefur ekki komið fram á tónleikum í um tvo áratugi. Auk Sigurðar og Diddúar voru þeir Valgeir Guðjónsson og Egill Ólafsson í sveitinni, sem varð til í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Á tónleikunum mun Diddú syngja klassísk lög jafnt sem popplög, en þeir verða í september og hefst miðasala í lok vikunnar.



- kak

### 30 sekúndum frá sögulegum hefndum

Eve Fanfest-hátíðin hefst í dag með pompi og prakt í Hörpu. Metfjöldi er skráður á hátíðina í ár.

Í fyrradag átti sér hins vegar stað atburður sem hefði getað friðað þjóðarsálina. Starfsmenn CCP öttu kappi við spilara EVE online í knattspyrnuleik. Hilmar Pétursson framkvæmdastjóri tók ekki þátt í leiknum enda eflaust í mörg horn að líta rétt fyrir hátíðina. Hins vegar vann CCP viðureignina 14-3. Eve-spilararnir skoruðu þegar um þrjátíu sekúndur voru eftir og var þar danskur leikmaður að verki. Ljóst þykir þeim sem horfðu á leikinn að sá danski hafi lagt sig í líma við að tapa ekki leiknum 14-2 og þar með komið í veg fyrir sögulegar hefndir.



- sa

## Mest lesið vísir

1. Ákærð fyrir tugmilljóna skattsvik: Segir að skatturinn hafi „spilað með“
2. Geir á heimleið eftir 17 ár í fangelsi: Vill hjálpa öðrum sem leiðst hafa út á ranga braut
3. Íslendingar sólgnastir allra í Zinzino Balance Shake
4. Segir fyrrum eiginmann rústa mannorði sínu með lygum
5. Fengu greitt fyrir að lofa upp í ermina





